









# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
15. ágúst 2015
190. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## ÆTLAR EKKI AÐ BÍÐA EFTIR KRAFTAVERKI

**Jóhanna María Sigmundsdóttir** hefur talað fyrir lögleiðingu staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni á þingi. Hún fékk að vita fyrir fjórum árum að hún muni aldrei geta gengið sjálf með barn og segir undarlegt að fólk í hennar stöðu fái enga hjálp sem rúmist innan laga. ▸ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LANGAÐI OFT AÐ HÆTTA**
Sigrún Geirsdóttir sat föst í sófanum fyrir sjö árum en synti yfir Ermarsund í síðustu viku. ▸ 34







Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG
**10 GB Á 3.990 KR.***

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

**Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is** 365






# FRÉTTIR

## VEÐUR




Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða skúrir á morgun, en bjart með köflum norðaustan til. Hiti 9 til 17 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

SJÁ SÍÐU 52

## GLEÐIFRÉTTIN

### Gerir heimildarmynd um íslenska tónlist



Leandro Cerro, argentínskur kvikmyndagerðarmaður, gerir heimildarmynd um íslenska tónlist. Hann dreymir um að koma heimildarmyndinni á kvikmyndahátíðir um allan heim.

## FIMM Í FRÉTTUM AMNESTY INTERNATIONAL OG ÁLVERÐ



**Ásdís Hrönn Viðarsdóttir**, hefur ítrekað þurft að þola ofsóknir af hendi Erlends Eysteinssonar. Lögreglan á Akureyri hefur viðurkennt klúður í málinu.



**Hörður Helgi Helgason**, formaður Íslandsdeildar Amnesty International, segir umræðuna um tillögu samtakanna um afglæpavæðingu vændis hér á landi hafa verið lítt upplýsta og aðstæður Íslandsdeildarinnar því verið erfiðar, þar sem tillagan var svo samþykkt.



**Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar, segir álverð undanfarið hafa lækkað meira en flestir áttu von á. Það hafi áhrif á afkomu Landsvirkjunar.



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**, formaður Afstöðu, félags fanga, segir mikilvægt að gera föngum á Norðurlandi kleift að ljúka afplánun dóma utan veggja fangelsis. Dæmi eru um að fangar á Akureyri hafni því að ljúka afplánun utan fangelsis.

➜ **Óttari Guðmundssyni** geðlækni kom það ekki á óvart að ný rannsókn bendi til þess að Omega-3 fitusýra geti komið í veg fyrir geðrof og hægt á þróun geðsjúkdóma. Óttar segist lengi hafa trúað á undramátt Omega-3.





**HÁTÍÐ** Bandarískir landgönguliðar drógu fána landsins að húni í gær við opnun sendiráðs Bandaríkjanna á Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

Fáni Bandaríkjanna var dreginn að húni í höfuðborg Kúbu:

# Sendiráð opnað eftir 54 ára lokun

**KÚBA Sendiráð Bandaríkjanna í Havana, höfuðborg Kúbu, var opnað í gær eftir 54 ára lokun. Fáninn var dreginn að húni við hátíðlega athöfn sem John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var viðstaddur.**

**Sendiráð Kúbumanna í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, var opnað í síðasta mánuði. Löndin slitu stjórnmálasambandi í janúar árið 1961 í kjölfar byltingar Fídels Kastró. Að sögn Kerrys verður næsta skref í bættum samskiptum ríkjanna að komast að samkomulagi um afnám viðskiptabanns Bandaríkjanna á Kúbu.** - þea

Ósátt við misræmi úrskurða:

# Isavia unir ekki úrskurðinum

**DÓMSMÁL** Isavia ætlar að höfða mál gegn úrskurðarnefnd upplýsingamála vegna misræmis úrskurða í málum Gleraugnamiðstöðvarinnar og Kaffitárs gegn Isavia. Fyrirtækin vildu fá gögn um forval um aðstöðu í Leifsstöð.

Nefndin ákvað að Isavia bæri að afhenda fyrirtækjunum gögnin en í máli Gleraugnamiðstöðvarinnar voru gögn sem innihéldu viðkvæmar fjármálaupplýsingar undanskilin. Gögn af sama toga þurfti að afhenda Kaffitári og er Isavia ósátt við úrskurðinn. - þea

Hafna tillögu Ólafar Nordal:

# Kirkjan veitir ríki ekki afslátt

**STJÓRNSÝSLA** Kirkjuþing þjóðkirkjunnar hafnaði í gær tillögu Ólafar Nordal innanríkisráðherra sem fór fram á afslátt af kirkjujarðasamkomulaginu. Samkomulagið felur í sér afhendingu kirkjujarða til ríkisins gegn því að ríkið greiði laun 138 presta.

Samkvæmt kirkjunni greiðir ríkið laun 107 presta í dag. „Þjóðkirkjan […] getur ekki lengur sinnt skyldum sínum eða haldið uppi eðlilegri þjónustu með samdrætti, niðurskurði og eignasölu,“ segir í yfirlýsingu kirkjunnar. - þea

# Tónlistarskólarnir í borginni illa staddir

Tónlistarskólar í Reykjavík geta ekki fjármagnað starfsemi sína. Óljóst er hvort skólarnir geta starfað áfram. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri tónlistarskóla. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur stefnt borginni fyrir vangoldin kennslulaun.

**SAMFÉLAG** „Ef það verður ekkert gert í málunum þá er vandséð hvernig tónlistarskólar í Reykjavík geti haldið áfram starfsemi sinni,“ segir Þórunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík.

Tónlistarskólinn í Reykjavík, Tónlistarskóli FÍH, Söngskólinn í Reykjavík og Söngskóli Sigurðar Demetz eru í þeirri alvarlegu stöðu að geta ekki fjármagnað starfsemi sína.

Sumarið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nokkuð hundruð milljóna króna fjárframlag ríkissjóðs til tónlistarmenntunar á framhaldsstigi. „Fjárhæðin átti að ganga upp í kennslukostnað allra framhaldsstigsnemenda á landinu. Fjöldi nemenda hefur þó aukist og ekki var tekið tillit til launahækkana í kjarasamningum. Töluvert vantar því upp á að fjárhæðin dugi,“ segir Þórunn og bætir við að uppsafnaður vandi sé orðinn mikill.

Ágreiningur er nú uppi um hverjum beri að greiða það sem upp á vantar.

Að sögn Þórunnar túlkar ríkið samkomulagið þannig að sveitarfélögum beri að brúa bilið, enda beri þau ábyrgð samkvæmt lögum. Borgin telji hins vegar að samkomulagið aflétti ábyrgð hennar á framhaldsstiginu og neitar að borga.

Síðastliðið vor sátu fulltrúar Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík fund með Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu. Allir voru sammála um að staða tónlistarskólanna væri óásættanleg. „Í vor virtust góðar líkur á að það yrði lagt fram aukið fé til að tryggja rekstur skólanna. Ekkert virðist þó hafa gerst í sumar. Nú er algjör óvissa um hvort skólarnir fái framlög og hvað gerist,“ segir Þórunn.

Skólastjórnendur í Reykjavík eru sannfærðir um að lög kveði á um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla. „Þótt ríkið hafi tekið þá ákvörðun að styðja við nám lengra kominna nemenda breytir það engu um þessa ábyrgð,“ segir Þórunn.

Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur nú stefnt borginni fyrir vangoldin kennslulaun.

„Við erum bara í algjörum vandræðum,“ segir Gunnar Guðbjörnsson, skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz, og bætir við að ástandið sé bagalegt. „Ef peningurinn kemur ekki fljótt þá þurfum við að loka skólanum,“ segir Gunnar. nadine@frettabladid.is



**DÖKKT ÚTLIT** Þórunn segir að tónlistarskólinn í Reykjavík, Tónlistarskóli FÍH, Söngskólinn í Reykjavík og Söngskóli Sigurðar Demetz geti ekki fjármagnað starfsemi sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**„Ef peningurinn kemur ekki fljótt þá þurfum við að loka skólanum.**

*Gunnar Guðbjörnsson, skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz.*




Stjórn málsóknarfélags sendi bréf um erfiðleika við að birta Björgólfi stefnu:

# Vilja ekki taka við stefnunni

**DÓMSMÁL** „[R]eynt hefur verið án árangurs síðastliðnar tvær vikur að birta stefnu í hópmálsókn á hendur Björgólfi Thor fyrir Björgólfi hér á landi,“ segir í bréfi sem stjórn málsóknarfélagsins gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni sendi á félagsmenn í gær.

Félagar saka Björgólf um að hafa komið í veg fyrir að hluthafar fengju upplýsingar um lánveitingar tengdar honum og að hafa brotið gegn reglum um yfirtökuskyldu.

Fréttastofa DV greindi frá málinu á fimmtudag og staðfestir stjórn félagsins þá frétt í bréfinu. Þá segir einnig í bréfinu að reynt hafi verið að fá lögmann Björgólfs, Reimar Pétursson, til að árita stefnuna. „Reimar hafnaði því sem verður að teljast mjög óvanalegt,“ segir í bréfinu.

„Ég tjái mig ekki um mál sem ég er að reka,“ segir Reimar í samtali við Fréttablaðið. Hann segist hafa verið úti á landi og hafa því ekki heyrt fréttir af málinu.

Ef ekki tekst að birta Björgólfi stefnuna verður hún birt í Lögbirtingablaðinu í haust og málið svo þingfest í lok október fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Vissulega yrði það til hægðarauka ef Björgólfur Thor gæfi sig fram eða ef lögmaður hans samþykkti að árita stefnuna en að öðrum kosti verður stefnan birt fyrir Björgólfi í Bretlandi eða í Lögbirtingablaðinu.“ - þea



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**



**„Ég tjái mig ekki um mál sem ég er að reka.**

*Reimar Pétursson, lögmaður Björgólfs Thors.*

# HLAUPADAGAR
## HJÁ NOVA




**Polar M400 GPS sportúr og púlsmælir**
Litir: Svart, hvítt, blátt og bleikt

**22.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **29.990 kr.**




**Polar M400 GPS sportúr**
Litir: Svart og hvítt

**17.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **22.990 kr.**



**Spibelt Performance**
Góður staður fyrir síma og kort

**4.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **6.990 kr.**



**Sol Republik Shadow**
Bluetooth sport heyrnartól

**14.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **18.990 kr.**



**Polar Loop sportarmband**
Litir: Svart og fjólublátt

**12.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **15.990 kr.**

Appaðu þig upp!



**Hressir hlaupafélagar**
Vinsælustu hlaupaöppin hjálpa þér að bæta árangurinn. Hleyptu Strava, Endomondo og Rock my Run í farsímann þinn.

# 2fyrir1

**Eruð þið tilbúin í slaginn?**
Það þarf orku til að ná árangri. Viðskiptavinir Nova fá 2 fyrir 1 á eftirtöldum stöðum: Kitchen & Wine, Satt restaurant, Saffran Express, Lemon og Bunk Bar. Allt í Nova appinu.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

## 8.8.2015 → 14.8.2015

13 KÍLÓ AF **HERÓÍNI** voru haldlögð á sama tíma og íslensk kona var handtekin í Englandi á dögunum.



**110.000 manns** búa í borginni Västerås í Svíþjóð þar sem tveir voru stungnir til bana

**660 nemendur**



eru skráðir í Melaskóla en fyrir tveimur árum voru 560 nemendur í skólanum.

**630 milljónum** króna var eytt í kaup á fötum á netinu í fyrra.

**YFIR 200 SLÖSUÐUST** eftir fall úr hæð



**23.000** ökutæki komu við á Dalvík helgina þegar Fiskidagurinn mikli fór fram.



**46%** kvenna vilja að hægt sé að refsa fyrir sölu á vændi á móti þrjátíu prósentum karla.



**18 PRÓSENT LÆKKUN**



hefur orðið á **heimsmarkaðsverði** á áli frá nóvember 2014.

Vilja loka haturspjallborði:

## Er ósammála Helga Hrafni

**LÖGREGLUMÁL** „Eigum við þá að leyfa síbrotamönnum að halda áfram í glæpum og gera ekki neitt?“ spyr Akeem Cujo, framkvæmdastjóri fjölmenningarsetursins Ísland Panorama Center, Helga Hrafn Gunnarsson alþingismann.



**AKEEM CUJO**

Helgi sagði í samtali við Fréttablaðið að óskynsamlegt væri að loka fyrir hatursáróðursspjallborð þar sem þau myndu bara spretta upp annars staðar.

Akeem er einnig ósammála spjallborðsgesti sem Fréttablaðið talaði við er sagði engan hatursáróður á spjallinu heldur svartan húmor. Akeem segir spjallborðsgesti kynþáttahatara.

- þea

### ÁBENDING

Blaðinu hefur borist ábending um að ranglega sé farið með staðreyndir þar sem vélarbilnun ber á góma í viðtali við smábátasjómanninn Hilmar F. Thorarensen í Fréttablaðinu 8. ágúst.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins þann 8. júní síðastliðinn var haft eftir Páli Björgvin Guðmundssyni, bæjarstjóra Fjarðabyggðar, að um umtalsverðar fjárhæðir væri að ræða varðandi vilyrði Eykon Energy um aðgang að hafnarmannvirkjum Fjarðabyggðar vegna leitar og rannsókna á Drekasvæðinu. Það er rangt. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum.

Ranglega var farið með nafn forstjóra Móbergs ehf. í blaðinu í gær. Hann heitir Skorri Rafn Rafnsson. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum.

# Skoða hvort ESB sé tilbúið að lækka tolla á fiskafurðir

Forsætisráðherra segir aðgerðir Rússa bitna tuttugu sinnum meira á Íslandi en Evrópusambandinu. Utanríkisráðherra hefur þegar haft samband við ESB vegna hugsanlegra tollalækkana á sjávarafurðum.

**UTANRÍKISMÁL** „Miðað við þær tölur sem ég hef séð ef við berum saman áhrif á Ísland annars vegar og Evrópusambandið hins vegar með tilliti til landsframleiðslu þá eru þau tuttugu sinnum meiri fyrir okkur en ESB,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um viðskiptabann Rússlands gagnvart Íslandi. Ríkisstjórnin fundaði vegna málsins í gær.



**DÍMITRÍ MEDVEDEV**

„Þetta eru margar hverjar vörur sem við erum að flytja út en á meðan til dæmis Þjóðverjar flytja enn út ýmiss konar iðnvarning á borð við bíla, verkfæri og fleira.“

Sigmundur átti símafund með Dímitrí Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, í gær.

„Rússar leggja áherslu á að þeir hafi ekki verið fyrri til að innleiða þvingunaraðgerðir,“ segir Sigmundur.

„Á móti minnti ég á að mikill munur væri á áhrifunum af Íslands hálfu annars vegar og Rússlands hins vegar.“

Ríkisstjórnin fundaði meðal annars um hugsanlegar leiðir til að bæta útflutningsaðilum skaðann og allra leiða er leitað.

„Við erum að leita allra leiða til að koma þeim til aðstoðar sem fyrir þessu verða. Hvort sem það er að leita nýrra markaða og við höfum jafnvel verið tilbúin að skoða það að bakka fólk upp með tryggingu eða slíku.“



**FARGA MATVÆLUM** Rússar hafa fargað hundruðum tonna af innfluttum matvælum. Frosinn makríll gæti endað undir beltum jarðýtunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í lok ríkisstjórnarfundar í dag að þar sem Ísland væri að taka á sig mikið högg vegna þeirra þvingunaraðgerða sem Ísland tekur þátt í með Evrópusambandinu gegn Rússum væri eðlilegt að sambandið opnaði markaði sína fyrir innflutningi á íslenskum sjávarútvegsvörum. Sigmundur segir að slíkar þreifingar séu þegar farnar af stað.

„Utanríkisráðherra hefur verið í sambandi við Evrópusambandið og átt símafundi út af þessum tollamálum. Okkur þykir það eðlilegt í ljósi þess hve þungt þetta bitnar á Íslandi að Evrópusambandið endurskoði þessa háu tolla sem það leggur á þessar vörur.“

Þá fundaði Sigmundur með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og meðal annars var viðskiptabann Rússa rætt. Landssamband smábátaeigenda hefur meðal annars lagt til að Ólafur beiti tengslum sínum við Vladimír Pútín Rússlandsforseta til að aflétta viðskiptabanninu.

„Forseti metur það sjálfur hvort og hvernig hann beitir sér í þessu máli. Þessi forseti og raunar forverar hans hafa iðulega beitt sér fyrir því að liðka fyrir milliríkjaviðskiptum. Það hefur oft haft töluverð áhrif,“ segir Sigmundur.

Ekki náðist í forseta Íslands þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Margir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að grípa ekki nógu snemma inn í og að ríkisstjórnarfundir hafi ekki verið haldnir í sumar. Sigmundur er ekki sammála þeirri gagnrýni en hann bendir á að hvorki ríkisstjórnin né hagsmunaaðilar hafi frétt af þessu fyrr en í lok júní og að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi unnið í málinu allan tímann.



> **Okkur þykir það eðlilegt í ljósi þess hve þungt þetta bitnar á Íslandi að Evrópusambandið endurskoði þessa háu tolla sem það leggur á þessar vörur.**
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.*

Hann segir að ríkisstjórnin hafi ekki rætt hvort Ísland ætti að hætta þvingunaraðgerðum sínum gagnvart Rússum.

stefanrafn@frettabladid.is




UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ
SKÓLA
DAGAR
ALLT FYRIR SKÓLANN
Á EINUM STAÐ
MUNDU EFTIR
ÁVÍSUNINNI
2.000,-
SKÓLA DAGAR
OPIÐ
LAUGARDAG 10–18
SUNNUDAG 13–18
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

Ólöf Nordal á fundi í Svíþjóð:

## Sat fund um sveitarfélög

**STJÓRNMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra sat í gær fund norrænna sveitarstjórnarráðherra sem fór fram í Uppsölum í Svíþjóð.

Aðalumræðuefni fundarins var hvernig megi einfalda laga- og regluverk þannig að það sé ekki of íþyngjandi fyrir sjálfsforræði sveitarfélaga og geti bætt stjórnsýslu og þjónustu við íbúa. Ólöf dró upp þá mynd af íslenska sveitarstjórnarstiginu að samstaða væri um eflingu þess og hefðu áfangar náðst í því undanfarin ár. - ngy

Gerðardómur kvað upp úrskurð sinn í kjaradeilum BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í gær:

# Almenn ánægja með úrskurð gerðardóms

**KJARAMÁL** Hjúkrunarfræðingar fá 21,7 prósenta launahækkun fram til ársins 2019 og laun félagsmanna Bandalags háskólamanna hækka um 7,2 prósent frá mars síðastliðnum og aftur um 5,5 prósent í júní 2016. Samningurinn gildir til ársins 2017.

Þetta kemur fram í úrskurði gerðardóms, sem settur var í kjaradeilu BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við íslenska ríkið, frá í gær.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Úrskurðurinn í deilu BHM felur einnig í sér 1,65 prósenta ákvæði til útfærslu menntunarákvæða auk 63 þúsund króna eingreiðslu sem greiðist 1. júní 2017. Eingreiðslan er greidd sem bætur fyrir að ekki fáist sama hækkun og hjá FÍH.

„Okkur líst ágætlega á þetta miðað við aðstæður. Samningurinn er þó til lengri tíma en við áttum von á,“ segir Ólafur G. Skúlason, formaður FÍH. „Launahækkunin er hærri en sú sem ríkið bauð,“ bætir hann við.

„Við erum tiltölulega ánægð með að úrskurðurinn skuli vera til rétt rúmlega tveggja ára en í honum er ekki neitt útgönguákvæði sem er bagalegt,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og bætir við: „Auðvitað hefðum við kosið að geta samið sjálf og að ekki hefði til þess komið að tekinn væri af okkur samningsréttur.“ - þea



> **Samningurinn er þó til lengri tíma en við áttum von á.**
>
> *Ólafur G. Skúlasson, formaður FÍH.*



**SMITBERINN** Maður á þrítugsaldri situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa vísvitandi smitað ungar konur af HIV-veirunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í gæsluvarðhaldi til 22. ágúst:

## Kanna hvort smitað var af ásetningi

**LÖGREGLUMÁL** „Málið er enn þá í vinnslu og er smitrakning enn í fullum gangi,“ segir Þórólfur Guðnason, verðandi sóttvarnalæknir, um mál hælisleitandans sem situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa vísvitandi smitað ungar konur af HIV-veirunni.

Þórólfur vildi ekki gefa neitt upp um fjölda smitaðra. „Ekki fyrr en smitrakningunni er lokið.“

„Hann er í gæsluvarðhaldi til 22. ágúst og rannsóknin er enn í fullum gangi,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn. „Rannsóknin miðar að því að upplýsa um hvort hann hafi smitað með ásetningi.“ - ngy

# Boðar heildarendurskoðun á fangelsismálum í vetur

Þingmaður Bjartrar framtíðar segir það hróplegt óréttlæti að fangar þurfi að flytjast búferlum til að ljúka afplánun utan fangelsis. Formaður allsherjarnefndar segir heildarendurskoðun málaflokksins nauðsynlega.

**FANGELSISMÁL** „Þetta finnst mér hróplegt óréttlæti fyrir fanga á Norðurlandi og það er mjög mikilvægt að sambærilegt úrræði og Vernd verði að veruleika á Akureyri,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.

Fangar á Akureyri velja margir hverjir frekar að sitja inni í fangelsinu á Akureyri en að ljúka afplánun utan fangelsis þar sem það krefst búferlaflutninga frá fjölskyldu til Reykjavíkur.

Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að eina áfangaheimilið fyrir fanga til dvalar er í Reykjavík. Vilji þeir ljúka afplánun utan fangelsis, eins og lög um fullnustu refsinga gefa leyfi til, er ekki annar möguleiki en að flytja til Reykjavíkur. „Fangi á Akureyri þarf að velja á milli vægari refsingar í opnu úrræði og þess að sitja allan afplánunartímann í öryggisfangelsi til að eiga kost á heimsóknum frá maka og börnum.“ segir Brynhildur og minnir á að fangelsisvist er kostnaðarsöm leið fyrir ríkið. „Þess utan er þetta hreinlega klár mismunun eftir búsetu sem á ekki að líðast og er margfalt dýrara fyrir ríkið að hýsa fanga í fangelsi en á áfangaheimili utan fangelsis.“



**BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR**
Þingmaður Bjartrar framtíðar



**UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR**
Formaður allsherjar- og menntamálanefndar



**VILJA VERA NYRÐRA** Fangar á Akureyri vilja frekar vera lokaðir inni á Akureyri en frjálsir syðra. Eina leiðin til að ljúka afplánun utan fangelsis er að vera í Reykjavík.

Páll Winkel fangelsismálastjóri sagði í frétt Fréttablaðsins í fyrradag að meira fé þyrfti að renna í málaflokkinn frá hinu opinbera. Hans verkefni nú væri að reyna að reka fangelsismálastofnun á núllinu og „halda sjó“ eins og hann orðaði það. Ekki væri til fjármagn til að koma á áfangaheimili á Norðurlandi sökum fjárskorts.

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, boðar gagngera endurskoðun málaflokksins á komandi vetri. „Ég segi það núna og hef sagt það áður að fangelsismál á Íslandi þurfa að fara í gegnum heildarendurskoðun. Við verðum að setja niður hver næstu skref okkar eigi að vera, hver heildarsýnin er varðandi Litla-Hraun og Akureyri og hvernig fjármunir eru sem best nýttir. Þetta verður svo verkefni vetrarins að mínu mati,“ segir Unnur Brá. sveinn@frettabladid.is




Forsætisráðherra Japans sagðist sorgmæddur vegna framferðis Japana:

# Kom ekki með afsökunarbeiðni

**JAPAN** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, segir óþarfi að Japanir haldi endalaust áfram að biðjast afsökunar á grimmdarverkum sínum í seinni heimsstyrjöldinni.

„Við eigum ekki að láta börn okkar, barnabörn og jafnvel framtíðarkynslóðir, sem hafa ekkert haft með stríðið að gera, vera dæmd til þess að biðjast afsökunar,“ sagði hann.

Hins vegar lýsti hann, í ávarpi í tilefni þess að 70 ár voru í gær liðin frá stríðslokum, yfir sorg sinni vegna atburðanna og sagði Japana vera óhrædda við að horfast í augu við ábyrgð sína.

„Japan hefur ítrekað lýst yfir djúpri eftirsjá og komið með einlæga afsökunarbeiðni vegna framferðis síns í stríðinu,“ sagði Abe í ávarpi sínu, og vísaði þar til þess að forverar hans í embætti hafi þegar beðist afsökunar. Það gerði Tomiichi Murayama í ávarpi sínu árið 2005 þegar 50 ár voru liðin frá því Japanir gáfust upp, og það gerði Junichiro Koizumi aftur árið 2005 þegar 60 ár voru liðin frá stríðslokum.

Grannt var fylgst með því hvort Abe myndi biðjast afsökunar, þar sem hann hefur verið gagnrýndur fyrir herskárri tón en forverar hans. - gb



**SHINZO ABE** Segir óþarfa að biðjast endalaust afsökunar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samninganefndir starfsmanna ISAL og Rio Tinto Alcan funduðu í gær:

# Verktakamál sett í salt að sinni

**KJARAMÁL** „Við erum að skoða launaliði núna,“ sagði Gylfi Ingvarsson, talsmaður samninganefndar starfsmanna ISAL, í fundarhléi um viðræður við samninganefnd Rio Tinto Alcan hjá Ríkissáttasemjara í gær.

Fundur hófst klukkan ellefu fyrir hádegi. Hlé var gert í hádeginu og viðræður hófust að nýju hálf tvö. Gylfi taldi ólíklegra að næðist saman á fundinum í gær.

Umræðu um kröfu fyrirtækisins að nota verktaka í auknum mæli í Straumsvík segir Gylfi að hafi verið frestað. „Hún er í salti.“

Starfsmenn hættu í vikunni við verkfall sem hefjast átti núna um mánaðamótin hjá ISAL vegna fullyrðinga Rio Tinto Alcan um að slíkar aðgerðir myndu leiða til lokunar fyrirtækisins.

Í tilkynningu sem samninganefndin sendi frá sér um miðja vikuna kom fram að markmiðið væri að ná bættum kjörum fyrir starfsmenn, ekki að ná fram lokun fyrirtækisins. - óká



**HJÁ SÁTTA** Fundað var hjá ríkissáttasemjara í gær í kjaradeilu starfsmanna ISAL við Rio Tinto Alcan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SKIPULAG
fyrir skólann
á betra verði
Verð nú
7.999
fullt verð
16.899
Beckmann
Bréfabindi
499kr
Yfir-
strikunar-
pennar
299kr
Skjalabox
579kr
Milliblöð
229kr
Teyjumappa
úr pappa
299kr
Bantex
Gatapokar
228kr
Skóla
dagbók
2015
2016
Skóla-
dagbók
1.399kr
SKÓLADAGBÓK
Skóla-
dagbók
999kr
Sirkill
399kr
Vasa-
reiknir
999kr
Gildir til 17. ágúst á meðan birgðir endast.
Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**GRILLVEISLA** Vegan-pylsur verða á grillinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Vilja fjölga grænmetisætum:

## Vegan-grillboð í Hellisgerði

**LÍFSSTÍLL** Samtök grænmetisæta á Íslandi halda vegan-grillveislu í dag klukkan tvö.

Grillið fer fram í Hellisgerði í Hafnarfirði og boðið verður upp á vegan-pylsur, lífrænt gos og hnetu- og ávaxtasnarl á vægu verði.

Markmið félagsins er að stuðla að jákvæðri ímynd grænmetisæta og fjölga þeim auk þess að vinna að því að fjölga úrvali af neysluvöru án dýraafurða á Íslandi. - srs


Vilt þú gefa egg?

Með því að gefa egg getur þú hjálpað annarri konu/pari að uppfylla drauma sína að verða foreldrar.

Ef þú vilt leggja okkur lið þá er númer okkar hjá Art Medica 1322. Hjúkrunarfræðingar Art Medica veita fúslega allar nánari upplýsingar áður en ákvörðun um egggjöf er tekin.



www.artmedica.is

Ef margar konur svara þessu kalli verður hægt að hjálpa fleiri pörum.


# Vafasamt að tengja saman fiskneyslu og geðheilbrigði

Frekari rannsókna er þörf áður en hægt er að fullyrða um ágæti Omega-3 fitusýra sem forvörn gegn geðsjúkdómum. Áður hafa verið bundnar vonir við Omega-3 í baráttu við sjúkdóma sem ekki hafa reynst á rökum reistar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Afar vafasamt væri að leiða að því líkur að samdráttur í neyslu fiskmetis hér á landi síðustu áratugi sé áhrifaþáttur í aukinni notkun á tauga- og geðlyfjum hér á landi. Þetta segir Engilbert Sigurðsson, prófessor í geðlækningum og yfirlæknir á geðsviði Landspítala.

Greint hefur verið frá niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við háskólann í Melbourne í Ástralíu sem sýndu að hópur ungmenna í áhættuhóp á að þróa með sér geðrofssjúkdóma svo sem geðklofa voru ólíklegri til að þróa með sér sjúkdóminn ef þeir neyttu Omega-3 fitusýra í að minnsta kosti 12 vikur þegar fyrstu einkenni geðrofs voru að greinast hjá þeim fyrir sex til sjö árum.

Engilbert bendir raunar á að algengi alvarlegri geðrofssjúkdóma hafi hreint ekki aukist í þróuðum ríkjum Evrópu á síðustu áratugum. „Það hefur frekar dregið úr nýgengi í Evrópu og það er almennt ekki að aukast í vestrænum löndum þar sem vel er haldið utan um mæðravernd og næringarástand hefur verið gott og aðrir þættir sem skipta máli fyrir þroska miðtaugakerfisins.“ Flestir sem eru að veikjast ungir af geðklofa í dag hér á landi segir hann að hafi byrjað að nota kannabisefni reglulega sem unglingar og hafi að auki erfðaáhættu fyrir þróun geðrofssjúkdóma.



> **Notkun geðlyfja hefur aukist hér eins og á öðrum Vesturlöndum og heldur meira hér, en það er það sama og á við um ýmsa aðra lyfjanotkun hér á Íslandi.**
>
> *Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á geðsviði Landspítala.*

Þá segir Engilbert að þótt vitað sé að geðlyfjanotkun hafi aukist hér á landi síðustu tvo áratugi þá geti verið þar að baki fleiri ástæður en snúa að þróun geðheilbrigðis. „Notkun geðlyfja hefur aukist hér eins og á öðrum Vesturlöndum og heldur meira hér, en það er það sama og á við um ýmsa aðra lyfjanotkun hér á Íslandi,“ segir hann. Hér hafi verið tilhneiging til að lyfjanotkun aukist hraðar, en svo komi hin löndin alla jafna í kjölfarið með svipaða aukningu. Þannig séu Svíar á mjög svipuðum stað og Íslendingar hvað varði notkun þunglyndislyfja. „Málið er flókið og erfitt að smætta það í einföld skilaboð.“



**Í FISKBÚÐINNI** Fiskneysla Íslendinga hafi dregist mjög saman um leið og notkun geðlyfja hefur aukist. Í ljósi fregna frá Ástralíu um hamlandi áhrif Omega-3 fitusýra á geðsjúkdóma gæti einhver freistast til að tengja það saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttir af áströlsku rannsókninni á ágæti Omega-3 fitusýra til forvarna gegn frekari þróun geðrofsveikinda segir Engilbert hins vegar í eðli sínu jákvæðar. „Við þurfum bara að sjá fleiri rannsóknarhópa komast að sömu niðurstöðu áður en við förum að leggja eitthvað upp úr þessu.“

Áður hafa verið birtar niðurstöður fyrstu rannsókna sem bent hafa til gagnsemi Omega-3 fitusýra við öðrum krankleika, án þess að frekari rannsóknir styddu þær niðurstöður á fullnægjandi hátt. Engilbert bendir á að frekari rannsóknir hafi þannig ekki rennt nægilega sterkum stoðum undir vísbendingar um að Omega-3 drægi úr líkum á þunglyndi. Þá komu í fyrra fram niðurstöður rannsóknar í hjartalækningum á áhrifum Omega-3 á gáttatif sem sýndu að gagnstætt því sem talið var þá gerðu fitusýrurnar meira ógagn en gagn í þeim efnum.

olikr@frettabladid.is







Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar

Nú liggur straumurinn í rafbílana og þess vegna hefur Orka náttúrunnar opnað **10 hraðhleðslustöðvar** fyrir rafbíla á rúmu ári. Þannig leggjum við hinni hljóðlátu samgöngubyltingu lið og stuðlum að vistvænum samgöngum.

Kynntu þér staðsetningu hraðhleðslustöðvanna og kosti rafbíla á heimasíðu okkar **on.is**

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HELGAR SPRENGJA




Electrolux
**ÞVOTTAVÉL EWP 1474TDW**
7 kg, 1400 snúninga, A++
1805658
KJARA KLÚBBUR
**64.900 kr**
FULLT VERÐ: 74.290



Electrolux
**ÞURRKARI EDE 1072PDW**
Með barka og rakaskynjara
1805643
KJARA KLÚBBUR
**49.990 kr**
FULLT VERÐ: 59.900



Electrolux
**RYKSUGA JMALLFLOOR**
1500W
1805291
KJARA KLÚBBUR
**14.990 kr**
FULLT VERÐ: 19.453




**20% afsláttur**
JOTUN LADY INNIMÁLNING
JOTUN MUR ÚTIMÁLNING



damixa
**ELDHÚSTÆKI**
Damixa, Rowan
8000230
KJARA KLÚBBUR
**14.965 kr**
FULLT VERÐ: 20.955

JUMBO



**20% afsláttur**
ALLAR JUMBO TRÖPPUR 3-8 ÞREPA

**ÁLTRAPPA 3 ÞREP**
Hæð 64 cm, burðarþol 150 kg
5078885
**3.995 kr**
FULLT VERÐ: 5.249

BLACK & DECKER



**HÖGGBORVÉL**
KR504CRE, 500W
5245599
KJARA KLÚBBUR
**6.995 kr**
FULLT VERÐ: 10.995



**HLEÐSLUBORVÉL**
EPC12CAB, 12V, 2 rafhlöður
5245999
KJARA KLÚBBUR
**10.895 kr**
FULLT VERÐ: 14.519



**ÚTILJÓS VEJERS**
Svart, galv eða hvítt
6010944/566/943
KJARA KLÚBBUR
**4.595 kr**
FULLT VERÐ: 6.579

Nilfisk
**HÁÞRÝSTIDÆLA C110**
4-5 X-TRA,
110 Bör - 440L/klst.
5 m slanga og sápubrúsi
5254233
KJARA KLÚBBUR
**14.796 kr**
FULLT VERÐ: 18.495



## POTTAPLÖNTUÚTSALA BLÓMAVALS 20-50% AFSLÁTTUR

**ÁSTARELDUR**
**799 kr**
FULLT VERÐ: 1.599



**FRIÐARLILJA**
**1.499 kr**
FULLT VERÐ: 2.149






**HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT**
**www.husa.is**

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir til 17. ágúst meðan birgðir endast.
Tilboð gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar„ og tilboðsvörum.

525 3000 • husa.is

Þarf að borga skaðabætur samkvæmt niðurstöðu kærunefndar:

# Strætó brotlegur við útboðslög

**STJÓRNSÝSLA** Strætó bs. braut útboðslög þegar fyrirtækið samdi við Ný-Tækni vegna Ferðaþjónustu fatlaðra. Þetta er niðurstaða kærunefndar útboðsmála frá því á fimmtudag.

Ný-Tækni tók í febrúar við hlutverki Kynnisferða við svokallaðan tilfallandi akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra. Kynnisferðir óskuðu eftir að losna undan skuldbindingum sem fyrirtækið hafði gengist undir sem aðili að rammasamningi eftir útboð í fyrrasumar. Fyrirtækin þrjú sem kærðu tóku þátt í því útboði en Ný-Tækni ekki.



**BRUTU LÖG** Margvíslegir erfiðleikar hafa sett mark sitt á Ferðaþjónustu fatlaðra að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kærunefndin kemst að því í úrskurði sínum að Strætó bs. sé skaðabótaskyldur gagnvart kærendunum vegna samningsins. Samningurinn var þó ekki ógiltur vegna þessara annmarka. Þá var Strætó bs. gert að greiða kærendum sameiginlega 800 þúsund krónur í málskostnað.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður kærendanna, segir umbjóðendur sína þokkalega sátta við niðurstöðuna. „Þar sem úrskurðarnefndin telur að framsalið hafi ekki verið í samræmi við lagaskilyrði þá hefði mönnum þótt lógískt að ómerkja þetta framsal. En hins vegar er þetta staðfesting á gagnrýni á vinnubrögð Strætó og gott að fá viðurkenningu á bótaskyldu.“

Sveinn Andri segir tvennt fram undan. Annars vegar muni þeir setjast niður og semja um greiðslu skaðabóta í samræmi við niðurstöðu úrskurðanefndarinnar.

„Hins vegar þarf Strætó að fara að taka til hjá sér og skipta út þeim aðilum sem hafa haldið utan um þessa rammasamninga,“ segir Sveinn Andri. - fbj

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst föstudaginn 4. september í Árbæjarlaug

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst september 2015 í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

Nýjar íslenskar skólatöskur frá Tulipop

Tulipop®




Sölustaðir: Epal, verslanir Pennans Eymundsson um land allt, Heimkaup, vefverslun Tulipop (www.tulipop.is) og fleiri.

www.tulipop.is
www.facebook.com/tulipop



**ÖXNADALUR** Landsnet hefur lengi viljað leggja nýja Blöndulínu til að styrkja raforkuflutninga á landinu. Telur stofnunin byggðalínuna hringinn í kringum landið löngu sprungna. Landeigendur í Skagafirði og Eyjafirði hafa lengi barist fyrir því að Blöndulína fari á sumum svæðum í jörð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Umhverfismat háð miklum annmörkum

Skipulagsstofnun telur umhverfismatsferli Landsnets varðandi Blöndulínu 3 ófullnægjandi. Landsnet hafi ekki skoðað jarðstrengi þrátt fyrir óskir þess efnis. Telur sig ekki geta afturkallað fyrri ákvörðun sína.

**ORKUMÁL** Skipulagsstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar hafi verið á umhverfismatsferli Landsnets varðandi lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndu í Húnavatnssýslu að tengivirki að Rangárvöllum í Eyjafirði. Landsnet hafi ekki kannað kosti þess að setja línuna í jörð þrátt fyrir beiðni Skipulagsstofnunar.

> **Ég mun ekki leyfa loftlínu um land mitt. Umrætt landsvæði hefur mikið verndargildi á landsvísu að áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og nýtur það verndar lögum samkvæmt.**
> *Ólafur Valsson, eigandi Hóla í Öxnadal.*

Ólafur Valsson, eigandi jarðarinnar Hóla í Öxnadal, krafðist endurupptöku matsins, meðal annars á þeim grundvelli að ekki hafi verið bornir saman þeir valkostir að leggja jarðstreng og loftlínu. Skipulagsstofnun taldi sér ekki heimilt að taka málið upp að nýju, en lagði til grundvallar að meta hefði átt þann kost að leggja jarðstreng í stað loftlínu.

Skipulagsstofnun lagði fyrir Landsnet árið 2008 að meta jarðstreng til samanburðar við loftlínu á þessari leið sem er um eitt hundrað kílómetra löng. Svonefnd frummatsskýrsla, sem Landsnet skilaði til Skipulagsstofnunar í mars 2012, hafði ekki að geyma slíkt mat að mati stofnunarinnar.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, telur að þrátt fyrir augljósa annmarka geti stofnunin ekki tekið málið upp að nýju. „Til þess þurfum við að hafa lagalegar heimildir og eins og er rakið í bréfi til Ólafs er talað um hvaða heimildir við höfum. Það sem við gerum er að við förum í öll þau efnisatriði sem málsaðili vekur máls á til að skoða hvort efnislegir annmarkar eru á málinu sem er óháð því hvort það séu lagalegar heimildir til að taka málið upp aftur,“ segir Ásdís Hlökk. „Hins vegar munum við hafa þetta mál til hliðsjónar þegar sambærileg mál koma inn á borð hjá okkur.“

Skagfirðingar og Eyfirðingar hafa kallað eftir því að jarðstrengur verði kannaður sem alvöru valkostur en Landsnet hefur hingað til ekki gert það. „Ljóst er að héðan í frá muni Skipulagsstofnun ekki taka við frummatsskýrslum frá Landsneti í sambærilegum málum nema jarðstrengur sé tekinn til raunhæfrar skoðunar. Ég mun ekki leyfa loftlínu um land mitt. Umrætt landsvæði hefur mikið verndargildi á landsvísu að áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og nýtur það verndar lögum samkvæmt,“ segir Ólafur Valsson, eigandi Hóla í Öxnadal.

sveinn@frettabladid.is

Fyrrverandi forseti Bandaríkjanna skýrir frá veikindum:

## Carter kominn með krabbamein

**BANDARÍKIN** Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, hefur skýrt frá því að krabbamein hafi greinst í líkama hans.

Carter, sem er níræður, segir þetta hafa komið í ljós þegar hann gekkst undir aðgerð á lifur nýverið. Hann segir að krabbameinið hafi nú þegar borist víðar um líkamann.

Carter var forseti Bandaríkjanna á árunum 1976 til 1981. Eftir að hann lét af forsetaembættinu stofnaði hann Carter-stofnunina, sem hefur látið að sér kveða í mannúðarmálum víða um heim. - gb



**JIMMY CARTER** Hefur starfað að mannúðarmálum eftir að hann lét af forsetaembætti. NORDICPHOTOS/AFP

# Polo. Fyrir alla muni.



ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR ÞANN GAMLA

**UPPFÆRSLUBÓNUS**
VOLKSWAGEN
**+80.000 kr.**







**VW Polo Trend & Style:**

**2.690.000 kr.**

**Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.**

## Volkswagen Polo gerir gæðamuninn.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur í dag milli kl. 12 og 18.

### Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Stjúpfaðir nauðgaði henni:

# Fæddi stúlkubarn ellefu ára

**PARAGVÆ** Ellefu ára stúlka í Paragvæ fæddi í vikunni stúlkubarn, en hún varð ólétt tíu ára gömul eftir að stjúpfaðir hennar nauðgaði henni. Frá þessu greinir Sky-news.

Stjórnvöld höfnuðu beiðni um fóstureyðingu, enda bannaðar þar í landi. Barnið var tekið með keisaraskurði og heilsast mæðgunum vel. Stjúpfaðir hennar, sem er 42 ára, neitar að hafa brotið af sér, en hann á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi. **- ngy**

Útlit er fyrir að peningastefnunefnd Seðlabankans muni hækka vexti töluvert áður en árið er á enda:

# Gera ráð fyrir 50 punkta hækkun vaxta

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeildir allra stóru viðskiptabankanna þriggja búast við því að Seðlabankinn hækki vexti um 50 punkta á stýrivaxtafundi þann 19. ágúst. Greiningardeild Arion banka býst við því að Seðlabankinn hækki vexti um 125 punkta samtals það sem eftir lifir árs, að vaxtahækkuninni í ágúst meðtalinni.

„Fram undan eru þrír aðrir vaxtaákvörðunardagar á árinu og mesta óvissan er um hversu hratt Seðlabankinn mun hækka vexti. Við teljum þó að hann muni stíga frekar varlega til jarðar og muni ekki hækka vexti um meira en 50 punkta í einu á þeim vaxtaákvörðunarfundum sem eftir eru á árinu,“ segir greiningardeild Arion banka.

Greining Íslandsbanka segir að peningastefnunefnd muni rökstyðja hækkunina í næstu viku með verri verðbólguhorfum, miklum innlendum launahækkunum og vaxandi spennu í efnahagslífinu.

Íslandsbankamenn eru varfærnari en greiningardeild Arion banka og spá því að nefndin muni hækka stýrivexti bankans um 1,0 prósentustig til viðbótar á þessu ári að meðtalinni 0,5 prósentustiga hækkuninni núna í ágúst.

Hagfræðideild Landsbankans telur ekki útilokað að vextir verði hækkaðir um meira en 0,5 prósentustig í næstu viku. Aftur á móti séu þrír fundir eftir af árinu og því töluvert svigrúm enn til að auka aðhald. **- jhh**



**VAXTAÁKVÖRÐUN** Greiningaraðilar gera ráð fyrir skarpri hækkun vaxta á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÝSA** Hagstofa Íslands birti í gær á vef sínum upplýsingar um afla fiskiskipa í júlímánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aukinn afli frá fyrra ári:

# Munurinn er 251.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra fiskiskipa í nýliðnum júlímánuði var rúmum 3.500 tonnum meiri en á sama tíma í fyrra. „Metið á föstu verði minnkaði aflinn í júlí 2015 um 4,2 prósent miðað við júlí 2014,“ segir í umfjöllun Hagstofu Íslands.

Á síðustu 12 mánuðum hefur heildaraflamagn hins vegar aukist um tæp 251 þúsund tonn, sem er sagt 23,3 prósentum meira en á sama tímabili árið áður. „Mest aukning varð í löndun á uppsjávarafla, sem var rúmum 274 þúsund tonnum meiri á tímabilinu ágúst 2014 til júlí 2015 en á fyrra tólf mánaða tímabili.“ **- óká**

Vilt þú gefa egg?

Með því að gefa egg getur þú hjálpað annarri konu/pari að uppfylla drauma sína að verða foreldrar.

Ef þú vilt leggja okkur lið þá er númer okkar hjá Art Medica 1322. Hjúkrunarfræðingar Art Medica veita fúslega allar nánari upplýsingar áður en ákvörðun um egggjöf er tekin.

www.artmedica.is



Ef margar konur svara þessu kalli verður hægt að hjálpa fleiri pörum.



**ALEXIS TSIPRAS** Forsætisráðherra Grikklands var harðlega gagnrýndur á maraþonfundi þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**JANIS VARÚFAKIS** Fjármálaráðherrann fyrrverandi greiddi atkvæði gegn samningnum en sagðist engu að síður styðja stjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tsipras vill að þingið samþykki stuðningsyfirlýsingu

Gríska þingið samþykkti í fyrrinótt, eftir sólarhrings umræður, þriðju fjárhagsaðstoðina frá Evrópusambandinu, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópska seðlabankanum. Nærri þriðjungur stjórnarflokksins var andvígur.

**GRIKKLAND** Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, ætlar nú að leggja örlög sín í hendur þingsins. Hann krefst stuðningsyfirlýsingar, þótt engan veginn sé öruggt að hann njóti meirihlutastuðnings lengur.

Þingið samþykkti í fyrrinótt, eftir sólarhringslangan maraþonfund, samning um þriðju fjárhagsaðstoðina frá Evrópusambandinu, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópska seðlabankanum. Alls greiddu 222 þingmenn af 300 atkvæði með samningnum, þannig að hann rann auðveldlega í gegn með stuðningi stjórnarandstöðunnar.

Hins vegar greiddu 43 af alls 147 þingmönnum SYRIZA, flokks Tsipras, atkvæði gegn samningnum. Til þess að Tsipras geti setið áfram sem forsætisráðherra þurfa einhverjir af þessum 43 þingmönnum að greiða atkvæði með stuðningsyfirlýsingu við hann, þótt þeir hafi verið andvígir samningnum.

Janis Varúfakis, fyrrverandi fjármálaráðherra, greiddi atkvæði gegn samningnum en sagðist engu að síður styðja ríkisstjórnina.

Búist er við því að stuðningsyfirlýsing við stjórnina verði borin undir atkvæði þingmanna einhvern tímann eftir 20. ágúst. Verði stjórnin felld þarf að boða til nýrra kosninga í haust, með áframhaldandi óvissu um framhaldið.

Mikill hiti var í þingmönnum þegar rætt var um samninginn og gengu ásakanir á víxl. Tsipras forsætisráðherra var harðlega gagnrýndur fyrir að hafa lúffað fyrir Evrópusambandinu og komið heim með samning, sem er strangari gagnvart Grikkjum en fyrri samningurinn, sem hann sjálfur hafði þó hvatt Grikki til að hafna í þjóðaratkvæðagreiðslu í vor.

Fjármálaráðherrar evruríkjanna komu síðan saman strax í gær og samþykktu aðstoðina.

Samningurinn við Grikki felur í sér að þeir fá samtals 86 milljarða evra, eða jafnvirði rúmlega 12.000 milljarða króna. Á móti þurfa Grikkir að hagræða enn frekar í ríkisrekstri með því meðal annars að selja ríkiseignir, herða skattheimtu, hætta að greiða bændum eldsneytisstyrki og hækka lífeyrisaldur, svo nokkuð sé nefnt.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Fjárhagsaðstoð til Grikkja

1. **hluti** *(2010-2012)*: 107,3 milljarðar evra
2. **hluti** *(2012-2015)*: 173,6 milljarðar evra

Brúarlán *(júlí 2015)*: 7,16 milljarðar evra

3. **hluti** *(ágúst 2015)*: 86 milljarðar evra

MA NÁM Í HÖNNUN
OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

VEGNA FORFALLA Á HAUSTÖNN 2015
ER UMSÓKNARFRESTUR Í MEISTARANÁM Í HÖNNUN
FRAMLENGDUR TIL 21. ÁGÚST

Nánari upplýsingar á lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts




Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Ólöf tekur við af Hafþóri:

# Nýr safnstjóri Listasafnsins

**MENNING** Ólöf K. Sigurðardóttir tók í gær við embætti safnstjóra Listasafns Reykjavíkur af Hafþóri Yngvasyni sem hafði gegnt stöðunni síðustu tíu ár. Ólöf gegndi áður stöðu forstöðumanns Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, frá árinu 2008.

Ólöf var áður deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur og bar þar ábyrgð á stefnumótun, skipulagi og framkvæmd fræðslustarfsins. - þea

Af fimmtán stærstu útgjaldaliðunum fara þrír liðir samtals 4,7 milljarða króna fram úr fjárheimildum:

# Heildarútgjöldin námu 320 milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** Heildarútgjöld ríkissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins voru innan fjárheimilda, að því er fram kemur í ársfjórðungsuppgjöri. Meirihluti fjárlagaliða er innan fjárheimilda á fyrstu sex mánuðum ársins.

Heildarútgjöldin námu 319,7 milljörðum króna á tímabilinu og voru 104 milljónum innan heimildar. Samtals eru 233 fjárlagaliðir með útgjöld innan heimilda ársins.

123 fjárlagaliðir eru með útgjöld umfram fjárheimildir ársins en hjá meirihluta þeirra er hallinn innan við 10 milljónir króna, eða samtals 233 milljónir. Í tilkynningu á vef stjórnarráðsins segir að gert sé ráð fyrir að flestir þessara liða verði innan heimilda í árslok. Stærstur hluti umframútgjalda skýrist af fáum liðum en af 15 stærstu umframútgjaldaliðum fara þrír liðir samtals 4,7 milljarða króna fram úr fjárheimildum. Þar á meðal eru Sjúkratryggingar og Vegagerðin.

Ráðuneyti bera hvert um sig ábyrgð á því að dreifing fjárheimilda innan ársins sé sem næst áætlaðri dreifingu raunútgjalda og er lögð áhersla á að ráðuneyti yfirfari vandlega dreifingu fjárheimilda innan ársins á þeim liðum sem undir þau heyra.

Þegar Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kynnti fjárlagafrumvarpið síðasta haust lagði hann áherslu á það markmið að fjárlög yrðu hallalaus, en gert yrði ráð fyrir 4,1 milljarðs króna afgangi. Til að sá árangur náist er mikilvægt að heildarútgjöld verði áfram innan heimilda á seinni árshelmingi. - jhh



**RÁÐHERRA** Þegar Bjarni Benediktsson kynnti fjárlagafrumvarpið lagði hann áherslu á að það yrði hallalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Samið um leikhúsrekstur:

## Framlengt til loka árs 2018

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að framlengja til ársloka 2018 með óbreyttum skilmálum rekstrarsamning borgarinnar við Leikfélag Reykjavíkur.

Heildarframlag til starfsemi og reksturs Borgarleikhússins samkvæmt áætlun 2015 nemur um 936 milljónum króna, sem skiptast í rekstrarframlag upp á 553 milljónir og styrk vegna innri leigu og áhaldaleigu upp á tæpar 384 milljónir króna. - aí

Verðmætasta einstaka aukaafurðin í íslenskum sjávarútvegi er þorsklifur:

# Mest var verkað á Austurlandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra skipa árið 2014 var 286 þúsund tonnum minni en árið 2013 samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands, eða 1.077 þúsund tonn. „Aflaverðmæti nam rúmum 136 milljörðum króna og dróst saman um 11 prósent frá fyrra ári,“ segir í umfjölluninni.

Fram kemur að stærsti hluti aflans hafi verið verkaður á Austurlandi, að megninu til uppsjávarafli sem þar hafi verið landað. „Stærstur hluti botnfiskaflans var unninn á höfuðborgarsvæðinu, 19,1 prósent og á Suðurnesjum, 13,4 prósent.“

Þá kemur fram að verðmæti aukaafurða sem féllu til við vinnslu fiskaflans hafi numið tæpum fimm milljörðum króna 2013 og staðið nokkurn veginn í stað á milli ára. En verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í tölum um heildaraflaverðmæti.

„Verðmætasta einstaka aukaafurðin var þorsklifur að verðmæti 952 milljónir króna, en næst komu grálúðuhausar að verðmæti 909 milljónir króna,“ segir í Hagtíðindum. - óká



**TOGARI** Aflaverðmæti dróst saman um tæpa 17 milljarða milli 2013 og 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afstýra á skammhlaupi:

## Kalla inn 178 Subaru-bíla

**NEYTENDUR** Kalla þarf inn til viðgerðar 79 Subaru Forester-bifreiðar og 78 Subaru XV Impreza af árgerðum 2012 til 2014, að því er fram kemur hjá Neytendastofu.

Ástæðan er sögð að rafkerfi á stýristúpu að neðan gæti náð að nuddast í hlíf og skammhlaup orðið ef hlífðarkápa rafkerfisins skemmist. „Ef þetta á sér stað geta þurrkur, ljós og flauta dottið út,“ segir á vef Neytendastofu. BL hefur samband við bifreiðaeigendur vegna innköllunarinnar. - óká



# Rýrari framhaldsskólar

Nauðugir viljugir hlýða framhaldsskólar landsins fyrirmælum Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra um að nám til stúdentsprófs skuli vera þrjú ár í öllum skólum. Þar með dregur úr fjölbreytni í skólakerfinu. Breytingin er engin fyrir einbeitta nemandann sem fer beinu brautina hratt og örugglega. Þriggja ára skóli hefur lengi staðið honum til boða. Hann getur farið enn hraðar ef því er að skipta.

Aðrir nemendur, þeir sem ekki eru vissir um hvað þeir vilja, stunda félagslíf af kappi, fá útrás fyrir sköpunarþrá í tómstundum, þurfa að vinna með námi, eða einfaldlega hentar betur að fara sér hægt af einhverri ástæðu, eru nú neyddir til að fara hraðbrautina einu.



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fyrirmælin beina skólanum öfuga leið. Til að mæta þörfum sem flestra á skólinn að vera fjölbreyttur og sveigjanlegur. Hann á að hvetja krakka til að spila í hljómsveit, syngja í kór, stunda íþróttir, leiklist eða raða í hillur stórmarkaða á álagstímum. Ungt fólk hefur gott af að kynnast skapandi umhverfi og almennum vinnustöðum.

Tónlistarlífið er vitnisburður um, að margir krakkar nýta frítíma sinn vel. Vaxtarbroddur tónlistarinnar er í framhaldsskólunum. Leiklistarlíf skólanna er með miklum blóma og sama á við um íþróttir. Árangur okkar í handbolta og fótbolta er lyginni líkastur. Við höfum greinilega rambað á að gera eitthvað rétt.

Hluti skýringarinnar hlýtur að vera að á mótunarárunum fái ungt fólk tækifæri til að rækta hæfileika sína utan skólatíma. Nú eru kostirnir þrengdir og kröftug ungmenni neydd til að velja á milli skóla og krefjandi áhugamála.

Fyrirmæli ráðherrans fela líka í sér, að nemendum sem missa af lestinni er gert erfiðara að taka upp þráðinn á ný með hindrunum fyrir 25 ára og eldri. Það er skammsýni. Flest þekkjum við fólk á öllum aldri sem blessunarlega hefur fundið fjölina sína á skólabekk.

Ráðherrann notar hagkvæmnisrök. Þrjú ár í skóla kosta minna en fjögur ár og viðbótarár á vinnumarkaði skilar verðmætum, segir hann. Útreikningurinn stenst ábyggilega. En varla er hægt að setja verðmiða á skólagöngu án þess að greina innihaldið. Skólinn er fjárfesting en ekki eyðsla. Hann er bara einn þáttur í lífi ungs fólks á viðkvæmu skeiði. Taka þarf tillit til allra hinna þáttanna í flóknu dæmi.

Í vor verðlagði einhver reiknimeistarinn hálendið á 80 milljarða. Hann margfaldaði markaðsverð landsins sem fórnað var fyrir Kárahnúkavirkjun með tuttugu. Landið sem er á áhrifasvæði virkjunarinnar er víst fimm prósent af hálendinu öllu. Margföldunin er rétt en útkoman hjákátleg, alveg eins og í skóladæminu. Andri Snær Magnason rithöfundur spurði reiknimeistarann: Hvað kostar kílóið af ömmu þinni? Spurningin er í ágætu samræmi við tilefnið.

Margir kennarar og skólameistarar hafa kurteislega bent ráðherranum á, að ekki sé allt sem sýnist. Styttingin fer fram í andstöðu flestra sem eiga að koma henni í kring. Það boðar ekki gott.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

COPENHAGEN
Candle Company
ilmvörur í miklu úrvali
Ilmkerti 2.653 kr. ~~3.790 kr.~~
Ilmstrá 2.793 kr. ~~3.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

GUNNAR



## MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

# Náttúrulega



Náttúruvísindasöfn eru með skemmtilegri söfnum að heimsækja. Vegleg og stór söfn eru í flestum höfuðborgum. Margir Íslendingar kannast við American Museum of Natural History í New York og hið fræga British Museum í London. Það er náttúruvísindasafn í Ósló, Kaupmannahöfn. Náttúruvísindasafnið í Stokkhólmi var stofnað 1819 og fagnar því brátt tvö hundruð ára afmæli. Ég hef komið í þessi söfn. Þegar ég ferðast til erlendra borga og hef tíma aflögu reyni ég yfirleitt að heimsækja náttúruvísindasöfn. Mér finnst það einhver skemmtilegustu söfnin að koma á. Það er þægilegt þegar maður er að ferðast með öðrum og sérstaklega börnum, því þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Náttúruvísindasöfn eru sérstaklega dýrmæt fyrir börn því þar fá þau uppfræðslu í undrum náttúrunnar með beinum hætti. Eftir að hafa vafrað um sýningarsali er svo gjarnan farið í safnbúðina þar sem ýmislegt athyglisvert fæst keypt. Á náttúruvísindasöfnum koma allir saman og þar er fræðslu og afþreyingu blandað saman. Þangað koma ferðamenn, skólabörn og fræðimenn. En líka listamenn. Fá söfn eru jafn tilvalinn og vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur og náttúruvísindasöfn. Eitt besta svona safn sem ég hef heimsótt er Houston museum of natural science. Ég fór þangað mörgum sinnum á meðan ég bjó þar. Og í hvert einasta skipti uppgötvaði ég eitthvað nýtt.

## Hallærispólitík sem öllu kollríður

Það er ekkert veglegt náttúruvísindasafn á Íslandi. Það er sérkennileg staða í landi sem er heimsfrægt fyrir náttúru sína. Það er svona svipað og ef í Danmörku væri ekkert Legoland. Fyrir nokkrum árum heimsótti ég safnið í París. Það sem vakti athygli mína var að flestir gestir voru í þeim hluta safnsins sem sneri að Norðurslóðum. Þar er uppstoppaður geirfugl og fyrir framan hann var löng biðröð. Fólk tók myndir af sér með líkani af náhval á meðan dýrin í Afríku fengu litla sem enga athygli.

Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna Íslands. Hlutverk þess er að „varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi“. Safnið hefur verið í ósásættanlegu húsnæði og húsnæðishraki alla tíð. Safngripir hafa lent í höndum stjórnmálamanna sem hafa notað þá til að afla sér fylgis í kjördæmum sínum. Stutt er síðan forsætisráðherra tilkynnti flokksfélögum sínum að hann hygðist afhenda Hvalasafni Húsavíkur beinagrindina af steypireyðinni, sem er þjóðargersemi á heimsmælikvarða. Hann gerði þetta auðvitað án nokkurs samráðs við Náttúrufræðistofnun eða Náttúrugripasafn Íslands. Það hefur líka oft verið rætt í fullri alvöru að flytja safnið í heild sinni norður í Skagafjörð. Það er hluti af þeirri íslensku hallærispólitík sem öllu kollríður. Margir stjórnmálamenn berjast gegn því að safnið rísi í Reykjavík. Þeir vilja frekar reisa það einhvers staðar úti á landi eða útdeila mununum tvist og bast til einkaaðila sem tengdir eru ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Þetta er pólitískt mál eins og svo margt annað. En á meðan fólk þrætir um þetta liggur safnið undir skemmdum og þegar hafa yfir 2.000 safngripir eyðilagst enda flest geymt í pappakössum í kjöllurum hingað og þangað um bæinn. Það væri vissulega skárra að hafa það í einu lagi í Skagafirði. En gallinn við það er að flestir Íslendingar búa á höfuðborgarsvæðinu og þar eru flestar menntastofnanir landsins. Safn úti á landi mundi því aðallega þjóna ferðamönnum en íslensk skólabörn fara á mis við það og halda áfram að vita minna og minna um náttúru landsins síns. Mér finnst því augljóst að Náttúruminjasafn Íslands eigi að vera í Reykjavík. Það er langhagkvæmast að flestu leyti. Ég held að það mætti jafnvel reka safnið með hagnaði. Mér finnst það ekki óraunhæft miðað við vaxandi fjölda ferðamanna til landsins. Náttúra Íslands er einstök. Það er ekkert Ísland í Ameríku. Það er ekkert Ísland í Evrópu. Og ég held að það sé ekkert Ísland í Asíu. Flest sem er sjaldgæft og einstakt og öðruvísi en allt annað er verðmætt.

## Þjóðarskömm

Náttúruminjasafnið okkar situr fast í hlekkjum hugarfars. Það virðist almennt áhugaleysi um gildi og mikilvægi safnsins og fréttir af því fá ekki mörg læk á feisbúkk. Allir virðast búnir að gleyma þjóðarsöfnuninni 1970, þegar jafnvel börn tæmdu sparibaukana sína svo íslenska þjóðin gæti keypt uppstoppaðan geirfugl. Erum við virkilega orðin svo miklir plebbar að við séum hætt að vilja reyna að skilja okkur sjálf? Við Íslendingar virðumst hafa meiri áhuga og skoðanir á því hvar höfuðstöðvar Landsbankans eigi að vera heldur en hvort og hvar Náttúruminjasafn sé. Flestum virðist slétt sama. Það er ekki eðlilegt og ekki góð þróun. Hvað þarf mikið af verðmætum munum að týnast og skemmast áður en við rönkum við okkur? Mér finnst þetta mál vera okkur til skammar. Mér finnst þetta þjóðarskömm.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


Tækjadagar
í Múrbúðinni
20-30%
AFSLÁTTUR
af MÚRBÚÐARVERÐI
Strekkibönd
og Casters hjól
20%
AFSLÁTTUR
30%
afsláttur
Rafhlöðuborvél með höggi,
HDA2544 18V
17.900
12.530
25%
afsláttur
Lavor Vertico 20
140bör 400 min ltr.
35.990
26.993
INDUCTION
MOTOR POWERED
MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg
Dekton smáhlutabox 38cm 21 hólf
1.594
1.196
25%
afsláttur
Wis-SCR3 Kapalkefli
4x16A 3G1,0
6.290
4.718
25%
afsláttur
Drive toppasett 17 stk 1/4"
990
693
30%
afsláttur
Bolta / járna klippur 42"
4.790
3.353
36" tommu kr. 3.990
2.793
30%
afsláttur
Drive léttivagn 150 kg
5.790
4.343
25%
afsláttur
25%
afsláttur
Patrol verkfærakista Trophy
8.995
6.746
40%
afsláttur
GMC 14,4V 1,2Ah með
aukarafhlöðu, stiglaus hraði,
BMC taska
5.990
3.594
20%
afsláttur
Smergel 350W
6.490
5.192
Karbít Borasett 33-
83mm 6stk
4.990
3.743
Alvöru skrúfstykki 15cm 14 Kg
7.890
6.312
20%
afsláttur
Rafhlöðuborvél
/skrúfvél HDD 3213 12V DIY
8.990
6.742
25%
afsláttur
Rafhlöðuborvél 12V
2 gíra Liion rafhlaða kr.
11.990
20%
afsláttur
2.552
15 metra rafmagnssnúra
3.190
Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
15 metra
11.990
9.592
25%
afsláttur
Öxi 600g fiberskaft
1.290
967
LFD 90AL70x33x100 cm
9.990
7.992
20%
afsláttur
Asaki AM18DWE
borvél 18V Ni-CD 2,0 ah
16.990
11.893
30%
afsláttur
Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar
24.900
19.920
20%
afsláttur
RLA-05 5.272
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
6.510
4 þrepa 5.990,- 4.792
6 þrepa 7.790,- 6.232
7 þrepa 8.990,- 7.192
20%
AFSLÁTTUR
Búkki stillanlegur
6.990
4.893
Dósaborasett 9 borar
5.990
4.493
Vörutrilla 60kg
4.990
3.743
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Klettháls 7 Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 -18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Hverjir græða á ofurtollum á kjöti

TOLLAR



Þórólfur Matthíasson
prófessor

**➜ Það stendur því upp á þessa aðila að svara því hvort þeir vilji áfram stuðla að því að þvinga neytendur til að greiða 3,6 milljarða í yfirverð fyrir kjúklinga og svínakjöt.**

Það er mat þeirra sem til þekkja að innflutningstollar hækki verð á nauta-, svína- og kjúklingakjöti á bilinu 40% til 90%. Háir tollar veita innlendum framleiðendum skjól gagnvart innflutningi. Mjög mismunandi er hvernig skjólið nýtist einstökum framleiðslugreinum kjötvarnings.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í París safnar saman og birtir upplýsingar um áhrif stjórnvaldsaðgerða á markaðsverð landbúnaðarvarnings. Áhrif tolla á afkomu íslenskra bænda eru fundin með því að bera saman skilaverð til þeirra annars vegar og erlendra kollega hins vegar. Við skilaverðið til erlendra bænda er bætt flutningskostnaði til Íslands. Með þessum hætti fæst mat á hversu mikil áhrif tollarnir hafa á skilaverð til íslenskra bænda. Árið 2014 var staðan gagnvart Íslandi eins og lýst er í meðfylgjandi töflu.

### Virk tollvernd ótrúlega mikil

Virk tollvernd er lítil eða engin þegar litið er til hefðbundinnar kjötframleiðslu. Afnám tolla á kjötafurðir myndi litlu breyta hvað varðar skilaverð til íslenskra bænda á þessum afurðum. Virk tollvernd er hins vegar ótrúlega mikil þegar litið er til hvíta kjötsins, kjúklinga- og svínakjöts. Samkvæmt tölum OECD nam umframkostnaður íslenskra neytenda vegna ofurtolla á kjúklinga- og svínakjöti 3,6 milljörðum króna árið 2014.

Ofurtollar á kjöti eru gjarnan rökstuddir með tilvísan til stuðnings við búsetu í dreifðum byggðum landsins. Því hefði að óreyndu mátt ætla að tollar hefðu mest áhrif á verð á lambakjöti og því næst á verð á nautakjöti. Megnið af framleiðslu svína- og kjúklingakjöts fer fram í póstnúmerum í ágætri nálægð við póstnúmer 101 og er ekki ýkja mannaflafrek. Hvort framleitt er tonninu meira eða minna af hvítu kjöti á Íslandi hefur hverfandi, ef nokkur, áhrif á búsetu í dreifðum byggðum landsins.

### Er á valdi Alþingis

Ofurtollar á kjötvöru skila sér augljóslega ekki með skilvirkum hætti sem stuðningur við dreifðar byggðir. Það er í valdi Alþingis og ríkisstjórnar að breyta lögum og reglum um tolla á innfluttri kjötvöru. Það stendur því upp á þessa aðila að svara því hvort þeir vilji áfram stuðla að því að þvinga neytendur til að greiða 3,6 milljarða í yfirverð fyrir kjúklinga og svínakjöt.

## ➜ Áhrif tolla á verð til bænda

| Kjöt | Skilaverð til bænda | Skilaverð til erlendra bænda* | Mismunur/virk tollvernd | Tollverndarhlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Nautakjöt | 599,26 kr/kg | 528,41 kr/kg | 70,85 kr/kg | 12% |
| Svínakjöt | 394,26 kr/kg | 240,72 kr/kg | 153,54 kr/kg | 39% |
| Kjúklingakjöt | 435,00 kr/kg | 113,99 kr/kg | 321,01 kr/kg | 74% |
| Lambakjöt | 574,08 kr/kg | 574,08 kr/kg | 0,00 kr/kg 0,00 kr/kg | 0% |

*að viðbættum flutningskostnaði til Íslands, án tolla.
Heimild: OECD, PSE-Database, eigin útreikningar

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á greinar@visir.is
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Styrkir til atvinnuleikhópa
Umsóknarfrestur til 30. september

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2016. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða gerðir starfssamningar til lengri tíma.
**Umsóknarfrestur er til 30. september 2015 kl. 17:00.**
**Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**

Leiklistarráð gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. leiklistarlög nr. 138/1998. Áherslusvið sem njóta forgangs við þessa úthlutun, sbr. 4.gr. reglugerðar nr. 1299/2013, eru **ný sviðsverk ætluð fyrir óhefðbundin leikrými og nýja áhorfendahópa.**

**Nánari upplýsingar veitir**
**Ragnhildur Zoëga, sími 515 5800,**
**netfang ragnhildur.zoega@rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Brot úr sögu þjóðar

VERSLUN



Sigurður Þórðarson
stýrimaður

**➜ Ólíkt núverandi ESB-ríkjum hafa Rússar aldrei beitt Íslendinga viðskiptaþvingunum, þvert á móti losuðu þeir takið og komu okkur til bjargar þegar mest á reyndi.**

Á þessu ári eru 160 ár liðin frá því Íslendingar fengu heimild til að versla við menn af öðru þjóðerni en dönsku. Verslunarfrelsið er án efa stærsta framfaraspor Íslandssögunnar, sem engin þjóð á meira undir og því hljótum við að harma nýar hindranir á viðskiptum við Rússa, gamla vinaþjóð sem alltaf hefur reynst Íslendingum vel þegar mest hefur á reynt.

Árið 1901 gerðu Danir samkomulag við Breta um að þeir síðarnefndu keyptu beikon af Dönum og fengu að launum að veiða í fjörðum og flóum Íslands allt að þremur sjómílum frá strandlengju í 50 ár og skyldi samningi þessum sagt upp með tveggja ára fyrirvara. Með því að íslenska þjóðin tók sér lýðveldisrétt í allsherjaratkvæðagreiðslu árið 1944 var rudd leið til þess að segja upp samningnum svo strax farið að vinna að því. „Flesksölusamningnum“ danska var formlega sagt upp af Íslands hálfu 1949.

Frá lýðveldistökunni árið 1944 hafa Íslendingar fjórum sinnum fært út fiskveiðilögsöguna. Í fyrsta skipti 15. maí 1952 og reru smábátar með íslenska fánann við hún. Landhelgin hafði verið færð út í fjórar sjómílur frá grunnlínupunktum sem þýddi að flóum og fjörðum var lokað fyrir erlendum fiskiskipum.

Bretar brugðust við þessu með viðskiptahindrunum, sem þeir reyndu að fá önnur Evrópuríki til að taka þátt í og settu löndunarbann á íslensk skip sem stóð frá 1952-1956. Í byrjun reyndist Íslendingum þetta erfitt en þá voru það Rússar, eða réttara sagt gömlu Ráðstjórnarríkin, sem réttu Íslendingum hjálparhönd með stórauknum fiskkaupum. Í kjölfarið var svokallaður vöruskiptasamningur undirritaður 1. ágúst 1953. Tryggð var sala á öllum íslenskum fiski ásamt stórfelldri uppbyggingu á frystihúsum og fiskiðjuverum um land allt, sem margfaldaði afurðaverðið. Með þessum samningum var jafnframt lagður grunnur að málningar-, niðursuðu- og skinnaiðnaði svo eitthvað sé nefnt.

Ólíkt núverandi ESB-ríkjum hafa Rússar aldrei beitt Íslendinga viðskiptaþvingunum, þvert á móti losuðu þeir takið og komu okkur til bjargar þegar mest á reyndi.

Evrópusambandið hótaði Íslandi viðskiptaþvingunum í tengslum við makrílveiðar árið 2011. Ef Ísland færi nú að ýtrustu óskum sambandsins og fórnaði áratugalöngum og farsælum viðskiptum við Rússa, kæmist Ísland í enn verri stöðu ef slíkar hótanir verða aftur settar fram.

Þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum var það gert að skilyrði að Ísland þyrfti ekki að lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum og Japönum. Íslendingar, sem eru herlaus þjóð, eru í góðu færi til að leita sátta í stað þess að bera sprek á eldinn, ekki síst í ljósi þess að Ísland á að baki langvinna vináttu við Rússa sem hafa stutt Íslendinga í öllum þorskastríðum, auk þess sem við erum ekki í Evrópusambandinu.

*Höfundur var stýrimaður hjá Landhelgisgæslunni í þorskastríðinu.*

# Loftslagsbreytingar eru ekki bara í langt-í-burtu-istan

LOFTSLAGSMÁL



Árni Snævarr
upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum



Sigurpáll spáir því að Hólárjökull hverfi innan tíu ára

**➜ Langjökull, næststærsti jökull Íslands, mun einfaldlega hverfa innan hálfrar annarrar aldar og við lok þessarar aldar verða 80% jökulsins á bak og burt.**

Hornfirðingurinn Sigurpáll Ingibergsson hefur það fyrir sið að taka mynd í hvert sinn sem hann á leið fram hjá Hólárjökli. Sigurpáll sendi loftslagsátakinu #MittFramlag þessa samsettu mynd og eru myndirnar teknar með tíu ára millibili. Engum leynist breytingin sem hefur orðið á einum áratug. „Það sést glöggt að jökultungan hefur styst og jökullinn þynnst,“ segir Sigurpáll og bætir við: „Ég spái því að jökultungan verði horfin innan fjögurra ára. Hlutirnir gerast svo hratt.“

Hólárjökull er skriðjökull úr Vatnajökli, stærsta jökli Íslands og Evrópu. Hann mun láta mikið á sjá vegna hlýnunar jarðar á næstu tveimur öldum og munu skriðjöklarnir sunnan í jöklinum (Breiðamerkurjökull og Skeiðarárjökull) eyðast fyrst.

Langjökull, næststærsti jökull Íslands, mun einfaldlega hverfa innan hálfrar annarrar aldar og við lok þessarar aldar verða 80% jökulsins á bak og burt.

### Síðasta kynslóð sem getur gert eitthvað

Þeir sem fylgjast með erlendum fréttum hafa vafalaust orðið þess varir að Bandaríkjastjórn hefur gripið til róttækra aðgerða til að stemma stigu við loftslagsbreytingum.

„Við erum fyrsta kynslóðin sem finnur fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og sú síðasta sem getur gert eitthvað í málinu,“ sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, þegar hann fylgdi aðgerðunum úr hlaði á dögunum.

Hins vegar er löngu kominn tími til að loftslagsbreytingar séu fluttar úr flokknum „erlendar fréttir“ yfir í „innlendar fréttir“ jafnt á Íslandi sem annars staðar og kannski ættu þessar kvíslar að renna saman í farveginn „mannlegar fréttir“.

Fyrir þá sem telja loftslagsbreytingar enn vera „erlendar fréttir“ sem komi okkar álíka mikið við og lagabreytingar um flóðhestaveiðar í Langt-í-burtu-istan, skal bent á að málsmetandi útlendingar sækja til Íslands til að sjá breytingarnar með eigin augum.

Fyrir tveimur árum heimsótti Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ísland og sagði á blaðamannafundi að eitt markmið heimsóknarinnar væri „að hann vildi sjá afleiðingar loftslagsbreytinga af eigin raun og nota vitnisburðinn til að efla pólitískan vilja og sannfæra fólk um hversu brýnn vandi loftslagsbreytingar væru“.

### Tusku-makríll í stað lundans?

Við þurfum samt ekki að hafa orð útlendinga fyrir því að loftslagsbreytingar séu að gerast, hér og nú. Vestmannaeyingar horfa forviða á tómt bjargið í einni stærstu varpstöð lunda í heiminum. Sjór hefur hlýnað við Ísland og makríllinn sækir norður á bóginn og á Íslandsmið landsmönnum til mikillar ánægju. En böggull fylgir skammrifi því makríllinn leitar í sama æti og lundinn, með þeim afleiðingum að hann kemur ekki upp afkvæmum sínum, pysjunum.

Sérfræðingar eru á einu máli um að íslenskt efnahagslíf hafi náð sér nokkuð vel eftir Hrunið meðal annars þökk sé tveimur hvalrekum í líki aukins ferðamannastraums og tekna af nýkominni fisktegund: makrílnum. Það er rífandi gangur í sölu tuskulunda á Laugavegi og Skólavörðustíg í Reykjavík, en ef bjargið tæmist endanlega í Eyjum verður lundinn álíka söluvænlegur og geirfuglinn sálugi og fitja verður upp á einhverju nýju. Ekki veit ég hvort tuskumakríll seldist eins og heitar lummur, en það væri auk þess skammgóður vermir því þegar loftslagið er annars vegar virðist allt breytingum undirorpið og ekkert vera endanlegt. Makríllinn gæti horfið eins og hendi sé veifað ef sjórinn kólnar á ný, þegar bráðnunar Grænlandsjökuls fer að gæta í auknum mæli í hafinu.

### #MittFramlag

Sameinuðu þjóðirnar efna til enn einnar loftslagsráðstefnu, þeirrar tuttugustu og fyrstu í röðinni, í París í desember og nú er talið að tímamótasamkomulag kunni að vera innan seilingar. Ljósmyndir Sigurpáls af jöklinum hörfandi, voru hans framlag til átaksins og keppninnar #mittframlag sem íslensk félagasamtök og stofnanir með fulltingi Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna, hafa efnt til í aðdraganda Parísarfundarins.

Nú líður á seinni hlutann í keppninni þar sem sigurvegari fær Parísarferð að launum, en þar er einfaldlega spurt: Hvert er þitt framlag í dag til bættrar umgengni við náttúruna og gegn loftslagsbreytingum?

Og verkefnið er að taka mynd af hverju því sem þér kann að detta í hug og senda gegnum Twitter eða Instagram með #mittframlag eða deila á vefsíðu verkefnisins www.mittframlag.is.




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda frá 15. ágúst, til og með 16. ágúst. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.




## TANZANIA
Bekkur úr eik
fyrir borðstofuna
frá SOUL.

**65.990 kr.** ~~75.990 kr.~~

## TANZANIA
Einstakt borðstofu-
borð frá SOUL. Úr eik.
Stærð: 100 x 200 x 76 cm.

**119.990 kr.** ~~142.990 kr.~~

## TANZANIA
Vandaður skápur í
borðstofuna frá SOUL.
Úr eik, gler í efri hurðum.
Stærð: 160 x 200 x 45 cm.

**349.990 kr.** ~~434.990 kr.~~



## SALLY
Fáir sitja betur.
Hægindastóll PU Brandy,
Rio antrazit og ljósgrár.
Stærð: 72x72 H:88 cm.

**29.990 kr.** ~~39.980 kr.~~




**1.** IVV Diamante diskur, fjögurra hólfa **5.990 kr.** **2.** Broste lukt 73,5 cm. (fleiri stærðir fáanlegar) **12.990 kr.** ~~16.490 kr.~~ **3.** Eva Solo karafla **8.990 kr.** **4.** Iittala Kartio glös (2 stk.) **2.890 kr.** Iittala Teema skál (15 cm.) **3.490 kr.** Iittala Teema diskur (21 cm.) **3.990 kr.** Iittala Taika diskur (30 cm.) **6.490 kr.** **5.** Ilmkerti **2.653 kr.** ~~3.790 kr.~~ **6.** Ilmstrá **2.793 kr.** ~~3.990 kr.~~ **7.** Ilmkerti **1.673 kr.** ~~2.390 kr.~~ **8.** Alessi Anna tappatogari **12.990 kr.**



## DEVON
Tungusvefnsófi. Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

**159.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

## GYRO
Vandaður armstóll
frá Conform
með svörtu leðri
á snúningsfæti.
Stærð: B:67 D:77 H:87 cm



**169.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



## TESS
Skrifborð úr aski með hvítri plötu.
Með þremur litríkum skúffum.
Særð: B:120 D:60 H:76 cm

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



## CLIPPER
Skrifborð hvítt eða svart
Stærð: B:120 D:60 H:75 cm

**34.990 kr.** ~~42.990 kr.~~



## ANACO XL
Hornsófi hægri.
Litur Corsica grár
Stærð: B:288 x 212 x H: 80 cm

**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*




# Vertu eins og heima hjá þér

## Skoðaðu úrvalið í nýja blaðinu okkar



**ELLY**
Stóll. Litir: Ljósgrár,
grár og Town dökkgrár.
Stærð: 83 x 82 x 85 cm

**54.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

**ELLY**
Þriggja sæta sófi.
Litir: Ljósgrár, grár
og Town dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm



**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



**VESTA**
Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár.
Stærð: 300 x 94/160 x 80 cm

**279.920 kr.** ~~399.990 kr.~~

furninova




**Nýtt blað er komið í dreifingu**
http://www.youblisher.com/p/1196290-Husgagnahollin-agust-2015/

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# HELGIN



**Þorsteinn Bachmann, leikari**

### Áfram, Valur!

„Ég er í fæðingarorlofi þannig að ég verð líklega mest með fjölskyldunni. Litla dóttirin er tíu vikna þannig að það eru ansi mikil rólegheit yfir okkur. Ég var reyndar að gæla við að fara á völlinn í dag á Valur-KR og held þar að sjálfsögðu með Val. Í kvöld munum við konan mín kíkja í afmæli til Charlotte Böving.“



**Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðst.maður fjármálaráðherra**

### Hendir skóm

„Ég ætla að sofa, borða, lyfta og láta það eftir Loga að henda/gefa fullt af skóm. Og fara í brúðkaup!“



**Vera Sölvadóttir, kvikmyndagerðarkona**

### Nýtur laugarinnar

„Ég ætla að hanga í Vesturbæjarlauginni eins mikið og ég get af því að henni verður lokað vegna viðgerða frá og með mánudeginum.“



**Jógvan Hansen, söngvari**

### Vinna og heyskapur

„Ég er að fara að vinna. Syng í tveimur brúðkaupum í dag en á morgun getur verið að ég fari í Borgarfjörðinn í heyskap.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á MATARHÁTÍÐ ALPÝÐUNNAR**, Reykjavík Bacon Festival, á Skólavörðustígnum á milli kl. 14 til 17 í dag.



**Á ALLA DÁSAMLEGU TÓNLISTINA** á Jazzhátíð Reykjavíkur.



**STÚLKAN Í TRÉNU,** nýja bók eftir Jussi Adler Olsen sem hefur gott lag á að halda vöku fyrir flestum.



**Á EINS MARGA LEIKI** í enska boltanum og þú getur.



**UNDIRBÚNINGUR Í FULLUM GANGI** Í markaðstjaldinu verður grænmeti frá Sólheimum til sölu. Reynir Pétur Steinunnarson göngugarpur, Valgeir F. Backman og Guðrún Rósalind Jóhannsdóttir skátar aðstoða Hörpu Rós Jónsdóttur við að bera lífræna íþróttanammið úr búðinni út í tjald.

# Sólskinsdagur í Sólheimum

Sólheimar fagna stórafmælum í sinni árlegu Menningarveislu í dag. Fjöldi gesta í Sólheimum hefur sjaldan verið meiri en þetta sumarið og gestgjafarnir því í góðri æfingu að bjóða upp á gott fjör og smitandi gleði.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is

Það verður líf og fjör á Sólheimum í dag þar sem haldið verður upp á Lífræna daginn í Menningarveislu Sólheima. Þessi hátíð er nú haldin í tíunda sinn en fleiri stórafmælum verður fagnað þennan dag á Sólheimum. „Það hittir svo á að í ár eru einnig þrjátíu ár frá Íslandsgöngu Reynis Péturs og Skátafélag Sólheima á einnig þrjátíu ára afmæli. Það er því nóg af tilefnum til að fagna,“ segir Valgeir F. Bachman, skipuleggjandi Menningarveislunnar, en þegar blaðamaður heyrir í honum hljóðið er undirbúningur á fullu. Verið er að reisa markaðstjaldið þar sem framleiðslan sem fer fram á Sólheimum verður til sölu með góðum afslætti.

Að auki verða tvennir tónleikar í Sólheimakirkju, útileikir og spil fyrir alla fjölskylduna, Háskólalestin mætir með fræðandi skemmtun og sýningin um gönguferð Reynis Péturs verður opin. Skátafélagið vígir nýtt skátaheimili á afmælinu og fagnar með varðeldi þar sem hægt verður að baka brauð á priki og skátasöngvar sungnir.

„Það myndast alltaf gífurlega góð stemning á þessum degi og hefur í raun verið góð stemning hjá okkur í allt sumar. Það hefur aldrei verið jafn mikið að gera hjá okkur. Enda er alltaf sól í Sólheimum þótt það rigni aðeins,“ segir Valgeir.

### LÍFRÆNI DAGURINN Á MENNINGARVEISLU SÓLHEIMA

| | |
|---|---|
| **12:00-18:00** | Kaffihúsið Græna kannan, verslunin Vala og markaðstjald. |
| **13:00-17:00** | Leikir fyrir börn á öllum aldri á túninu. |
| **14:00-17:00** | Háskólalestin. |
| **14:00-15:00** | Magnea Tómasdóttir og Inga Björk Ingadóttir með tónleika í Sólheimakirkju. |
| **15:00-17:00** | Vorsabær II kemur með hesta, teymt undir. |
| **15:30-17:00** | Skátaheimili Sólheima vígt. Varðeldur og söngur. |
| **16:00-17:30** | Lífrænt grænmetiströllaseyði af hlóðum Tröllagarðs. |
| **16:00-17:00** | Nikolaus Kattner trúbador treður upp við Grænu könnuna. |

# Suðræn kókosstemning í einum tertubita

Albert Eiríksson býður upp á uppskrift að Bounty-hrátertu sem er ósköp holl en líka óskaplega gómsæt.

Uppskrift að hrátertu með kókosbragði sem er frábær með laugardagskaffinu og er jafnvel enn betri daginn eftir og dugar því líka með sunnudagsmorgunkaffinu.

**Bounty-terta**

- 1 bolli döðlur
- 2½ bolli kókosmjöl
- ¼ bolli kókosolía
- ½ bolli kasjúhnetur
- rifinn börkur af einni appelsínu
- 1 tsk. vanilla
- salt

**krem**

- 100 g dökkt gott súkkulaði
- 2 msk. kókosolía

Skerið döðlurnar frekar smátt og leggið í bleyti ásamt kasjúhnetum í um 20 mínútur. Hellið mesta vatninu af og maukið í blandara. Bætið við kókosolíu, kókosmjöli, appelsínuberki, vanillu og salti og blandið áfram í stutta stund. Setjið kringlótt mót á tertudisk, þrýstið „deiginu“ þar í.

Bræðið súkkulaði og kókosolíu yfir vatnsbaði og hellið yfir tertuna. Kælið í a.m.k. klukkustund eða yfir nótt.

*Fengið af alberteldar.com*



**SUÐRÆN SNEIÐ** Hrátertan er best daginn eftir.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



# Baráttan snýst ekki um mig

**Þingmaðurinn og bóndinn Jóhanna María Sigmundsdóttir fékk að vita tvítug að hún geti aldrei gengið með barn. Hún uppgötvaði að eina leiðin fyrir hana til að eignast barn er ólögleg hér á landi. Það varð til þess að hún hellti sér í rannsóknarvinnu um staðgöngumæðrun og hefur sú vinna skilað sér inn á þing.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Þegar blaðamaður og ljósmyndari birtast í dyragættinni hjá Jóhönnu Maríu á bænum Mið-Görðum í Borgarbyggð er hún að kveðja bóndann af næsta bæ sem kom yfir til að fá sér hádegismat, soðin bjúgu og tilheyrandi. Húsið er að mestu leyti autt, fyrir utan eitt rúm og kaffibollana sem hún setur á borðið fyrir nýkomnu gestina. Hún og fjölskyldan standa í flutningum á mönnum, heimili og skepnum. Fjölskyldan og búslóðin eru enn vestur á fjörðum og Jóhanna María er að gera nýja fjósið klárt fyrir nautgripina með aðstoð vina og vandamanna.

„Heimilisflutningarnir eru ekki flóknir og ég get alveg sofið í marga daga á dýnu á gólfinu. Nautgripirnir og hrossin eru aðalmálið,“ segir Jóhanna María og svarar svo samviskusamlega spurningum blaðamanns um hvernig nítíu nautgripir séu fluttir úr Djúpinu á Vestfjörðum hingað á Vesturlandið. „Við mjólkum að morgni á gamla staðnum og flytjum þá svo í flutningabílum í nýja fjósið, svo seinni mjaltir náist. Þá þarf fjósið líka að vera alveg tilbúið.“

### Dæmigert fjölskyldubú

Jóhanna María er alin upp á Látrum í Djúpinu. Foreldrar hennar hafa verið með búskap þar í fjörutíu ár og pabbi hennar er bókstaflega fæddur á túninu þar. Flutningarnir fela því í sér miklar breytingar fyrir fjölskylduna.

„Ég er svoddan kamelljón þannig að ég á gott með breytingar. Maður þekkir samt hverja einustu spýtu og hvern einasta hól vestur á fjörðum. Svo kemur maður hingað og þetta er eins og að byrja í nýjum skóla. Ég veit ekki alveg hvar ég á að byrja. En ætli þetta sé ekki erfiðast fyrir pabba. Við sáum gott tækifæri í þessu, að kaupa þessa jörð. Hér eru tvö íbúðarhús hlið við hlið og munu foreldrar mínir, ég og yngri bróðir minn búa í öðru húsinu og eldri bróðir minn og fjölskylda hans við hliðina. Þetta verður hið týpíska fjölskyldubú þar sem allir hjálpast að. Það er gott að vera nær höfuðborginni upp á innkaup og viðgerðir – og svo á ég líka möguleika á að komast heim þegar ég er ekki fram á nætur á þinginu.“

### Fullorðinsgírinn

Jóhanna María hefur verið tvö ár á þingi fyrir Framsóknarflokkinn. Hún var 21 árs þegar hún náði kjöri og þar af leiðandi yngsti þingmaður til að hefja störf á Alþingi. Hún segir síðustu tvö ár hafa kennt sér ótrúlega mikið. „Maður lærir smátt og smátt hvernig maður á að haga sér og hvernig maður á að tala. Svo er þetta spurning um að halda dampinum, vita hvað er að gerast í þjóðfélaginu og á sínu heimasvæði. Maður verður líka að muna að maður er þingmaður alls landsins. Vinir mínir grínast með að ég eigi til að detta í „fullorðinsgírinn“. Þegar vinkonurnar eru að plana sumarbústaðarferð þá er ég að fara á fund hjá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þá hlæja þær og segja að ég tali japönsku.“

### Er ekki símadama

Ástæðan fyrir því að Jóhanna er þingmaður Framsóknarflokksins er einföld. Hún hefur lengi haft áhuga á pólitík og þegar það kom tími til að velja flokk settist hún niður með bæklinga frá öllum flokkum og las sér til um stefnumálin. Það leiddi hana til Framsóknarflokksins og eitt leiddi af öðru. Hún lýsir sambandi sínu við flokkinn eins og hjónabandi, það séu góðir dagar og slæmir dagar en allir geti verið hreinskilnir og hún viti alltaf hvar hún standi. En er henni aldrei klappað á kollinn verandi talsvert yngri en aðrir þingmenn?

> **Ég er eiginlega alltaf spurð hvort ég sé ritari eða aðstoðarmaður. Oft þarf ég að sýna skilríki til að sanna að ég sé þingmaður.**

„Ekki af öðrum þingmönnum. En eldri menn úr kjördæminu hringja oft í mig og biðja mig um að skila þessu og hinu til karlmannanna, til Gunnars Braga eða Ásmundar Einars. En tala ekki beint við mig. Þá svara ég því yfirleitt þannig að ég sé ekki símadama. Svo er ég á Eystrasaltsþinginu fyrir Ísland ásamt nær eingöngu gráhærðum karlmönnum. Enda er ég eiginlega alltaf spurð hvort ég sé ritari eða aðstoðarmaður. Oft þarf ég að sýna skilríki til að sanna að ég sé þingmaður,“ segir Jóhanna hlæjandi og segist ekki hugsa mikið um ungan aldur sinn. Hún er alin upp í kringum fullorðið fólk, fréttir og þjóðfélagsmál hafa verið rædd við hana við eldhúsborðið frá því hún man eftir sér og henni er það fullkomlega eðlilegt að vinna með mun eldra fólki. ▶



GAGNRÝNENDUR ERU Á EINU MÁLI:
FIMM STJÖRNU BÓK!
JUSSI ADLER OLSEN
FRÁ DEILD Q:
STÚLKAN Í TRÉNU
SJÖTTA BÓKIN
Jussi Adler-Olsen er óumdeildur konungur danskra glæpasagnahöfunda
„Jussi Adler-Olsen er í toppformi.“
JYLLANDS-POSTEN
„... rosalega góð.“
EKSTRA BLADET
BT
KONAN Í BÚRINU
VEIÐIMENNIRNIR
SKÝRSLA 64
MARCO-ÁHRIFIN
www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



**Í FJÓSINU** Jóhanna María vinnur að því að hreinsa út úr fjósinu og hlöðunni til að geta sett upp nýjar innréttingar. Eftir örfáar vikur hefst þing á ný og því á hún annasama daga fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Þarf að grípa orðið oftar

Jóhanna viðurkennir að hennar helsti galli í starfinu sé að láta ekki heyra nógu mikið í sér, enda hafi hún lært í sínu pólitíska uppeldi að maður biðji ekki um orðið hafi maður ekkert nýtt fram að færa.

„Ég þurfti að venjast nýju fundarformi. Ég var vön hnitmiðuðum fundum hjá félagskerfi landbúnaðarins enda er fólk að skjóta inn fundum á milli mjaltatíma og þarf að vera komið heim fyrir ákveðinn tíma. Þannig að reglan er að maður biður ekki um orðið til að endurtaka eitthvað sem annar er búinn að segja. Fyrst þegar ég kom inn á Alþingi gat ég orðið biluð á því að fólk væri að endurtaka sama hlutinn aftur og aftur. Það var svolítið erfitt fyrir mig að detta í þann gír. En ég er að læra þetta.“

### Fékk þrefalt sjokk

Jóhanna María hefur þó verið áberandi í umræðu um staðgöngumæðrun og ættleiðingar. Þar hefur hún látið til sín taka með löngum ræðum og fyrirspurnum um málefnið. Henni finnst mikilvægt að möguleikinn á staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni sé kannaður til hlítar en ekki að málið sé kæft í fæðingu vegna öfgafullra hugmynda um það. Málið er henni hjartfólgið en hún er sjálf í þeim sporum að geta ekki gengið með barn með eðlilegum hætti.

„Þegar ég var tvítug og tiltölulega nýbyrjuð í framboði missti ég fóstur án þess að hafa vitað að ég væri ólétt. Ég fékk í raun þrjár fréttir í einu. Að ég hafði verið ólétt, að ég hafði misst fóstrið og að ég myndi aldrei geta eignast barn án aðstoðar. Þannig að ég var í miklu sjokki og man varla eftir þessum tíma. Ég var í kosningabaráttu og reyndi að hafa nógu mikið að gera til að fá aldrei lausa stund til að setjast niður og hugsa um mitt ástand.“

### Með ónýtt leg

Jóhanna María mun aldrei geta gengið fulla meðgöngu því legið í henni hafnar fóstrinu. „Ég er með heilbrigð egg, en ónýtt leg. Það hafnar fóstrinu þegar það er komið á visst þroskastig. Legið skynjar þá að fóstrið sé aðskotahlutur, losar festinguna og hreinsar sig út. Læknarnir sögðu mér að ég gæti farið í svakalegan pakka, reynt miklar hormónameðferðir og tæknifrjóvgun en að það væru samt sem áður mjög litlar líkur á að mér tækist að ganga með barn. Þeir sögðu að það yrði algjört kraftaverk. Það eru margir sem hafa komið til mín og sagt að þau séu mörg kraftaverkabörnin – en ég vil ekki lifa á því að mögulega verði ég manneskjan sem fái kraftaverk.“

Í framhaldi af þessum fréttum fór Jóhanna María að kynna sér frjósemisaðgerðir, ættleiðingar og staðgöngumæðrun. „Ég hafði séð fyrir mér að mennta mig og stofna svo fjölskyldu eins og flestir aðrir. Mér fannst það eðlileg næstu skref í lífinu. En svo fær maður að vita að það sé ekki möguleiki lengur. Þá fór ég að skoða þetta betur og komst að því að ég hef í raun ekki rétt á hjálp eins og lagakerfið er á Íslandi. Ef ég væri með ónýt egg gæti ég fengið gjafaegg, en af því að ég er með ónýtt leg þá hef ég enga möguleika.“

### Öfgar í umræðunni

Þessi reynsla Jóhönnu Maríu fékk hana til að skoða staðgöngumæðrun. Nú gat hún vel skilið fólkið sem vill gjarnan hafa þennan möguleika opinn. Það var fólk í sömu stöðu og hún. „Þetta eru konur með ónýtt leg eða ekkert leg. Eins með samkynhneigða karlmenn sem hafa ekkert leg til umráða. Og mér fannst þetta bara svo ósanngjarnt. Að kerfið velji að hjálpa þessum og þessum og þessum. En ekki þessum! Og sá einstaklingur á bara að sætta sig við að fá í andlitið að það sé ekki sjálfgefið að eignast börn. En það er bara ekki sjálfgefið fyrir neinn.“

Jóhanna María vill leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Skýrsla hefur verið gerð um málið og stjórnarflokkarnir eru tilbúnir með frumvarp sem byggt er á þeirri vinnu. Þar er vilji til að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Frumvarpið á eftir að fara fyrir þingið og vonar Jóhanna María að fólk sé tilbúið að líta á málið frá öllum hliðum.

„Fólk dettur gjarnan í gírinn og talar um þriðja heims ríki, framleiðslu á börnum og sölu á líkama kvenna. En við erum að skoða þetta á allt öðrum forsendum og hér á Íslandi þar sem við höfum fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu og sálfræðinga til að aðstoða við ferlið. Það verður að setja þetta mál í samhengi við aðra þjónustu sem pörum sem glíma við ófrjósemi er boðið upp á. Konur sem fá gjafaegg fá önnur erfðaefni, ganga með barnið og eiga það eftir meðgöngu án nokkurra vandræða. En ef einhver gengur með þitt barn, þitt erfðaefni, fyrir þig, þá er þetta orðið að einhverju sem má ekki tala um og málið er kæft í fæðingu.“

### Nauðsynleg lagasetning

Jóhanna María segir mikilvægt að setja lagaramma utan um staðgöngumæðrun, hvort sem hún verður lögleidd hér á landi eða ekki. „Það eru börn að koma til Íslands sem hafa fæðst með þessum hætti erlendis. Það mun halda áfram. Ættingjar úti eru búnir að afsala sér rétti á barninu og hafa ekkert tilkall þannig að börnin koma hingað og við verðum að veita þeim ríkisborgararétt. En þau eiga í raun enga foreldra ennþá og það verður til mikill vandræðagangur í kringum það. Það er vont að láta fjölskyldur rúlla í dómskerfinu í nokkur ár og þarna þarf að grípa inn í og setja lög.“

> „Ég hef fengið að heyra að ég sé bara að berjast fyrir þessu af því að það snertir mig. En það er alls ekki þannig. Ég vil ekkert endilega nota staðgöngumæðrun í framtíðinni, kannski langar mig að ættleiða, kannski langar mig bara ekki að eignast börn. En ég get svo sannarlega sett mig í þessi spor.

### Snýst ekki um mína möguleika

Mögulega hefði Jóhanna María ekkert farið að íhuga barneignir og fjölskyldulíf ef hún hefði ekki fengið fréttirnar fyrir fjórum árum um að hún eigi ekki sama möguleika og aðrir. Í raun höfðu fréttirnar þau áhrif á hana að henni fannst hún þurfa að nota stöðu sína á þingi til að vekja athygli á málinu.

„Fyrir mér snýst þetta ekki um mig og mína möguleika. Fréttirnar sem ég fékk þegar ég var tvítug höfðu þau áhrif á mig að ég hellti mér út í rannsóknarvinnu og starfið hafði mikil áhrif á það. Mér finnst vera galli á lögunum og ég er nú í ágætri stöðu til að vekja athygli á því. Ég hef fengið að heyra að ég sé bara að berjast fyrir þessu af því að það snertir mig. En það er alls ekki þannig. Ég vil ekkert endilega nota staðgöngumæðrun í framtíðinni, kannski langar mig að ættleiða, kannski langar mig bara ekki að eignast börn. En ég get svo sannarlega sett mig í þessi spor,“ segir Jóhanna María og vonar að það muni skapast almennileg umræða um málið þegar frumvarpið verður tekið fyrir á þingi. „Ég vona að hún verði litríkari en bara já eða nei, að rætt verði hvað sé hægt að gera til að bæta frumvarpið og umræðan verði tekin á hærra stig. Ég vil endilega bæta þetta frumvarp eins mikið og hægt er.“

### Dreymir um gott bú

En Jóhanna María er ekki á þeim stað í lífinu að hún hugi að barneignum. Hún lætur duga að fá frændsystkini sín lánuð, dekra þau og knúsa, og svo skila þeim aftur til foreldranna. Þessa dagana er hún ein á risastórri jörð að vinna frá morgni til kvölds við að standsetja bú fjölskyldunnar. Hús bróður hennar þarf að vera tilbúið áður en grunnskólinn hefst og hún vonast til að fjósið verði tilbúið í október þannig að foreldrar hennar geti flutt sig yfir. Tvö ár eru eftir af kjörtímabilinu en hún segir of snemmt að segja til um hvort hún fari aftur í framboð. Í haust mun hún þar að auki hefja nám í miðlun og almannatengslum við Bifröst. „Ég ætla að taka námið hægt og rólega með vinnunni. Ég er á þeim aldri að maður ætti að vera að klára háskóla – ef ég hefði haldið dampi. Ég hef mikinn áhuga á að tengja þetta nám inn í félagskerfi landbúnaðarins. Það gæti farið vel með því að búa hér og taka við búinu, ef þetta gengur upp eins og okkur dreymir um. Svo sagði einhver að lífið væri ekki búið eftir fertugt þannig að ég held nú að ég hafi nógan tíma, aðeins 24 ára gömul.“

# 30-50%

# AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM*

**LAUGARDAG OG SUNNUDAG**



**30% AFSLÁTTUR**
**VERÐ NÚ: 11.899 KR.**



**50% AFSLÁTTUR**
**VERÐ NÚ: 7.999 KR.**



**30% AFSLÁTTUR**
**VERÐ NÚ: 4.999 KR.**



**30% AFSLÁTTUR**
**VERÐ NÚ: 6.999 KR.**

ÁRNASYNIR

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir á meðan birgðir endast. Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**
**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# FATASKÁPADAGAR




## 3 EINFÖLD SKREF AÐ ÞÍNUM DRAUMAFATASKÁP

### 1



### VELDU STÆRÐ

Komdu með málin á rýminu til okkar og við hjálpum þér að skipuleggja skápinn. Þú velur þá stærð sem þér hentar og lit. Allir skáparnir okkar eru 220 cm á hæðina.



50 cm 100 cm 50 cm 100 cm 25 cm 96/96 cm



203 cm 253 cm 303 cm



### 2

### VELDU ÚTLIT/ÁFERÐ

Veldu útlit sem þér finnst fallegast - viðar-, spegla- eða háglansáferð. Einnig hægt að velja milli mismunandi lita á grunnskápum.



### 3

### VELDU SKIPULAGIÐ

Ráðfærðu þig við sölumenn okkar og þeir leiðbeina þér með innra skipulag skápsins. Hér er sýnt aðeins brot af þeim lausnum sem við bjóðum uppá.



Skúffa á brautum



Skilrúm í skúffu



Skilrúm



Bindarekki

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

* afsláttur gildir af öllum fataskápum nema áður lækkuðum fataskápum eða merktum "Everyday Low Price"

# 15. - 30. ágúst





Bianca fataskápur
*Áður 163.300 kr.*
Nú 122.475 kr.
SPARAÐU **40.825 kr.**

Grár fataskápur, rennihurðir með gráu gleri. Hilla og fataslá fylgir.
203x220x65 cm



Bianca fataskápur
*Áður 196.300 kr.*
Nú 147.225 kr.
SPARAÐU **49.075 kr.**

Hvítur fataskápur, rennihurðir með hnotu og hvítu gleri. Hilla og fataslá fylgir.
203x220x65 cm



Bianca fataskápur
*Áður 177.375 kr.*
Nú 133.031 kr.
SPARAÐU **44.344 kr.**

Svartur fataskápur með hvítum háglans hurðum og einni speglahurð. Hilla og fataslá fylgir.
225x220x65 cm




Skóhilla


Kommóða


Snúningshilla í hornskáp


Skúffa


Geymslukassi


Skyrtuhilla



## 25-50%
## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

## Kaffihús

Camembertbeygla
*með pestó, salati, rauðlauk, sólþurrkuðum tómötum og chilisultu*
995 kr.



VEXTIR 0%*

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

shop online

# Allir eru bolir inn við beinið

Slanguryrðið bolurinn hefur verið notað í nokkur ár yfir hinn hefðbundna Íslending. En hvað þýðir nákvæmlega að vera bolur? Hver er uppruni orðins? Eru birtingarmyndirnar fleiri en ein? Fréttablaðið leitaði svara við þessum spurningum.

**Kjartan Atli Kjartansson**
kjartanatli@365.is



Að bíða í röð þegar erlend fyrirtæki opna útibú hér á landi, að grilla kótilettur við öll tækifæri og að elska Eurovision skilyrðislaust eru meðal einkenna bolsins. Hið margþætta slanguryrði „bolurinn“ hefur verið notað yfir tiltekna manngerð undanfarin ár og má segja að orðið sé hægt og rólega að festa sig í sessi í vitund almennings. Undanfarna daga hefur það meðal annars verið notað yfir þá sem biðu í hinni frægu röð fyrir utan Dunkin’ Donuts til þess að fá ókeypis kleinuhringi eftir bandarískri uppskrift.

Bolurinn er nefnilega hagsýnn, eins og blaðamaður komst að þegar hann ræddi við þá sem hafa stuðlað að því að þetta slanguryrði er hreinlega að verða að nokkuð vel skilgreindu hugtaki. En til þess að komast að raunverulegri merkingu orðsins er ekki hægt annað en að leita aftur í upprunann og þá er slegið á þráðinn til Björgvins nokkurs Halldórssonar, sem söng manna fyrstur um bolinn.

### „The ordinary Joe“

Upphaf slanguryrðisins má rekja til lags Brimklóar sem ber titilinn Bolur inn við bein, samið af þeim Björgvin Halldórssyni (höfundi hugtaksins) og Jónasi Friðriki Guðnasyni. „Þetta fæddist bara í stúdíóinu,“ segir Björgvin um slangrið og heldur áfram: „Þetta er staðfært úr bandarísku og evrópsku þjóðfélagi. Þetta nær yfir „The Ordinary Joe eða Joe Smo“, eins og sagt er í Bandaríkjunum. Bolurinn er bara venjulegt fólk, límið sem heldur samfélaginu saman og er alls ekki meint í niðrandi merkingu.“

Björgvin segir enn fremur að bolur geti haft margþætta merkingu og náð yfir mismunandi hópa fólks.

*En hvaðan kemur orðið bolur?*

„Segjum að það sé verið að opna nýtt fyrirtæki og bolir gefnir í tilefni af því. Fólk sem fer þangað og fær frían bol og gengur í honum stolt um bæinn; það er bolurinn. Þaðan kemur þetta,“ svarar Björgvin.

### Hinar mörgu birtingarmyndir bolsins

Henry Birgir Gunnarsson íþróttafréttamaður hefur verið duglegur að halda slanguryrðinu á lofti undanfarin ár. Henry hefur meðal annars staðið fyrir hinum árlega boladegi á Twitter, þar sem Íslendingar reyna að fá svör frá þekktum stjörnum í gegnum samskiptamiðilinn. Henry segir að birtingarmyndir bolsins séu margar; að hægt sé að tala um „bolahegðun“ við hinar ýmsu aðstæður.

„Í grunninn er þessi takmarkalausa auðmýkt Íslendingsins til þess að vera ofboðslegur bolur alveg mögnuð. Við hikum ekki við að standa í röð eftir kleinuhringjum eða McDonalds. Og við höfum ekkert betra að gera en að hanga í „Bolalindinni“, því okkur dettur ekkert betra í hug. Við megum varla sjá nokkurn einasta mann sem er frægur án þess að taka mynd af viðkomandi og segja frá því,“ útskýrir Henry.

Henry telur síðan upp nokkrar tegundir bolsins: „Við erum með sólarlandabolinn, sem notar appið Instaweather í gríð og erg, þú ert ekki sólarlandabolur nema þú „instaveðrir“ þig í gang. Svo er það bolurinn á samfélagsmiðlunum. Þar fær bolurinn rödd og áhorfendur og getur bolað sig í drasl. Við sjáum til dæmis fólk sem er eða var dálítið þekkt í samfélaginu og þykir kannski þjóðfélagslega þenkjandi. Þannig einstaklingar eru duglegir við að koma út skoðunum sínum um alla mögulega hluti til þess að sýna hversu klárir þeir eru. Og síðan mætir bolurinn í klappliðið og „lækar“ allt sem þessir einstaklingar segja á Facebook.“

### Bolurinn heldur með Liverpool

Henry Birgir tiltekur fleiri tegundir af bolnum. Hann segir hinn hefðbundna bol yfirleitt halda með Liverpool í ensku knattspyrnunni. „Hinn týpíski bolur talar um Robbie Fowler sem guð og er með mynd af Kop-stúkunni í „cover-mynd“ á Facebook. Hann tekur leikina alvarlegar en nokkur annar og er fljótur að skipta um prófælmynd eftir því hver skorar fyrir félagið. Auðvitað er United-bolurinn og Arsenal-bolurinn líka sterkir, en þeir taka leikina ekki eins alvarlega og Liverpool-bolurinn.

Undir þessi orð tekur Baldur Beck, fjölmiðlamaður og vinur Henrys. Hann hefur einnig verið duglegur að halda slanguryrðinu á lofti í gegnum tíðina. „Það er ekki spurning að hinn týpíski bolur heldur með Liverpool.“ Baldur tiltekur fleiri atriði sem einkenna bolinn. „Hann hefur rosalega gaman af því að hringja inn í útvarpið. Hann hringir inn og tekur „debatt“ við þáttastjórnendur. Bolurinn fer líka til Benidorm, á selfístöng og grillar mikið.“

### Bolur inn við beinið

Bæði Baldur og Henry segjast vera bolir inn við beinið. „Allir eru bolir að einhverju leyti,“ segir Baldur og bætir við hlæjandi: „Það eru líklega allir Íslendingar bolir nema kannski Megas.“ Þeir félagar eru sammála um að eitt skilji þá frá hinum hefðbundna bol, eitthvað sem þeir öfunda hann af. „Hinn hefðbundni bolur veit ekki af því að hann er bolur. Það er snilldin,“ útskýrir Henry.

Á samfélagsmiðlum má sjá marga nota slanguryrðið yfir sína eigin hegðun. „Já, þetta fer í einhvern hring, ef menn vita að þeir eru bolir og eru viljandi að bola. Það er allt annað en að gera þetta ómeðvitað. Meðvitaði bolurinn getur leikið sér með þetta. Hann getur búið til aðstæður þar sem hann getur leikið sér með þetta og kitlað bolinn í sjálfum sér,“ útskýrir Henry.

Hann segir enn fremur að notkun þeirra félaga og annarra á hugtakinu sé líklega einhver leið til að skilgreina samfélag sitt. „Þetta snýst um að skilja þá sem eru í kringum mann. Þetta er svolítið Seinfeld-legt, að pæla svona mikið í hjarðhegðun og fleiru.“

En báðir taka það skýrt fram að þeir séu ekki að setja sig á æðra plan en almenning, eiginlega þvert á móti. Báðir segjast öfunda hinn hefðbundna bol.

### Boladrottningin

Lilja Katrín Gunnarsdóttir blaðamaður hefur einnig verið dugleg að nota slanguryrðið og titlar sig sem „Queen of bols“, eða Boladrottninguna. Hún er ósammála Henry og Baldri, segir boli alveg geta verið meðvitaða um bolinn í sjálfum sér. „Til dæmis er ég dugleg að taka myndir af mér með frægu fólki á borð við Birgittu Haukdal og Stebba Hilmars. En vissulega eru sumir helbolaðir og átta sig ekki á því. En það er bara mjög gott. Það er engin skömm að því að vera bolur.“

Hún tekur undir að allir séu bolir inn við bein, eins og segir í textanum. „Við erum smáþjóð og smáborgarar. Fólk á bara að taka sínum innri bol fagnandi. Bolurinn elskar til dæmis þegar gítarinn er rifinn upp í partíi og að sjálfsögðu er Stál og hnífur á lagalistanum. Bolurinn grillar hvenær sem er. Og helst kótilettur í Bónus-marineringu. Bolurinn er líka hamingjusamastur þegar hann fær eitthvað frítt; hvort sem það eru pylsur, blöðrur eða buff. Bolurinn sýnir vissulega af sér hjarðhegðun en syndir líka á móti straumnum. Hann brjálast þegar Reykjavík síðdegis seinkar um klukkutíma og fussar og sveiar ef Domino’s breytir matseðlinum. Því bolurinn vill ekki breytingar.“




**BOLALEGT** Viðmælendur Fréttablaðsins voru allir sammála um að það sé bolalegt að standa í röð og bíða eftir ókeypis kleinuhringjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



## BOLALEGIR HLUTIR OG ATHAFNIR

*Fréttablaðið ræddi við nokkra sérfræðinga um bolinn og bað þá að tiltaka bolalega hluti og athafnir. Hér er listinn, sem er þó ekki tæmandi:*

- Selfie-stöng
- Bolamyndir *(mynd með einhverjum frægum).*
- Buff
- Bolir með I love (erlend borg)
- Bylgjulímmiði í afturrúðunni
- Kassagítar í partíum
- Ættarmótstrúbadorinn
- N1 vegabréf
- Merktar fríar flíspeysur
- Crocs-skór
- Carlsberg-bjór
- Þorláksmessutónleikar Bubba
- Insta-weather
- Fólk sem kjaftar frá sjónvarpsþáttum, sem það sá áður en þeir komu á dagskrá á Íslandi.
- Að fá eitthvað frítt á bæjarhátíðum.
- Monta sig af mjög fjarskyldu skyldmenni sem er frægt, en þú hefur aldrei hitt.
- Að pósta jákvæðum fréttum úr erlendum fjölmiðlum og glæsilegum myndum af Íslandi á Facebook.



## ➜ Bolur inn við bein

Texti: Björgvin Halldórsson,
Jónas F. Guðnason
Af plötunni Smásögur (2004)

*Ég vil góða steik, franskar með*
*Fótbolta og heyrt og séð*
*Ég er það sem ég er*
*Bolur inn við bein*

*Ég vil fá kaffið svart, kleinu með*
*Heitar konur og ölið kalt.*
*Er það sem ég er,*
*bolur inn við bein.*

*Vil engan kavíar, eða sushi bar,*
*Enga skatta og skúringar,*
*Ég er bubba fan,*
*og bolur inn við bein*

*Ég vil flugu á stöng …*
*og verðið lágt,*
*Halla og ladda … og menn í sátt.*
*Er það sem ég er …*
*bolur inn við bein.*

*Ég vil Levis brók … og káboj skó.*
*Graut og slátur og frið og ró.*
*Er það sem ég er,*
*bolur inn við bein.*

*Hundsa pólitík, já og hræsni takk.*
*Fólk með stæla og skítapakk.*
*Ég er elvis fan og*
*bolur inn við bein.*

*Einmitt það sem ég er.*
*Bolur inn við bein …*



BALDUR BECK

BALDUR BECK

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

markhonnun.is

nettó
kræsingar & kostakjör




Mjódd - Salavegur - Búðakór- Akureyri - Höfn - Grindavík
Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir - Selfoss - Grandi

**Tilboðin gilda**
**15.ágúst til 17.ágúst**




**VAR KYRRSETUKONA** Þegar Sigrún prófaði sjósund í fyrsta skipti fyrir sjö árum var hún kyrrsetukona í yfirvigt. Í dag syndir hún yfir Ermarsund, tekur þátt í hlaupa- og hjólakeppnum, þríþraut og skreppur upp Esjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heiður að vera hvunndagshetja

Sigrún Þ. Geirsdóttir komst í fjölmiðla landsins í síðustu viku þegar hún synti fyrst íslenskra kvenna yfir Ermarsund. Hún byrjaði að hreyfa sig fyrir sjö árum, lærði skriðsund fyrir tveimur árum og í síðustu viku skráði hún sig á spjöld sögunnar.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Sigrún Þ. Geirsdóttir komst í fjölmiðla landsins í síðustu viku þegar hún synti, fyrst íslenskra kvenna, yfir Ermarsund. Sundið tók 22 klukkustundir og 34 mínútur. Þvílíkt hreystimenni, sögðu landsmenn með aðdáun og hafa líklega flestir ímyndað sér að þessi kona hafi fæðst með íþróttaskóna reimaða á sig og æft sund frá blautu barnsbeini. En þannig er það aldeilis ekki. Þar til fyrir sjö árum lét Sigrún helst ekki sjá sig í sundlaugum landsins.

„Ég var kyrrsetumanneskja og hreyfði mig lítið. Var alltof þung og líkamlega ástandið ekki sérlega gott, var með astma og exem. Svo dró systir mín mig með sér í sjósund árið 2008 og ég heillaðist upp úr skónum. Mér fannst tengingin við náttúruna svo góð og þetta bætti bæði líkamlega og andlega líðan. Nú er ég mörgum kílóum léttari og nánast laus við astmann. Andlega er ég á nýjum stað, er orkumeiri og ánægðari með sjálfa mig."

### Ákvað að fara í skriðsundkennslu

Eftir tveggja ára sjósundiðkun fann Sigrún mikinn mun á sér. Áhuginn á hreyfingu óx með meiri getu. Litlir sigrar eins og að geta gengið á Esjuna og Hvannadalshnúk eða fara út að skokka gáfu henni byr undir báða vængi. Árið 2011 synti Sigrún Viðeyjarsund en það var ekki fyrr en sjósundhópurinn hennar fékk þá hugmynd að synda boðsund yfir Ermarsund að hún ákvað að skella sér í sundkennslu.

„Það eru bara þrjú ár síðan ég lærði skriðsund. Þar til þá hafði ég alltaf synt bringusund. Ég æfði í eitt ár og svo fór ég með sjósundkonunum mínum, sem kalla sig Sækýrnar, yfir Ermarsundið í boðsundi. Við fengum þessa brjálæðislegu hugmynd eitt kvöldið heima hjá mér en mér fannst gáfulegra að læra sund áður en ég færi út í það verkefni."

### Hugsaði um hundinn sinn

Sigrún synti aftur boðsund yfir Ermarsund árið 2014 og eftir það fann hún að hana langaði að prófa að synda ein. Hún byrjaði að æfa á fullu fyrir það og undirbúa sundið. Það þarf að panta bát, fá leyfi í Dover, fara í læknisskoðun og taka sex tíma reynslusund hér heima svo eitthvað sé nefnt.

„Mikilvægasti undirbúningurinn er samt að kunna að stilla hausinn rétt. Ég hafði heyrt margar reynslusögur af því hvernig hausinn klikkar í sundinu. Þá fer fólk að hugsa einhverja vitleysu, fá ranghugmyndir, missa alla trú á sér og finna ástæðu til að hætta og gefast upp. Ég var því búin að ákveða hvað ég ætlaði að hugsa ef ég fyndi ruglhugsanir ryðjast inn, nokkurs konar möntru." Sigrún fer að hlæja þegar blaðamaður spyr hvort hún vilji segja frá möntrunni sinni. „Ég hugsaði um hundinn minn, hann Fróða. Ég sá hann alltaf fyrir mér koma hlaupandi á móti mér þegar ég kem heim úr vinnunni. Ég vil samt taka það fram að ég á yndislegan eiginmann og þrjú börn."

### Kók kom henni yfir

Þrátt fyrir góðan undirbúning var sundið afar erfitt. Hún hefur aldrei orðið sjóveik á ævi sinni en varð það eftir þriggja og hálfs tíma sund, eftir fyrstu fjórar matargjafirnar. Áhöfnin á skipinu sem fylgdi henni á sundinu kastaði til hennar brúsa í bandi sem innihélt kolvetnissprengju. En Sigrún hélt engu niðri.

„Það fór allt í hnút í maganum. Næstu sex til sjö klukkutíma kastaði ég upp í hvert skipti eftir matargjöf. Eftir tíu tíma var ég orðin köld og orkulaus. Þá var matseðlinum breytt og mér var gefið kók, súkkulaði og Jelly Babies. Það borðaði ég næstu tíu tímana."



**SUNDHETTA Í STÓRUM SJÓ** Það sést glitta í Sigrúnu í stóra hafinu. Þarna er hún búin að synda í fjóra tíma en alls synti Sigrún 65.000 sundtök.



**MIKLIR STRAUMAR** Leiðin er 62,7 kílómetrar. Straumarnir eru svo miklir að ekki er hægt að fara beina leið yfir.

### Ástvinir fullir af lygi

Jóhannes Jónsson, maðurinn hennar Sigrúnar, var á bátnum sem fylgdi henni eftir ásamt tengdadóttur, vinkonu og kærasta hennar. „Það er ekki æskilegt að hafa makann með því þeir geta víst skemmt sundið. Það er erfitt að horfa upp á manneskjuna sem þú elskar mest gubba, gráta, vera sára og svekkta. Því það var oft ansi erfitt hjá mér. En það var rosalega gott að hafa hann með og hann stóð sig ótrúlega vel. Það komu alveg upp augnablik þar sem ég vildi hætta en þá hvatti þetta eðalfólk mig áfram. Þau ættu í raun að fá fálkaorðuna í að ljúga, því þau voru alltaf að segja mér að það væru bara tíu mínútur eftir. Jafnvel þótt ég væri bara búin með sjö tíma sund," segir Sigrún hlæjandi.

### Fáum tekst að klára sundið

Sigrún kom heim á fimmtudaginn síðastliðinn og er enn að jafna sig eftir þrekvirkið. Fyrstu þrjá sólarhringana gat hún ekki klætt sig sjálf því hendurnar á henni voru sem lamaðar. En hún segir að þetta sé allt að lagast og „svo er húðin að jafna sig eftir alla þessa kókdrykkju," bætir hún við.

Blaðamaður spyr af mikilli hvatvísi eftir þessar lýsingar af hverju hún fari út í svona vitleysu og uppsker mikinn hlátur. „Ég geri þetta ánægjunnar vegna. Jú, jú, ætli ég sé ekki með ágætis keppnisskap en ég er engin íþróttakona. Þetta snýst um að hafa gaman, njóta og klára. Tímatakan skiptir engu máli. Það sama gildir um hlaup og tvíþrautakeppnir sem ég hef tekið þátt í – ég ætla ekki að vinna neinar medalíur. "

En Sigrún hefur uppskorið mun meira en medalíu. Hún hefur skráð sig á spjöld sögunnar. „Það er sérstök tilfinning, ég verð að viðurkenna það. Enda er ég virkilega stolt af þessu afreki mínu. Þetta var mjög erfitt og ekki nema einn af hverjum fimm sem reyna Ermarsundið ná að klára það. Mér þykir vænt um að vera fyrirmynd fyrir venjulegt fólk sem heldur að það þurfi að hafa svaka íþróttaferil til að setja sér svona markmið. Þetta snýst mun frekar um rétt hugarfar. En já, það er mikill heiður að fá að vera hvunndagshetja," segir Sigrún hógvær.





# Full af ást og innsæi

★★★★

**„Sterk, forvitnileg og heillandi...“**

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

**„Listavel skrifuð bók.“**

LE FIGARO

**Hún var ung og heillandi – hann varð dularfyllsti rithöfundur 20. aldar**




*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




## Tenerife



Stórglæsilegur valkostur!

**H10 Conquistador**
m/hálfu fæði
**Frá kr. 130.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 130.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 147.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
5. janúar í 7 nætur.



Góð íbúðahótel!

**Tenerife Sur**
**Frá kr. 69.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
24. október í 7 nætur.

## Kanarí



Glæsilegur valkostur!

**Barcelo Margaritas**
m/allt innifalið
**Frá kr. 139.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 173.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
18. nóvember í 14 nætur.



Góður valkostur!

**Apt. Dorotea**
**Frá kr. 68.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 68.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
27. janúar í 7 nætur.

## Agadir



Glæsilegur valkostur!

**Iberostar Founty Bay**
m/allt innifalið
**Frá kr. 138.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 138.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 184.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
26. október í 10 nætur.



Hagkvæmur valkostur!

**Tulip Inn**
m/hálfu fæði
**Frá kr. 121.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 121.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 134.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
26. október í 10 nætur.

## Madeira



Vinalegur valkostur!

**Enotel Quinta Do Sol**
m/hálfu fæði
**Frá kr. 160.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 160.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
24. apríl í 9 nætur.



Hagkvæmur valkostur!

**Hotel Girasol**
m/morgunmat
**Frá kr. 125.900** m/bók.afsl.
Netverð á mann frá kr. 125.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
24. apríl í 9 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA · NM66683

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Andrés Jónsson
almannatengill




**NOTES**
Skrái alls kyns punkta og hugmyndir í þessu. Þeir sjást síðan strax sjálfkrafa í tölvupóstinum. Stundum er einfaldasta appið það besta.

**INSTAGRAM**
Til komast að því hvar fólk er og hvað það er að gera. Instagram er persónulegra en Facebook og Snapchat og fólk ófeimnara.

**TWITTER**
Ég fylgi nærri öllum Íslendingum sem ég sé á Twitter. Þetta er besta leiðin til að sjá hvað fólk er að tala um, hvernig það talar og til að uppgötva klárt og skemmtilegt fólk.

**PODCASTS**
Ég hlusta yfirleitt á 60-90 mínútur af útvarpsþáttum á netinu daglega. Aðallega viðtöl við áhugaverða frumkvöðla og rithöfunda.

**HARVEST**
Í því skrái ég og held utan um alla þá útseldu tíma sem ég vinn fyrir skjólstæðinga Góðra samskipta. Mjög mikilvægt til að geta rukkað fyrir ráðgjöf.

**TRIPIT**
Maður áframsendir tölvupóst frá flugfélögum og hótelum á appið og það heldur utan um allt ferðaskipulagið.

**HIGHRISE**
CRM-forrit með upplýsingum um alla sem ég hef átt í beinum samskiptum við auk nokkurra annarra, alls um 15.000 manns.

**BUYCOTT**
Skannar strikamerki og gefur upplýsingar um hvernig framleiðandinn stendur sig í umhverfisvernd, framkomu við starfsfólk og hvort þetta sé nokkuð síbrotafyrirtæki.

# Öld ónæmis blasir við okkur

Eftir sex áratugi af hömlulausri notkun á sýklalyfjum blasir breyttur heimur læknavísinda við. Við hundsuðum varnaðarorð Alexanders Fleming, mannsins sem uppgötvaði töfralyfið, og verðum nú að horfast í augu við óljósa og sýkta framtíð.

**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@365.is





**ÓNÆMI** Sýklalyf eru forsenda heilbrigðisþjónustu eins og við þekkjum hana í dag. MYND/GETTY

Tólin eru af ýmsum toga. Þann 9. febrúar 1941, þegar jarðarbúar voru á barmi þess að tæta heimsmynd sína í sundur, óskaði Winston Churchill eftir hergögnum frá Bandaríkjunum: „Gefið okkur verkfærin, og við klárum verkið," sagði Churchill. Sama dag lá Albert nokkur Alexander í sjúkrarúmi í Oxford. Sýking hafði svipt hann sjóninni. Hann átti aldrei eftir að sjá rósarunnana á ný. Þegar þýskum sprengjum rigndi yfir Bretlandseyjar nokkrum dögum áður sat Albert í moldarbeði við heimili sitt í borginni og hugaði að rósunum. Garðklippurnar voru verkfæri Alberts. Sögulegar heimildir eru á reiki um hvað gerðist næst en svo virðist sem Albert hafi hrasað og hruflað andlit sitt á þyrnunum.

Næstu vikur háði ónæmiskerfi Alberts eigin heimsstyrjöld við bandalag streptó- og stafýlókokka. Orrusta af þessu tagi hafði farið fram ótal sinnum og í ótal mörgum líkömum. En ónæmiskerfi Alberts var það fyrsta sem naut liðsinnis framandi hergagna. Penisilín flæddi um líkama hans. Eftir blóðugt stríð var sýkingin loks í rénun og skyndilega var sigur í höfn. Skaðinn var þó skeður og hýsillinn Albert – augnalaus og þakinn sárum – var allur. Orrusta Alberts átti eftir að breyta heiminum. Hann fékk fyrstur manna penisilín í æð og það átti eftir að sanna sig sem öflugra tól en allar sprengjur styrjaldarinnar sem geisaði fyrir utan spítalann í Oxford.

### Gullöld

Á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að lögreglumaðurinn með grænu fingurna lést hafa sýklalyf á borð við penisilín flætt um æðar milljóna manna. Sá sem stóð við sjúkrarúmið í Oxford, með sprautu á lofti, var Alexander Fleming. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í læknisfræði 1945 fyrir uppgötvun penisilíns. Fleming gerði sér grein fyrir gífurlegum möguleikum lyfsins, en hann var einnig meðvitaður um hættuna sem fylgir þeim. „Sá dagur mun koma að penisilín verður aðgengilegt öllum," sagði Fleming við verðlaunaathöfnina. „Þá er hætta á að hinn fávísi noti lyfið í of litlu magni og örverur hans komist í tæri við lyfið í vægu magni svo ónæmi myndast."

Þarna var Fleming að lýsa stöðu mála eins og hún er í dag. Sýklalyfjaónæmi er meiriháttar ógn við almannaheill. Eða, eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin orðar það: „Þessi ógn er ekki lengur spá, hún er til staðar, í öllum heimshornum og getur haft áhrif á hvern sem er, á hvaða aldri sem er, í hvaða landi sem er."

„Við misstum okkur í gleðinni, það leikur ekki nokkur vafi á því," segir Magnús Gottfreðsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum. „Sama hvert við lítum þá hefur notkun sýklalyfja verið hömlulaus og óhófleg og nánast án eftirlits. Það er fyrst núna sem menn eru að vakna upp við vondan draum."

### Veröld án sýklalyfja

Uppgötvanir sem gjörbylta samfélagi okkar eiga það til að hverfa í bakgrunninn. Þær verða sjálfsagðar. Þegar þessir sjálfsögðu hlutir eru síðan teknir út úr jöfnunni gengur dæmið ekki upp. Í veröld án sýklalyfja fer almenn heilbrigðisþjónusta úr skorðum. Lyfjameðferð vegna krabbameins er nær óhugsandi þar sem fjöldi hvítkorna hrynur í blóði krabbameinssjúklinga með tilheyrandi hættu á sýkingu. Hætta á blóðsýkingu hjá þeim sem þurfa á himnuskiljun að halda verður óásættanleg. Í raun verður erfitt að opna líkama sjúklings án þess að horfast í augu við mikla hættu á sýkingu. Sótthreinsun, hrein herbergi og sóttkví koma aðeins í veg fyrir sýkingu frá umheiminum. Fyrir hverja frumu í líkamanum eru 10 örverur. Þær eru trilljón talsins. Það er því töluverð hætta á að bakteríur á húðinni rati fyrir slysni ofan í líkamann þegar hann er opnaður. Við erum sjálfum okkur verst.

Jafnframt mun töluverð hætta stafa af hversdagslegum slysum. Albert okkar er ágætt dæmi um það. Þar sem hin minnsta skráma getur valdið alvarlegum veikindum. Þá munu hefðbundnar pestir verða erfiðar viðureignar. Þegar heimilislæknirinn þinn ávísar sýklalyfjum vegna streptókokka þá er það ekki gert svo að þú verðir betri í hálsinum. Sýkingin getur nefnilega leitt til þess að ónæmiskerfið ráðist á hjartalokur og eykur líkur á hjartavanda í framtíðinni.



> **Við misstum okkur í gleðinni, það leikur ekki nokkur vafi á því.**
> *Magnús Gottfreðsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum.*

„Þetta er kannski hinn stóri harmleikur sögunnar," segir Magnús. „Að menn hafa verið að nota sýklalyf þegar það á engan veginn við. Af því hlýst bæði kostnaður fyrir sjúklinginn og ónæmi sem allir í kringum hann verða fyrir barðinu á fyrr eða síðar."

### Ónæmi á Íslandi

Í nýrri skýrslu frá Embætti landlæknis um sýklalyfjanotkun kemur fram að notkun þeirra hefur minnkað frá 2012. Þá hefur sýklalyfjanotkun í dýrum einnig minnkað en sérstakar áhyggjur vekur vaxandi ónæmi iðrabaktería hjá mönnum fyrir breiðvirkum sýklalyfjum en það eru vetnissprengjur fúkkalyfjanna. Þær drepa allt. Ónæmi ætti „að vera hvatning innan heilbrigðiskerfisins til skynsamlegrar sýklalyfjanotkunar hér á landi" segir í samantektinni.



> **Við erum þegar farin að sjá áhrifin af þessu í samfélaginu og maður hefur engar aðrar forsendur en að halda að þetta muni aukast.**
> *Þórólfur Guðnason, settur sóttvarnalæknir.*

Þórólfur Guðnason, settur sóttvarnalæknir, segir Íslendinga standa sig nokkuð vel í alþjóðlegum samanburði. Hann ítrekar að ónæmar bakteríur og þær bakteríur sem valda alvarlegum sýkingum fara ekki alltaf saman. „Það er ekki endilega samsvarandi aukning," segir Þórólfur. „Við erum þegar farin að sjá áhrifin af þessu í samfélaginu og maður hefur engar aðrar forsendur en að halda að þetta muni aukast."

Sýkingavarnir hafa verið efldar á Landspítalanum að sögn Magnúsar. Þær voru lengi afgangsstærð. Hönnun spítalans er hluti vandans. „Margra manna stofur, klósett sem nýtt eru af kannski tíu einstaklingum. Hvernig er hægt að stunda nútíma læknisfræði á deildum sem hannaðar voru á fjórða áratugnum?"

Hann bendir jafnframt á að í yfirgnæfandi hluta tilfella á notkun sýklalyfja sér stað utan spítalans. „Sennilega 90% af allri notkun þeirra á sér stað utan manna. Sýklalyf á spítölum eru kannski í kringum 1% af allri notkun."

Þórólfur og Magnús eru sammála um að þörf sé á aðhaldi í notkun lyfjanna en um leið er þörf á nýjum lyfjum. Þrír áratugir eru síðan nýtt lyf kom á markað. Þróun þeirra er kostnaðarsöm og tímafrek en alls ekki ógerningur. Lyfjafyrirtækin þurfa annars vegar að takast á við stuttan notkunartíma sýklalyfja og hins vegar það að einkaleyfi falla úr gildi eftir ákveðinn tíma. „Þá kemur upp þessi sérkennilega þversögn. Er það þá hagur lyfjafyrirtækja að hvetja lækna og aðra til að nota þessi lyf óhóflega og þar með eyðileggja þau?" spyr Magnús.

„Ég er bjartsýnismaður að eðlisfari. Nýjar aðferðir í lyfjaþróun munu fyrr eða síðar leiða til nýrra lyfja. Útbreiðsla ónæmra sýkla bendir til að þeir muni halda áfram að breiðast út. Víglínan hefur færst aftur undanfarin ár," segir Magnús að lokum.

# Ísdagurinn 2015

## Dagskrá:

Ingó Veðurguð
Leikhópurinn Lotta
Kraftabraut Hjalta Úrsus
Gunni Helga og Jói G.

Smakkaðu eins mikinn ís og þú getur í þig látið. Þorir þú að prófa kamelmjólkurís, gráðaostsís, grískan jógurtís, poppkornsís eða mysingsís?

**Skrímslin verða á staðnum!**




Kjörís

## Sjóðandi hiti í Hveragerði

Laugardaginn 15. ágúst, kl. 13:00–16:00

# EILÍFT VOR Í PARADÍS

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** segir frá tveimur nýlendum á 17. öld, önnur var hollensk í Norður-Ameríku en hin bresk í Suður-Ameríku. Og þær tengdust.

Árið 1624 fóru þeir að byggja virki. Það var ekki merkileg smíð, því var hróflað upp úr leir og timbri þarna syðst á eyjunni, blessunarlega var nóg af timbri því eyjan var nálega öll skógi vaxin, nema þar sem mýrar gerðu trjám ókleift að festa rætur. Flugnager úr þessum mýrum gerðu þeim erfitt fyrir meðan þeir smíðuðu virkið sitt, en þeir létu sig hafa það, vissu að þeir þurftu á vernd að halda.

Þessir „þeir“ voru hollenskir skinnakaupmenn, komnir langt að heiman, en studdir flokki dáta og nokkrum embættismönnum úr heimalandinu. Verndina þurftu þeir ekki gegn hinum innfæddu sem hirtu ekki mikið um bjástur hinna hollensku við loðdýragildrur sínar, heldur gegn nágrönnum sínum úr Evrópu, einkum Englendingum, því enskir og hollenskir voru í mikilli samkeppni á sautjándu öld um nýjar nýlendur um veröld víða, og ensk herskip hikuðu ekki við að ráðast á hollenska kaupmenn af litlu eða engu tilefni.

Því var virkið reist þetta sumar, og ári seinna skaut nýr hollenskur landstjóri styrkari stoðum undir nýlendu skinnakaupmannanna, sem nú var farið að kalla Nýju Amsterdam, með því að kaupa alla eyjuna þar sem virkið stóð syðst. Þau kaup hafa gjarnan verið talin eitt hið besta dæmi um hvernig óprúttnir Evrópumenn svindluðu og svínuðu á frumstæðum innbyggjurum, því hollenski landstjórinn Peter Minuit borgaði aðeins sem svarar tæpar tveimur milljónum króna fyrir alla þá eyju þar sem nú er hæst fasteignaverð í heimi: Manhattan.

### HVER SVINDLAÐI Á HVERJUM?

En ekki er allt sem sýnist og Minuit var líklega ekki mestur svíðingur af þeim Evrópumönnum sem þá fóru með yfirgangi um heiminn. Hann borgaði þó fyrir bækistöðina en víða á „frumstæðum“ ströndum komu Evrópumenn einfaldlega, sáu og – rændu. Og Indíánar þeir sem Minuit í Nýju Amsterdam gerði samninginn við hafa vafalítið verið hæstánægðir, þeir fengu ekki glerperlur eins og þjóðsagan segir, heldur verðmæt og fullkomin verkfæri og vopn og sitthvað fleira, en létu í staðinn skóga og sóttkveikjumýrar sem nóg var af í nágrenninu. Og eitt enn sem sýnir að það er ekki alltaf einfalt hver er að svindla á hverjum: Indíánahöfðinginn Seiseis sem gekk frá dílnum við Minuit og hirti góssið sem Hollendingar létu af hendi, hann var af ættbálki Lenapa en það voru í rauninni keppinautar þeirra Vekkvesgekar sem höfðu haft yfir Manhattaneyju að segja. Því er ekki vafi á að bæði Minuit og Seiseis hafa gengið mjög sáttir frá samningum.

Nema hvað, Nýja Amsterdam reyndist ágætlega í sveit sett til að þjónusta hina hollensku kaupahéðna og loðdýraveiðimenn sem farnir voru að láta að sér kveða þar um slóðir á strönd Norður-Ameríku. Eftir fjörutíu ár eða um 1665 var Nýja Amsterdam talin til borga í hinu vaxandi hollenska nýlenduveldi og íbúar orðnir hvorki meira né minna en 1.500.

### BARÓN LEGGUR ÚT Í ÆVINTÝRI

En þá víkur sögunni eitthvað um 4.500 kílómetra í suðaustur og við staðnæmumst á norðurströnd Suður-Ameríku. Þar óx á 17. öld afar þéttur regnskógur niður í fjöruborð, nokkrar vatnsmiklar ár féllu og falla enn til sjávar frá norðanverðu Amazon-svæðinu og heitir Súrínam sú stærsta, þarna er alls staðar mjög heitt og svo mikill raki í lofti að stundum er eins og menn þurfi að synda um loftið frekar en ganga á jörðinni. Þarna kölluðu Evrópumenn Guyana á 17. öld en höfðu lítt hirt um að setjast að enda virtist fátt þangað að sækja fyrir þá. Hinir innfæddu Aravakar og Karíbar bjuggu með ströndinni og sýsluðu við veiðar á sjó á landi en höfðu ekki myndað að ráði skipulögð samfélög, en djúpt inni í myrkum regnskógunum bjuggu aðrir ættbálkar og smærri, hver sýslaði sitt.

En á eyjunni Barbados í Karíbahafi var þá komin lítil bresk nýlenda og þar var árið 1650 settur niður tæplega fertugur landstjóri, Francis Willoughby hét hann, barón að tign og hafði komið nokkuð við sögu í því grimmilega borgarastríði sem þá hafði geisað á Bretlandi árum saman og endaði með að Oliver Cromwell tók völdin en kónguirinn var afhausaður. Willoughby studdi þegar hér var komið son kóngsins er gerði tilkall til ríkis föður síns, Karl II kallaðist hann. Það var fyrir hönd Karls konungsefnis sem Willoughby barón kastaði breskri eign á stórt svæði umhverfis ósa Súrínam-árinnar. En síðan gerðu menn Cromwells atlögu að konungssinnanum á Barbados, Willoughby varð að segja af sér landstjórninni í upphafi árs 1652 en fékk að halda lífi og eignum, og einsetti sér nú að skapa í eigin nafni nýlendu á Súrínam-svæðinu í Guyana.





Og Willoughby gekk til verka af mikilli atorkusemi. Sem stór landeigandi á Bretlandi átti hann sand af seðlum og hóf nú markvissa auglýsingaherferð á heimaslóðum, þar sem hann hvatti fólk til að flykkjast til Willoughby-lands, eins og nýlendan var nú kölluð. Hann bauð hvorki meira né minna en paradís á jörð á svæði þar sem ríkti „eilíft vor“ og moldin var svo frjósöm að þar mátti planta hverju sem var eiginlega án fyrirhafnar; ávextir og veiðidýr nánast stukku upp í fangið á fólki í þessum auglýsingum, og konur hinna innfæddu „var ekki með nokkrum ráðum hægt að fá til að ganga í fötum“.

Hversu miklu máli þetta síðasttalda skipti er ekki gott að segja, en ætli það hafi samt ekki verið svolítið freistandi fyrir glæpjulega breska alþýðustráka í kuldalegum hreysum uppsveitanna eða pestarbælinu London að kynnast slíkum konum? Líklega – en þó var annað sem skipti meira máli.

### ÓPRÚTTNAR AUGLÝSINGAR

Undirrót þess borgarastríðs sem geisað hafði af mikilli hörku á Bretlandi voru trúarbragðadeilur þar sem hver höndin var upp á móti annarri: ýmsir flokkar púrítana og mótmælenda og harðlínumanna, ennfremur biskupakirkjumenn og kaþólikkar. Willoughby bauð hins vegar að í sínu landi myndu hvorki trúarbrögð né önnur gömul misklíðarefni skipta máli, og það var vissulega lokkandi fyrir þá sem orðnir voru lúnir á erjum og stríðum. Og svo fór reyndar að Willoughby-land varð að þessu leyti griðastaður umburðarlyndis og trúfrelsis í hörkulegum trúarbragðaheimi. Allir nýlendubúarnir í skóginum voru vinir til að byrja með og þegar nokkur hundruð Gyðingar birtust á svæðinu, brottflúnir frá Brasilíu, þar sem hinir kaþólsku stjórnarherrar voru að herða tökin, þá var þeim bara vel tekið af íbúum Willoughby-lands og hvorki amast við þeim né trú þeirra.

Það var líka öðru að sinna. Því miður reyndist auglýsingaherferð Willoughbys hafa verið sama marki brennd og þegar Eiríkur rauði lokkaði fólk inn á ísa kaldar lendur Grænlands með því að ljúga til um landshætti. Víst var hlýtt og víst var jörðin frjósöm þegar menn kunnu með hana að fara, og vissulega voru konur hinna innfæddu berrassaðar, en lengi framan af var allt í volli. Hitinn var óbærilegur, moldin óskiljanleg og nýlendubúar, sem komu yfir hafið í trausti þess að þeir þyrftu ekki annað en rétta út höndina, þá dytti í hana gómsætur og næringarríkur ávöxtur, þeir voru fyrr en varði farnir að eltast við pöddur og maura til að drepast ekki úr hungri. Alls konar sjúkdómar gerðu vart við sig, skyrbjúgur lék marga svo illa að hárið losnaði af í stórum flygsum, húðin varð appelsínugul. Sníkjudýr úr undarlega þefjandi vatninu úr ánum áttu til að gera fólk blint, þar leyndust líka fjallgrimmir krókódílar og hafði ekkert verið minnst á þá í auglýsingaáróðri Willoughbys og hóstandi strákar frá Cornwall eða Dundee kunnu lítt að bregðast við slíkum skepnum.

Að ekki sé nú talað um blóðþyrsta jagúara, eitursnáka og reiðilega Karíba sem létu ekki bjóða sér endalaust að fölbleikir langt að komnir karlhlunkar með alls konar skavanka væru endalaust að góna á þeirra léttklæddu konur.

Ein og ein eiturör skaust víst út úr skógarþykkninu og hitti fyrir lostafulla nýlendumenn.

## AMERÍKUR UM MIÐJAN 17. ÖLD






**KEYPTI MANHATTAN** Peter Minuit kaupir eyju.

> Að ekki sé nú talað um blóðþyrsta jagúara, eitursnáka og reiðilega Karíba sem létu ekki bjóða sér endalaust að fölbleikir langt að komnir karlhlunkar með alls konar skavanka væru endalaust að góna á þeirra léttklæddu konur.

### ÍTURVAXINN AFRÍSKUR PRINS

En þótt við þetta væri að etja, þá seigluðust Willoughby og menn hans áfram. Matthew Parker, sem skrifað hefur nýja bók um Willoughby-land, hefur reiknað út að baróninn prúði hafi lagt að minnsta kosti 600 milljónir króna að núvirði í verkefnið og paradís á jörð skyldi vissulega rísa við Súrínam-fljót fyrr en síðar. Þegar fram í sótti virtust erfiðleikarnir þó færast sífellt í aukana. Farið yfir hafið kostaði sitt og á Bretlandi sem var illa leikið eftir borgarastríðið höfðu ekki allir efni á þeim farmiða. Mönnum gafst að vísu kostur á að vinna kauplaust sem ánauðug vinnudýr í fjögur ár og voru þá leystir út með 12 hektara landspildu, en eftir að nokkur hundruð nýlendubúar voru sestir að í Willoughby-landi, þá fór innflytjendum að fækka.

En þá fann Willoughby upp á svolitlu sem átti að bjarga nýlendunni hans. Það tókst að vissu leyti, en hafði líka í för með sér að þessi „paradís á jörð“ breyttist í hreinasta helvíti – að minnsta kosti fyrir suma. En þar sem ég er búinn með plássið á síðunni, þá verð ég að láta það framhald bíða næstu viku – þegar líka segir nánar frá hollensku nýlendunni í Nýju Amsterdam og hvernig henni hafði reitt, og svo kemur loks í ljós hvernig þessir fjarlægu staðir tengdust. Og líka segir frá skörungskvenmanni sem skrifaði eina fyrstu skáldsögu breskra bókmennta, og kemur við sögu á óvæntan hátt, og einnig segir einhverra hluta vegna frá íturvöxnum austurafrískum prinsi.

Og að síðustu drukknar svo Willoughby barón.





# LEONCIE OG ELLI SMULLU SAMAN

**LITRÍKUR** *Elli Grill, eða Elvar Heimisson, hefur vakið mikla athygli eftir að myndband birtist með honum og söngkonunni Leoncie. Þar syngja þau saman gamalt lag hennar, Enginn þríkantur. Myndbandið þykir vel heppnað en það er unnið af Shades of Reykjavík.*

Elli Grill er einn meðlima hljómsveitarinnar Shades of Reykjavík. Þegar Elli var spurður hvernig samstarf hans og Leoncie kom til, svarar hann: „Það er skemmtileg spurning. Ég hitti söngkonuna eftir Secret Solstice-tónleikana. Shades of Reykjavík spilaði á tónleikunum sem voru mjög fjölmennir og vel heppnaðir. Þegar ég var að rölta heim á eftir, þá varð Leoncie á vegi mínum á Vöffluvagninum og við fórum að spjalla. Við spjölluðum mikið um ítaló-diskó. Hún kannaðist við bandið mitt og ég þekkti auðvitað hennar tónlist. Eftir þetta góða spjall héldum við áfram að vera í sambandi á Facebook og í framhaldinu ákváðum við að gera saman lag. Þetta gerðist allt mjög hratt,“ útskýrir Elli og bætir við að það hafi verið mjög gaman að spjalla við hana. „Hún kom mér virkilega á óvart. Leoncie hefur gert mörg myndbönd og er sjálfstæður listamaður eins og Shades of Reykjavík. Við smullum vel saman,“ segir Elli.

**TUTTUGU MYNDBÖND**
Það er mikil vinna sem liggur á bak við myndbandið og skemmtilegar senur í því. Það kemur kannski á óvart en Shades of Reykjavík hefur gefið út yfir tuttugu tónlistarmyndbönd sem strákarnir vinna sjálfir að flestu leyti. „Rútur Skæringur leikstýrði myndbandinu með mér auk þess að vera tökumaður. Við fengum hann í þetta verkefni þar sem Rútur er einlægur aðdáandi ▶



**METNAÐUR** „Við höfum mikinn metnað fyrir að gera vel,“ segir Elli Grill – öðru nafni Elvar Heimisson. MYND/ANTON


LAGERHREINSUN
4 tíma fjör
Aðeins í dag, laugardag
Verðdæmi:
Nærbuxur 500 kr • Bolir 1.000 kr
Pils 3.500 kr • Vesti 4.500 kr
Kjólar 5.500 kr • Úlpur 6.500 kr
Herrapeysur 5.500 kr
Herra polobolir 2.000 kr
Buxur 5.500 kr st 10-24



LOGY ehf. • Veislusalur
Selásbraut 98 • 110 Reykjavík
(Seláshverfi, horni Vallarás )
Sími 661-2580

Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365





**LISTAMAÐURINN** Elli hefur alla tíð haft áhuga á kvikmyndagerð, hjólabrettum og tónlist. Hann segir að þetta smelli allt mjög vel saman. MYND/ANTON

▶ Leoncie. Hann á áritað plakat frá henni og sýndi mér ýmislegt stöff sem enginn annar á. Rútur Skæringur er engum líkur, hann er menntaður kvikmyndatökumaður, og er einstakur á allan hátt. Hann safnar ótrúlegustu hlutum og skilur til dæmis mjög vel að Leoncie er með einstakan stíl sem fáir aðrir átta sig á. Honum fannst því mjög gaman að vinna að þessu,“ segir Elli enn fremur. Þegar hann er spurður hvort hann sé þá sjálfur orðinn aðdáandi Leoncie númer tvö svarar hann því játandi. „Það er ánægjulegt að myndbandið hafi vakið svona mikla athygli. Vonandi vekur það athygli á öðru sem við höfum gert.“

**BRETTASTRÁKUR**

Hljómsveitin Shades of Reykjavík var með frumsýningarpartí á Loftinu á miðvikudagskvöldið þar sem myndbandið var sýnt. „Það varð allt brjálað þegar vídeóið fór í gang, góð mæting og mikill stemmari í loftinu. Þetta heppnaðist frábærlega. Meðlimir Shades eru, fyrir utan Ella, Shaman Shawarma (Emil Andri Emilsson), hann býr til sándið og rappar, Prins Puffin (Arnar Guðni Jónsson) rappari er æskuvinur Ella og þeir hafa gert brettamyndir saman. Síðan er Hermann Bridde pródúser og Máni Kjartansson sem flúrar fólk uppi á sviði. „Við breyttum örlögum hans, útveguðum tattúvél og hvöttum hann til að flúra. Nú er hann að fara að læra þetta fag og ætlar alla leið.“

Elli er brettakappi og hefur verið á hjólabretti frá unga aldri. Hann keppir á hverju ári í Norðurlandakeppni sem fram fer í Kaupmannahöfn. „Ég stofnaði Shades of Reykjavík fyrst sem hjólabrettagrúppu. Við vorum strákar á hjólabrettum sem bjuggum til myndbönd. Ég valdi stráka með mér sem hafa hæfileika á sviði kvikmyndunar og tónlistar. Við byrjuðum fljótlega að búa til leikna sketsa. Ég er alinn upp við teknó-tónlist og er mjög hrifinn af henni en síðan hefur rappið og hipphopp-tónlistin bæst við.

**AFINN VAR DJASSARI**

Elli er sjálfmenntaður á sínu sviði. Hann hefur unnið töluvert við kvikmyndagerð, til dæmis hjá RÚV og Pegasus. Hann gerði sína fyrstu brettamynd sumarið áður en hann fór í áttunda bekk. „Þetta byrjaði með myndbandsvél sem ég fékk í fermingargjöf,“ segir hann. Fyrsta brettamyndin tókst svo vel að hann framleiddi strax þrjár í viðbót sem voru vinsælar á sínum tíma. „Hjólabretti og tónlist fara einstaklega vel saman og sameinast í götulist,“ segir Elli.

Þegar hann er spurður um tónlist í fjölskyldunni kemur í ljós að djassleikarinn Viðar Alfreðsson, sem var skólastjóri tónlistarskólans á Mývatni, var afi hans. „Hann var þekktur fyrir að vera orkumikill á sviðinu, rétt eins og ég.“

Elli segist í eðli sínu vera mjög rólegur þrátt fyrir líflega sviðsframkomu. „Ég hef hins vegar alltaf sankað að mér ofvirkum vinum sem hafa góð áhrif á mig.“

**GENGINN ÚT**

Sambýliskona Ella er Karen Elva Lundberg en þau eiga átta mánaða gamlan son, Annel Elvis Lundberg. „Við vildum hafa nafn sem gæti gengið í Skandinavíu. Ég hef oft dvalið í Kaupmannahöfn í lengri tíma til að stunda bretti og gert myndband þar. Fólk getur fundið það undir Shade of Reykjavík cph 2013.“

Strákarnir í Shades of Reykjavík eru nýbúnir að smíða stúdíó þar sem þeir vinna allt sjálfir. „Ný plata er í vinnslu og margt fleira spennandi í gangi hjá okkur. Við erum alltaf að búa til músík og fleiri tónlistarmyndbönd eru á leiðinni,“ segir Elli. Þeir munu koma fram á Iceland Airwaves. „Við seljum fatnað undir okkar merkjum til að fjármagna nýju plötuna og svo getur fólk séð hvað fleira er að gerast hjá okkur á Facebook-síðunni minni – Elli Grill.“

Þegar Elli er spurður hvort hann eigi eftir að koma fram með Leoncie, svarar hann því játandi. „Það á eftir að koma á óvart fljótlega en ég get ekki sagt frá því strax.“

**SILFURTENNUR FRÁ TEXAS**

Shades of Reykjavík er með þrjú tónlistarmyndbönd á Youtube sem hafa fengið meira en sjötíu þúsund áhorf. „Ég hef fulla trú á að við séum að slá í gegn,“ segir Elli og bætir við að fólk víða um heim horfi á myndböndin. Eitt vinsælt vídeó er til dæmis Górillu Grill sem vakti mikla athygli.

Það hefur sömuleiðis vakið athygli að Elli er með silfurtennur. Hann hefur mjög gaman af litríkum búningum og hefur sinn eigin stíl. Nafnið Grill tengist þessum silfruðu tönnum. „Gulltennur kallast grillz á ensku svo ég pantaði mér gull- og silfurtennur frá Texas í Bandaríkjunum. Ég sendi mót út og fékk góma til baka. Þetta eru eins og sogskálar sem festast við tennurnar sem síðan er hægt að taka út,“ útskýrir hann. Elli Grill er sem sagt ekki alltaf með silfraðar tennur. „Við pælum mikið í búningum, fötum og öllum fylgihlutum. Einnig í húsgögnum og umhverfi,“ segir hann. „Við höfum mikinn metnað fyrir því sem við erum að gera og ætlum að halda því áfram,“ segir þessi litríki og skemmtilegi listamaður.

Þess má geta að Shades of Reykjavík er með útvarpsþátt á föstudagskvöldum kl. 21-23 á FM Extra á 101,5. ■ *elin@365.is*



**SHADES OF REYKJAVÍK** Þeir eru flottir, félagarnir, sem nú hafa unnið skemmtilegt myndband ásamt indversku prinsessunni Leoncie. MYND/ANTON







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



ÚTSALA
10 - 40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
30%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR 142.800
NÚ 99.960
ÁÐUR 22.500
NÚ 15.750
ÁÐUR 16900
NÚ 11.830
20%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR 19.950
NÚ 15.960
ÁÐUR 17.700
NÚ 14.160
ÁÐUR 9.900
NÚ 7.920
ÁÐUR 7.990
NÚ 6.390
ÁÐUR 151.300
NÚ 113.475
25%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR 179.800
NÚ 134.850
ÁÐUR 206.800
NÚ 155.000
40%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR 28.400
NÚ 17.000
ÁÐUR 69.000
NÚ 41.400
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16




LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466





**NORÐLENSK HÖNNUN** Helga Björg Jónasdóttir er sýningarstjóri NOT, samsýningar norðlenskra hönnuða í Ketilhúsinu á Akureyri. MYNDIR/AUÐUNN NÍELSSON

# HÖNNUN ER FAG

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Fimm norðlenskir hönnuðir sýna í Ketilhúsinu á Akureyri nýjar vörur sem hannaðar eru í samvinnu við framleiðendur í heimabyggð.*

Fjöldi norðlenskra vöruhönnuða á sýningu Epal á HönnunarMars í fyrra vakti athygli Akureyrarstofu og Listasafns Akureyrar, en af þeim þrjátíu hönnuðum sem sýndu í Epal voru fimm frá Akureyri. Í framhaldinu kviknaði sú hugmynd að setja upp sýningu norðlenskra hönnuða á heimaslóðum.

Helga Björg Jónasdóttir er sýningarstjóri. „Ég ákvað strax að búa til nýtt verkefni í kringum þetta, setja ekki bara aftur upp sömu hluti og sýndir voru í Epal heldur leggja sérstaka áherslu á bæði hönnun og framleiðslu á heimaslóð. Hönnuðirnir vinna með fyrirtækjum á svæðinu og búa til nýjar vörur fyrir þessa sýningu,“ útskýrir Helga.

Í upphafi verkefnisins tóku níu hönnuðir þátt. Fjórir heltust úr lestinni og eftir standa fimm, þeir sömu og sýndu í Epal í fyrra. „Við ákváðum því að sýna einnig hlutina sem voru á sýningunni í Epal,“ segir Helga.

Yfirskrift sýningarinnar er Húsa-gagn, eða nytjahlutur á heimili í víðum skilningi. Að sýningunni standa Björg í bú – vöruhönnun, Herdís Björk Þórðardóttir, María Rut Dýrfjörð, Sandra Kristín Jóhannesdóttir og Sveinbjörg Hallgrímsdóttir. Þau fyrirtæki sem hönnuðirnir vinna með eru meðal annarra Hrísiðn, Valsmíði og Ölur.

„Þetta eru ólíkir hönnuðir og ólíkar vörur, en þó er samhljómur í efnisnotkun og fleiru, til dæmis er birkikrossviður í nokkrum vörum. Sýningin myndar ákveðna heild,“ segir Helga. „Mitt markmið með sýningunni er að skapa meira samtal milli hönnuða og framleiðenda og ekki síst almennings, að fólk geri sér grein fyrir því að hönnun er fag. Ég kom sérstaklega inn á þetta í opnunarræðunni. Oft er handverk, hönnun og föndur sett undir sama hatt sem er ekki rétt. Þessir hlutir eru góðir og gildir hver fyrir sig en eiga ekki heima undir sama hatti. Hönnun er fag.

Sýningin var opnuð þann 25. júlí og stendur út ágúst eða fram yfir Akureyrarvöku, sem haldin er í lok ágúst.

Helga segir það stefnu Listasafnsins á Akureyri að kynna og sýna hönnun og arkitektúr meðfram myndlist og hún hafi fengið góð viðbrögð við þessari fyrstu samsýningu norðlenskra vöruhönnuða. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð. Sýningin hefur aðeins hreyft við umræðunni um að hönnun sé fag, sem mér finnst ánægjulegt.“

Verkefnið fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands. ■ *heida@365.is*


**GRÓANDI** Matjurtaræktunarkerfi eftir Björg í bú.


**SALT** Snúningsplattar eftir Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur.


**BREYTA** Veggpanelar og textílmunstur unnin út frá byggingum Guðjóns Samúelssonar eru verk Maríu Rutar Dýrfjörð.


**INGÓLFUR** Barnaskrifborð eftir Herdísi Björk Þórðardóttur.

# VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

**RARITET KYNNIR** *OptiBac Probiotics er meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.*

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac. Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.



**MÆLIR MEÐ OPTIBAC** Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi MYND/VALLI

**BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR**

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni, sem inniheldur margar tegundir af gerlum, en einnig hefur Opti-Bac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

**DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ**

Streita, lélegt eða einhæft mataræði á borð við skyndibita og unnar matvörur ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspestum með því að viðhalda meltingarflórunni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.



**EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA**

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarmahreyfingar.



**FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM**

OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.



**OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH**

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.

**NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM**

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.























**EITTHVAÐ FYRIR ALLA** Sýndar verða áhrifamiklar kvikmyndir sem taka á nútímanum með athyglisverðum hætti.

# GESTRISNIN ENDURGOLDIN

**KVIKMYNDAHÁTÍÐ** *Skemmtileg kvikmyndahátíð er haldin á Hólmavík um helgina. Þýskur háskólakennari á heiðurinn af henni.*

Óvenjuleg kvikmyndahátíð stendur nú yfir á Hólmavík sem lýkur um helgina. Hátíðin er hugarfóstur þýska háskólakennarans Arne Rawe sem heimsótti Strandir fyrir fimm árum til að vinna ljósmyndaverkefni. Í kjölfarið hefur hann mætt árlega með nemendahópa að heiman og ferðast um svæðið og alls staðar notið gestrisni og hjálpsemi heimamanna. Í ár ákvað hann hins vegar að gefa til baka og endurgjalda gestrisnina með því að setja upp kvikmyndahátíðina Turtle filmfest með hópi góðs fólks og bjóða heimamönnum og gestum upp á ókeypis bíó.

Að sögn Maríu Maack, verkefnastjóra hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða sem hefur verið hópnum innan handar, eru þetta allt áhrifamiklar kvikmyndir sem taka á nútímanum með athyglisverðum hætti. „Kvikmyndahátíðin sjálf verður með öðrum hætti en fólk á almennt að venjast. Sýningar verða í óvenjulegu húsnæði á borð við gömlu bensínsjoppuna, gula fjárhúsið og samkomubragganum sem upphaflega var bíóhús á Reykjum í Hrútafirði fyrir ameríska hermenn. Einnig verða kvikmyndir sýndar í hlöðu, á bókasafni, í iðnaðarhúsnæði og í borðstofu í heimahúsi. Það verða sýndar bæði erlendar myndir auk margra íslenskra kvikmynda sem fengnar eru hjá Kvikmyndasafni Íslands. Þetta eru kvikmyndir fyrir börn, listaspírur og ofur venjulegt fólk sem hefur gaman af húmor, alvöru, ást og ótta. Þarna verða þýskar kvikmyndir, tékkneskar, enskar, norrænar og asískar myndir. Sumar þeirra eru verðlaunamyndir og eftir fræga leikstjóra.

Stemningin í þessu tæplega 400 manna þorpi er lífleg og skemmtileg þessa dagana og kemst enginn hjá því að taka eftir stóru gulu skiltunum sem vísa á sýningarstaðina víðs vegar í bænum. „Dagskráin er hengd upp víða um bæinn daglega og allir fá frítt inn eins og fyrr segir. Fyrsta kvöldið voru sýndar t.d. þrjár myndir í kippu í Bragganum, súpa var seld í hléi og menn ræddu við gesti um tíðarfar og bíó áður fyrr og svo auðvitað um



**MARÍA MAACK**

myndina. Salurinn var þaulsetinn til miðnættis en þar voru eldri borgarar, bændur, ferðamenn frá ýmsum löndum, listamenn sem vildu vera með og krakkar staðarins. Hvert sæti var setið og fleiri stólum var bætt við. Hvílík tilbreyting.“

Dagskráin er uppfærð daglega á turtle.is og nýjust fréttir og myndir má nálgast á Facebook (turtlefilmfest) og Instagram (@turtlefilmfest).



**ÓVENJULEGIR SÝNINGARSTAÐIR** Stemningin á Hólmavík er lífleg þessa dagana og kemst enginn hjá því að taka eftir stóru gulu skiltunum sem vísa á sýningarstaðina víðs vegar í bænum.




SUMARSTÖRF 2016

# FLUGFREYJUR OG FLUGÞJÓNAR

Icelandair óskar eftir kraftmiklum einstaklingum í spennandi og krefjandi störf flugfreyja og flugþjóna í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi.
Við leitum að fjölhæfu, glaðlyndu og skemmtilegu fólki á aldrinum 23–35 ára (fæðingarár 1981–1993). Við sækjumst eftir fólki sem er lipurt í samskiptum, á gott með að vinna í hóp, er jákvætt og hefur hlýlegt og þægilegt viðmót.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð tungumálakunnátta
- Reynsla af þjónustustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Umsækjendur þurfa að vera líkamlega hraustir og vel á sig komnir

**UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:**

- Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- Nýtt sakavottorð
- Afrit af vegabréfi

Þeir sem hafa lokið þjálfun vegna starfa flugfreyja og -þjóna (attestation - initial training) vinsamlegast skili inn staðfestingu um slíkt samhliða umsókn.

**Undirbúningsnámskeið:**
Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að sækja krefjandi átta vikna námskeið og taka próf að því loknu.

**Umsóknarfrestur:**
Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2015. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á veffangi Icelandair á www.icelandair.is/umsokn

Icelandair er stór vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi. Við viljum jákvæða og áhugasama einstaklinga til liðs við okkur sem búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og hafa metnað til þess að ná góðum árangri í starfi.

**Fyrirspurnir og nánari upplýsingar:**
Sími 5050-995 | netfang: umsoknir@icelandair.is
Vinsamlegast endurnýið áður innsendar umsóknir.

ICELANDAIR

# DREIFINGARSTJÓRI

**Ölgerðin leitar eftir öflugum leiðtoga til að stýra daglegri vörudreifingu fyrirtækisins á vörustjórnunarsviði.**

**Ölgerðin rekur eigið 15 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum. Dreifingarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og þróun á dreifikerfi fyrirtækisins.**

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Ábyrgð á daglegri stjórnun vörudreifingar
- Stjórnun mannauðs
- Vinna að stöðugum umbótum

### HÆFNISKRÖFUR:

- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Þekking og reynsla af stjórnun vörudreifingar
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður
- Framúrskarandi þjónustulund, lipurð í samskiptum, samviskusemi og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið julius.steinn.kristjansson@olgerdin.is, merkt „Dreifingarstjóri".

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

**Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.**

# Yfirvélstjóri á millilandaskipið Arnarfell

**Samskip auglýsa eftir yfirvélstjóra til starfa á millilandaskip félagsins, ms Arnarfell.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Réttindi og alþjóðlegt atvinnuskírteini sem yfirvélstjóri STCW III/2, ótakmarkað á yfir 3000 kw
- Reynsla af vélstjórn æskileg
- Lokið nauðsynlegum námskeiðum frá Slysavarnaskóla sjómanna s.s. grunnnámskeiði, framhaldsnámskeiði í eldvörnum og í notkun líf- og léttbáta.
- Góð samstarfshæfni og rík öryggisvitund

Umsóknarfrestur er til **21. ágúst nk**.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar á **www.samskip.is** og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið blaengur.blaengsson@samskip.com.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

# Spennandi störf hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Hornafjörður er blómstrandi 2200 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu.
Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu. Fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni.
Nýheimar þekkingarsetur er mennta- og fræðastofnun þar koma saman Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Náttúrustofa Suðausturlands, Framhaldskóli, Hornafjarðarsöfn, Matís og Fræðslunet Suðurlands. Stuðningur við frumkvöðla t.d. FAB LAB smiðja er í Vöruhúsi.
Öll almenn þjónusta er til staðar í sveitarfélaginu og má þar nefna tónskóla, líkamsrækt, knatthús, sundlaug og heilbrigðisstofnun.
Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó.

**Sveitarfélagið leitar að öflugu starfsfólki sem vill starfa á skemmtilegum og fjölskylduvænum vinnustað**

## Skipulagsstjóri
- Yfirmaður skipulags - og tæknisviðs

## Hjúkrunarfræðingur
- Hjúkrunar - og sjúkradeild HSU Hornafirði

## Ljósmóðir
- Mæðra - og ungbarnavernd HSU Hornafirði

## Leikskólar
- Leikskólakennarar og starfsfólk á deild

## Hjúkrunardeild
- Sjúkraliðar og aðhlynning á HSU Hornafirði

Nánari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is/atvinna eða í síma 470 8000.
**Umsóknarfrestur er framlengdur til 24. ágúst kl. 14:00.**



**Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is**



# Yfirverkstjóri garðyrkjumála

Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða í stöðu yfirverkstjóra garðyrkjumála. Um er að ræða umfangsmikið og fjölbreytt 100% starf fyrir drífandi einstakling. Á Framkvæmdamiðstöð starfa um 28 fastráðnir starfmenn að jafnaði við hin ýmsu verk. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni eru:**

- Verkstjórn.
- Umhirða opinna svæða.
- Nýframkvæmdir.
- Jólaskreytingar.
- Aðstoð við vinnuskóla.
- Starfsmannamál.
- Samskipti við bæjarbúa og stofnanir.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Garðyrkjufræðingur af garðplöntubraut eða skrúðgarðyrkjubraut.
- Sveinspróf í skrúðgarðyrkju kostur.
- Reynsla af verkstjórn/flokkstjórn.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði, stundvísi og samviskusemi.
- Jákvæðni, samstarfsvilji og sveigjanleiki.
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 24 ágúst 2015..**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

# Markaðsfulltrúi

**Ásbjörn Ólafsson ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn og drífandi liðsmann á neytendavörusvið fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**
- Gerð markaðsáætlana
- Umsjón með auglýsingum og öðru markaðsefni
- Uppbygging vörumerkja
- Þátttaka í greiningum og stefnumótun
- Samskipti við auglýsingastofu
- Samskipti við erlenda birgja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála skilyrði
- Framhaldsmenntun kostur
- Brennandi áhugi og þekking á markaðsmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna í teymi og undir álagi

Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937. Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á matvörum, sælgæti, búsáhöldum og bílahreinsivörum. Hjá fyrirtækinu starfa 45 manns.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdóttir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

Reykjavíkurborg

$$P(|X-\mu|\geq k\sigma)\leq\frac{1}{k^2}$$

**Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling til starfa í áhættustýringardeild skrifstofunnar.**

Viðkomandi mun taka ríkan þátt í að móta stefnu og skýrslugjöf um fjármálastjórn og fjármálalega áhættustýringu borgarinnar í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Starfið felur m.a. í sér þróun fjárhagslegra mælikvarða og markmiða fyrir A-hluta borgarinnar og þróun líkana, sviðsmynda og álagsprófa til áhættugreininga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gagnrýnin hugsun og rík greiningarhæfni
- Góð stærðfræði- og tölfræðikunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði á mæltu og rituðu máli, og hæfileiki til að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Viðeigandi framhaldsmenntun eða starfsreynsla er kostur
- Þekking á forritun og gagnagrunnum er kostur

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með um 9 þúsund starfsmenn. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög.
**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Íris Dögg Björnsdóttir (iris.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

BYGG

## Verkamenn óskast til starfa.

**Mikill vinna í boði fyrir duglega menn.**
**Framtíðarstarf í boði.**

## Laborers wanted.

**Enough work**
**Permanent work available**

**Upplýsingar veitir Hörður í síma 693-7320.**
**Netfang: hordur@bygg.is**

BYGG

## Smiðir óskast

**Vana smiði í viðhald og vinnu við breytingar á skrif-stofuhúsnæði.**
**Mikil vinna í boði.**

**Upplýsingar veitir Hörður í síma 693-7320 eða hordur@bygg.is**

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **28 ágúst 2015.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **Agust 28 , 2015**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

Please send your application and resumé to :
**reykjavikvacancy@state.gov**




Við leitum að öflugum og metnaðarfullum liðsmanni í framtíðarstarf í **útlánaeftirliti Arion banka**. Hlutverk deildarinnar er að greina og hafa eftirlit með útlánaáhættu og gæðum lánasafns bankans. Útlánaeftirlit ber einnig ábyrgð á öðrum tengdum verkefnum s.s. eftirliti með stórum áhættuskuldbindingum, umsjón með verðmatskerfi fyrir tryggingar og upplýsingagjöf til annarra deilda, yfirstjórnar og eftirlitsaðila.

### Helstu verkefni

- Greining á gæðum lánasafns bankans
- Greining á fjárhagslegri stöðu stærri lántaka bankans
- Eftirlit með fjárhagslegum tengslum lántaka
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Framhaldsnám á háskólastigi er æskilegt
- Reynsla af gagnaöflun og greiningu
- Gott vald á úrvinnslu gagna og framsetningu upplýsinga
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í úrlausn vandamála og mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar um starfið veitir**
**Ísleifur Orri Arnarson,** forstöðumaður útlánaeftirlits,
sími 444 7165, netfang isleifur.arnarson@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst.**
Umsækjendur sæki um starfið á arionbanki.is.

**Fullum trúnaði heitið og umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.**

Arion banki

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar sf.

### Verslunarstörf

Við leitum að drífandi starfskrafti í verslun okkar sem hefur ríka þjónustulund, söluhæfileika og áhuga á herratísku. Um er að ræða fullt starf. Vinnutími er kl. 10-18 alla virka daga og annan hvern laugardag.

Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

*Verslun Guðsteins Eyjólfssonar er rótgróið fyrirtæki sem leggur mikið upp úr góðri þjónustu við viðskiptavini sína.*

**Umsóknir og fyrirspurnir berist á gudsteinn@simnet.is fyrir 23. ágúst.**




## BLAÐAMAÐUR ÓSKAST

Birtingur útgáfufélag óskar eftir að ráða blaðamann til starfa hjá Gestgjafanum. Reynsla og góð þekking á matargerð er skilyrði.

Við leitum að starfsmanni sem er jákvæður, hugmyndaríkur, sjálfstæður í vinnubrögðum, vinnur vel undir álagi og hefur góða samstarfshæfni. Starfið er krefjandi og við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á öllu sem viðkemur matargerð.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn á sigridurb@birtingur.is. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst, farið verður með allar umsóknur sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

MainManager
Key to facility excellence

**Vegna aukinna verkefna óskar MainManager eftir að ráða forritara í gott teymi starfsmanna. Um er að ræða tvö stöðugildi með mismunandi áherslum.**

## FORRITARI MEÐ ÁHERSLU Á PRÓFANIR

STARFSSVIÐ:
» Prófun og skjölun á MainManager
» Vinna í SCRUM teymi við nýþróun
» Forritun í .NET og almenn forritun
» Önnur tilfallandi verkefni

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:
» Tölvunarfræði eða háskólapróf sem nýtist í starfi
» Reynsla af prófunum og víðtæk þekking á nútímatækni við hugbúnaðarprófanir svo sem TDD
» Góð þekking á .NET forritun
» Þekking á SCRUM kostur
» Gott vald á ensku, íslensku og a.m.k. einu norðurlandamáli til viðbótar er kostur

## FORRITARI

STARFSSVIÐ:
» Forritun í .NET og almenn forritun
» Vinna í Kanban teymi við villuleiðréttingar og aðlaganir
» Vinna í þjónustuteymi þvert á markaði (cross border service team)

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:
» Tölvunarfræði eða háskólapróf sem nýtist í starfi
» Reynsla af hugbúnaðarþróun er æskileg
» Þekking og reynsla af Agile/Kanban/SCRUM er kostur
» Gott vald á ensku, íslensku og a.m.k. einu norðurlandamáli til viðbótar er kostur

SÆKJA UM:
Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is í síma 519 6770.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.

MainManager er vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki með starfsemi í Danmörku, Noregi og á Íslandi auk þess að vera með samstarfsaðila í Englandi og í Ástralíu. MainManager ehf. sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar fyrir aðstöðustjórnun (Facility Management). Aðstöðustjórnun miðar að því að auka arðsemi fyrirtækja með markvissri stýringu stoðferla. Með stoðferlum er m.a. átt við stjórnun þróunar-, viðhalds- og rekstrarverkefna, gerð og stýringu þjónustusamninga, umsýslu leigusamninga, gæðastjórnun, orkumál o.fl. Hugbúnaður félagsins heitir MainManager. Stærsti viðskiptavinur MainManager ehf. er Statsbygg í Noregi sem á og rekur flest allar fasteignir norska ríkisins (rúmlega 2500 eignir). Meðal annarra erlendra viðskiptavina má nefna DR húsið í Kaupmannahöfn, Flugger, Aston University í Birmingham og Kobenhavns kommune. Meðal viðskiptavina hér heima eru Reykjavíkurborg, Olíudreifing, Ríkiseignir, ISAVIA, Landsnet, Garðabær, OR, Olís, N1, Skeljungur, og Landsbankinn. MainManager er til húsa að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík þar sem aðstaða starfsmanna er til fyrirmyndar. Starfsmenn fyrirtækisins eru tæplega 30, þar af 19 á Íslandi.

ráðum
atvinnustofa

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk.**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Framkvæmdastjóri fjármála

*Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014, í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins, við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands (HSSa), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HSVe). Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015. Heildarframlag til HSU á fjárlögum 2015 er um 3,6 milljarðar króna og hjá stofnuninni starfa ríflega 500 manns. Fjöldi íbúa á svæðinu er um 26.000.*

*Hlutverk HSU er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu og tryggja íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og öðrum þjónustuþegum aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er tök á að veita.*

**www.hsu.is**

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra fjármála. Framkvæmdastjóri fjármála er yfirmaður rekstrarsviðs og ber ábyrgð á fjármálum, bókhaldi, eignum og tækjarekstri. Staðan tilheyrir framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins
- Ábyrgð á tölfræðiúrvinnslu og gerð rekstraryfirlita
- Stjórnunareftirlitskerfi og rýni á rekstur starfstöðva
- Fjárhagsáætlana- og samningagerð
- Ritari framkvæmdastjórnar
- Samskipti við hagsmunaaðila og stofnanir
- Þátttaka í stjórnun innkaupa
- Umsjón með eignum og búnaði
- Umsjón símavaktar og móttöku

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Áhugi á þróun og uppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
- Háskólamenntun á sviði fjármála, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála æskileg
- Reynsla af fjármálastjórn
- Reynsla af áætlanagerð, tölfræði og úrvinnslu gagna
- Reynsla af fjársýslukerfinu ORRA (Oracle) er æskileg
- Reynsla af umbótaverkefnum, teymisvinnu og breytingastjórnun
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, áreiðanleiki og árangursmiðað viðhorf

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Herdís Gunnarsdóttir forstjóri HSU (forstjori@hsu.is), í síma 432-2000. Umsóknarfrestur er til og með 6. september. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir


## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## Starfsmenn í framleiðslusal á Ísafirði

3X TECHNOLOGY

Starfið felst í smíði og samsetningu á framleiðslubúnaði félagsins.
Reynsla á smíði úr ryðfríu stáli er skilyrði.
Hæfniskröfur eru iðnmenntun eða sambærilegt nám.
Áhersla er lögð á nákvæmni, vandvirkni og útsjónarsemi í vinnubrögðum, reglusemi og árvekni.

Nánari upplýsingar og umsóknir óskast sendar á Karl Ásgeirsson **karl@skaginn3x.com** Sími 450 5000

Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi í spennandi nýsköpunarfyrirtæki.
Einungis er um framtíðarstörf að ræða.
**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst n.k.**
Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um starfsemi 3X Technology má finna á **www.3x.is**



VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
GAGNHEIÐI 5 - SELFOSS
482 1980

## ATVINNA

**Vélsmiðja Suðurlands ehf vantar vanan járnsmið í vinnu.**

**Umsóknir hægt að senda á netfangið velsud@velsud.is**

**Frekar upplýsingar í síma 482-1980**

## Starfsmenn óskast til starfa í Reykjavík

### Auglýsum eftir starfsfólki í framtíðarstörf

**Verkamenn í port**

Starfið felur í sér vinnu við flokkun og móttöku á þeim efnum sem Hringrás tekur á móti á starfsstöð sinni í Reykjavík.

**Logskurðarmann**

Starfið felur í sér vinnu við skurð á efni hjá Hringrás.

**Starfsmaður óskast til Efnarásar ehf.**

Um er að ræða starf við móttöku og úrvinnslu á raftækjum og spilliefnum. Um fullt starf er að ræða. Nauðsyn á góðri íslensku kunnáttu og gott ef viðkomandi hefur kunnáttu í ensku og norðurlandamáli. Einnig gott ef viðkomandi hefur lyftararéttindi.

**Umsóknir skulu sendar starf@hringras.is eigi síðar en 21. ágúst n.k.**

*Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslufyrirtæki landsins með starfsemi á 4 stöðum á Íslandi. Starfsmenn eru rúmlega 80 talsins. Hringrás endurvinnur ýmis konar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar í ýmiskonar varningi. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflum verðmæta.*

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

AB VARAHLUTIR
- ALLTAF BETRI

## Sölumaður óskast

AB varahlutir óskar eftir að ráða til sín sölumann í verslun.
Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, áfylling og fleira.

**Hæfniskröfur:**

- Áhugi og þekking á bílum
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg
- Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Gott skipulag
- íslensku og enskukunnátta skilyrði

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@ab.is fyrir 23.ágúst**

## SÉRFRÆÐINGUR Í ÞJÁLFUNAR- OG SKÍRTEINADEILD

Samgöngustofa

Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í þjálfunar- og skírteinamálum er tengjast flugi. Í starfinu felst m.a. undirbúningur og framkvæmd bóklegra prófa sem krafist er fyrir útgáfu flugstarfaskírteina og að leiðbeina, tryggja og hafa eftirlit með að umsækjendur um flugstarfaskírteini og þjálfunar- og kennsluleyfi uppfylli gildandi reglugerðarkröfur. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun.
- Flugtengd menntun eða reynsla æskileg.
- Áhugi á flugmálum er nauðsynlegur.
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram reglugerðarkröfur með skýrum hætti.
- Góð tölvuþekking.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2015**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgason, deildarstjóri þjálfunar- og skírteinadeildar, í síma 480 6000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000

miðlun

## Óskum eftir kraftmiklum og metnaðarfullum sölufulltrúum.

Við erum að leita að góðu fólki í hlutastarf á kvöldin. Það er gert ráð fyrir að starfsmenn vinni að minnsta kosti 2 vaktir á viku en frjálst er að vinna eins mikið og hver vill.

Starfið hentar sérstaklega vel með námi. Við bjóðum upp á skemmtilegt vinnuumhverfi, gefandi verkefni, góð laun fyrir gott fólk.

**Hæfniskröfur**
**Jákvæðni, vandvirkni, góð tölvukunnátta og góða íslenskukunnáttu.**

**Starfið**
**Vinnutíminn er frá 17:30 til 21:45 en vakta fyrirkomulagið er sveigjanlegt.**

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Júlíu Birgisdóttur, sölustjóra, á julia@midlun.is**



STAY

**270.000 KR.**
**Í DAGVINNU FYRIR ÞRIF HJÁ STAY APARTMENTS**

**270.000 KR.** FOR A DAY JOB CLEANING AT **STAY APARTMENTS**

**Stay Apartments** er framsækið fyrirtæki með valinn mann í hverju rúmi. **Vinnutími er frá 9-17 virka daga.** Viðkomandi þarf að hafa reynslu í þrifum, vera sjálfstæður, stundvís og drífandi einstaklingur. Ef þú ert rétti aðilinn þá endilega sendið okkur umsókn ásamt ferilskrá á **halldor@stay.is.**

Okkur vantar einnig þernur í **helgarstarf frá 10-16 allar helgar**.

**Stay Apartments** is an apartment hotel with ambitious employees. **Work hours are 9-17 week days.** If you are an ambitious, independent, punctual, and empowering individual and need a well payed job then please send us your CV to **halldor@stay.is.**

We are also looking for employees to work **every weekend from 10-16.**

EINHOLT 2 | 105 REYKJAVÍK | STAY@STAY.IS | STAY.IS




# Spennandi störf hjá Orkuveitu Reykjavíkur

## – fyrir jákvætt, samskiptalipurt og þjónustulundað fólk

### Rafiðnfræðingur eða rafvirki

Við leitum að starfskrafti með menntun á sviði rafiðnaðar í fjölbreytilegt starf við fjarskipta- og rafmagnsmál í Stjórnstöð Veitna. Stjórnstöð samanstendur af góðum hópi starfsfólks sem í sameiningu sér annars vegar um rekstur og uppbyggingu stjórnkerfa og hins vegar vöktun og stýringu veitukerfa og virkjana.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Umsjón með fjarskiptamálum stjórnbúnaðar dælustöðva
- Umsjón með teikningum og rafbúnaði sem snýr að stjórnbúnaði dælustöðva
- Umsjón með prófun stjórnkerfa og eftirliti rafbúnaðar stjórnkerfa í dælustöðvum
- Umsjón með úttektum stjórnbúnaðarskápa í dælustöðvum
- Gerð krafna og framtíðarsýnar fyrir fjarskiptasambönd og endabúnað

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Rafiðnfræðingur, rafvirki eða sambærileg menntun
- Reynsla af rafmagnsmálum stjórnkerfa
- Þekking og reynsla af fjarskiptalausnum í iðnaði
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veitir**
Benedikt Einarsson,
forstöðumaður Stjórnstöðvar
í netfanginu benedikt.einarsson@or.is.

### Umsjón mælaþjónustu

Við leitum að starfskrafti til starfa í Mæla- og tengiþjónustu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í nýtingu tækni við þróun mæla og fjarálesturs.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Umsjón með mælakaupum
- Umsjón með úrtaki mæla til prófunar
- Umsjón með mælavinnu
- Umsjón með uppsetningu mæla

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði eða rafiðnfræði
- Góð færni í notkun hugbúnaðar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Í vor tók Orkuveitan aftur yfir alla þjónustu við notkunarmæla en frá árinu 2001 hafði henni verið sinnt af Frumherja. Með þessu vill fyrirtækið vera í nánari tengslum við viðskiptavini og hafa alla mælaumsýslu á sinni hendi þar sem vænta má örrar þróunar á þessu sviði á næstu árum.

**Nánari upplýsingar veitir**
Þorvaldur Finnbogason,
forstöðumaður Mæla- og tengiþjónustu,
í netfanginu thorvaldur.finnbogason@or.is.

### Þjónustufulltrúi

Við leitum að þjónustulunduðum starfskrafti til starfa í almennt þjónustuver fyrirtækisins. Þjónustuver Orkuveitunnar þjónustar viðskiptavini Veitna, Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Mosfellsbæjar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Móttaka og úrlausn erinda viðskiptavina
- Ráðgjöf til viðskiptavina um orkunotkun
- Önnur verkefni sem styðja við þjónustu fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Stúdentspróf og/eða annað sambærilegt nám/reynsla
- Góð færni í notkun hugbúnaðar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veitir**
Regína Sigurgeirsdóttir,
forstöðumaður Þjónustuvers,
í netfanginu regina.sigurgeirsdottir@or.is.

**Þú sækir um** störfin á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is.
Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2015.

## Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

# ÓSKUM EFTIR ÖFLUGU STARFSFÓLKI Í VERSLUN HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS Í SKÚTUVOGI




**Um er að ræða störf á afgreiðsluskössum á virkum dögum auk helgarvinnu. Einnig eru laus til umsóknar íhlaupstörf á virkum dögum og um helgar.**

**Hæfniskröfur**
- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

**Í boði er**
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 23. ágúst n.k.**
**til atvinna@husa.is**
**Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

---

**Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og til útkeyrslustarfa.**

Vinsamlegast sendi umsóknir á **box@frett.is** merkt „**Lager og keyrsla-1508**" fyrir fimtudaginn 20.08

---

**Sveitarfélagið Vogar**

## Tæknifulltrúi á umhverfis-, skipulags-, og byggingarsviði.

Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær auglýsa eftir áhugasömum og framsæknum einstaklingi til að sinna starfi tæknifulltrúa. Um er að ræða 100% starf. Tæknifulltrúi starfar með sviðsstjóra umhverfis-, skipulags- og byggingarmála að fjölbreyttum verkefnum á sviði umhverfis-, tækni-, skipulags-, og byggingarmála sveitarfélaganna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tæknimenntun sem nýtist við starfið
- Góð þekking á þeim málaflokkum sem starfið nær til
- Víðtæk tölvuþekking
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði við lausn verkefna

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf frá og með 15. september. Launakjör eru samkvæmt samningum stéttarfélaga við sveitarfélögin Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á netfangið gardur@svgardur.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri umhverfis-, skipulags-, og byggingarmála í tölvupósti á jonben@svgardur.is eða í síma 847-2503*

---

**Deloitte.**

## Ert þú efni í öflugan ráðgjafa?



Ráðgjafar Deloitte vinna náið með fyrirtækjum að úrlausn krefjandi verkefna. Unnið er í verkefnateymum undir handleiðslu reyndra ráðgjafa.

Við leitum að nýútskrifuðum og efnilegum einstaklingum úr meistaranámi á sviði fjármála, hagfræði, verkfræði eða skyldum greinum. Meistaranemar sem stefna að útskrift á næstu mánuðum koma einnig til greina.

Við leitum að drífandi einstaklingum sem hafa mikinn áhuga á fjármálum fyrirtækja. Við viljum fólk sem kann að meta krefjandi starfsumhverfi og getur unnið bæði hérlendis og erlendis. Vilji og geta til að axla ábyrgð eru eiginleikar sem við metum mikils.

**Aðrar hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð færni í Excel og Powerpoint
- Góð samstarfshæfni og rík þjónustulund
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Æskilegt er að umsækjendur getið hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt prófskírteini skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**, fyrir **24. ágúst 2015**.
Nánari upplýsingar veitir Erna Arnardóttir mannauðsstjóri, erna.arnardottir@deloitte.is

---

Akraneskaupstaður

## Lausar stöður í búsetuþjónustu fatlaðra á Akranesi

Búsetuþjónusta Akraneskaupstaðar óskar eftir að ráða starfsfólk í vaktavinnu í 70% – 75% stöðu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun september. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem helstu verkefni og ábyrgð eru:**
- Aðstoð við fatlaðan einstakling við athafnir daglegs lífs.
- Skipulagning og framkvæmd á sérhæfðum verkefnum og sérhæfðri þjálfun í samvinnu við forstöðu- og yfirþroskaþjálfa og aðra starfsmenn í teymi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Æskilegt er að viðkomandi hafi uppeldismenntun eða sambærilega háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á málefnum fólks með fötlun.
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar.

Sótt er um á heimasíðu Akraneskaupstaðar eða í þjónustuveri að Stillholti 16-18, 1. hæð.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst næstkomandi.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bylgja Mist Gunnarsdóttir forstöðuþroskaþjálfi í tölvupósti eða í síma 433 1366 milli kl. 8-16 alla virka daga.




SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

# Framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Sjúkrahússins á Akureyri

## Staða framkvæmdastjóra lyflækningasviðs við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) er laus til umsóknar. Staðan veitist frá og með 1. október nk. eða eftir samkomulagi.

**Lyflækningasvið**
Undir lyflækningasvið heyra barnalækningar, geðlækningar, lyflækningar, endurhæfingarlækningar, öldrunarlækningar, barnadeild, geðdeild, lyflækningadeild, almenn göngudeild, Kristnesspítali og sjúkrahúspótek. Lyfjanefnd og næringarteymi heyra til sviðsins auk fagtengdrar verktakaþjónustu. Á sviðinu eru um 160 stöðugildi og áætluð velta um 2.100 mkr.

**Ábyrgð**
Framkvæmdastjórinn heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn. Hann ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri sviðsins, ábyrgð á starfsmönnum og faglega ábyrgð með þeim takmörkunum sem greinir í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Næstu undirmenn framkvæmdastjóra eru forstöðumenn á lyflækningasviði.
Mögulegt er að sinna klínískri eða akademískri vinnu með framkvæmdastjórastarfinu.

**Menntunar og hæfniskröfur**
***Gerð er krafa um:***
- próf í heilbrigðisvísindum og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi,
- leiðtogahæfni og getu til að hvetja aðra til árangurs,
- farsæla stjórnunar- og rekstrarreynslu,
- framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga,
- frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi,
- reynslu af teymisvinnu og breytingastjórnum í heilbrigðisþjónustu.

SAk er sérgreinasjúkrahús, sem sinnir flestum greinum læknisfræðinnar fyrir íbúa Norður- og Austurlands. Þjónustusvæði sjúkrahússins nær frá Blönduósi og að Neskaupsstað. Íbúafjöldi upptökusvæðisins er um 35.000 manns. Á ársgrundvelli eru gerðar 2.800 skurðaðgerðir á sjúkrahúsinu, legudagar eru 29.000, dagdeildarkomur um 4.500, göngudeildarkomur lækna 13.400, komur á bráðamóttöku um 16.000 og sjúkraflug eru um 500. Starfsmenn sjúkrahússins eru að jafnaði 580 í um 450 stöðugildum.
**Gildi SAk eru: Öryggi – samvinna – framsækni.**
Unnið er að því að starfsemi sjúkrahússins fái alþjóðlega vottun. Samstarf er við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri um menntun nema í heilbrigðisgreinum og um vísindarannsóknir.

Ráðið er í stöðuna til fimm ára. Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins. Nánari upplýsingar veitir Bjarni Jónasson forstjóri í síma 463-0100 eða/og í tölvupósti bjarnij@sak.is. Ábyrgðarsvið stjórnenda og frekari upplýsingar um starfið eru á vef sjúkrahússins www.sak.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2015.**

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði sem fæst á vef sjúkrahússins **www.sak.is**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af stjórnunarstörfum ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf, auk kennslustarfa eftir því sem við á. Starfsleyfi skulu einnig fylgja umsókn. Stöðunefndir heilbrigðisstétta meta hæfni umsækjenda eftir því sem við á.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

# HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á ÚTIVIST?

**Cintamani óskar eftir að ráða hressa og þjónustulundaða einstaklinga í verslanir fyrirtækisins.**

Ef þú hefur áhuga á að starfa í skemmtilegu og lifandi starfsumhverfi, sendu okkur þá umsókn á netfangið: atvinna@cintamani.is ~ Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára.

Austurhraun 3 | Bankastræti 7 | Kringlan | Smáralind — WWW.CINTAMANI.IS

---

Óskar eftir öflugum og áreiðanlegum verkstjóra, fyrir eina af framleiðsludeildum fyrirtækisins.

Æskilegt að viðkomandi sé matvælamenntaður en þó ekki nauðsyn.

Upplýsingar og ferilskrá sendist á **sigurdur@ora.is.**

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál

---

Lyfjastofnun er ríkisstofnun og heyrir undir heilbrigðisráðherra. Helsta hlutverk stofnunarinnar er útgáfa markaðsleyfa fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Ennfremur hefur stofnunin eftirlit með lækningatækjum á Íslandi. Hjá Lyfjastofnun starfa 55 starfsmenn í um 51 stöðugildi og mælist ánægja starfsfólks há. Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

## Mannauðs- og verkefnastjóri

Hlutverk mannauðs- og verkefnastjóra er að móta stefnu í mannauðsmálum stofnunarinnar í samráði við framkvæmdaráð og fylgja eftir faglegri framkvæmd hennar auk verkefnastýringar þvert á svið stofnunarinnar. Starfið heyrir undir forstjóra.

**Starfssvið:**
- Fræðslu- og starfsþróunarmál
- Launamál og stofnanasamningar
- Stefnumótun, innleiðing og eftirfylgni starfsmannastefnu í samvinnu við framkvæmdaráð
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Ráðningar, ráðningaferli og móttaka nýliða
- Umsjón með starfsmannasamtölum og frammistöðumati
- Verkefnastýring og ýmis verkefni sem forstjóri felur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Þekking og reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Reynsla á sviðið opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Vilji til ákvarðanatöku, frumkvæði og kraftur til þess að hrinda hlutum í framkvæmd
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Helga Jóhanna Oddsdóttir, mannauðsráðgjafi á netfanginu **helga.johanna.oddsdottir@lyfjastofnun.is**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is.

Umsóknir um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir berist í tölvupósti á netfangið **atvinna@lyfjastofnun.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

**Vaka hf. óskar eftir starfsmanni á hjólbarðaverkstæði.**

**Hæfniskröfur:**
- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is, fyrir 31.ágúst 2015, merkt: **Dekk**

**A.t.h. eldri umsóknir óskast endurnýjaðar**

---

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann**

## Gagnagrunnssérfræðingur

Hagstofa Íslands leitar að gagnagrunnssérfræðingi til að reka og þróa upplýsingakerfi stofnunarinnar. Unnið er í Microsoft SQL Server og TSQL umhverfi að SSIS lausnum og uppbyggingu á gagnavöruhúsum. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum. Við leggjum áherslu á að viðkomandi ástundi öguð vinnubrögð og hafi lifandi áhuga á að þróa ferla og upplýsingakerfi Hagstofu Íslands.

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er mikill kostur.
- Reynsla af rekstri gagnagrunnskerfa.
- Reynsla af hönnun og forritun gagnagrunna.
- Þekking á Microsoft SQL Server og TSQL.
- Þekking á vöruhúsi gagna og tengdri aðferðafræði er æskileg.
- Þekking á SSIS eða sambærilegum tólum er æskileg.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með** 24. ágúst 2015
Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

| | |
|---|---|
| Póstáritun | Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartún 21a, 150 Reykjavík. |
| Netfang | starfsumsokn@hagstofa.is |
| Upplýsingar | Helga Hauksdóttir og Snorri Henrysson í síma 5281000. |

Nánari upplýsingar má finna á **www.hagstofa.is**

---

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

*Hefur þú áhuga á heilsueflandi skólastarfi?*

## Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf.

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa eftir **Heilsustefnunni** og leggja ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir.

Við leitum að samstarfsfólki sem:
- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir og hugmyndafræði leikskólans
- Hefur áhuga á heilsueflingu, umhverfismennt og uppbyggjandi samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samviskusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

Skólarnir fylgja sameiginlegum matseðli í takti við Næringarstefnu Skóla ehf. en hlaut það verkefni tilnefningu til Orðsporsins 2014. Launakjör eru skv. sérsamningi.

***Umsóknarfrestur er til 1. september 2015***

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

## Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi

Auglýsir eftir:
- **Deildarstjóra í fullt starf**
- **Þroskaþjálfa og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni sem getur tekið að sér stuðning**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda leikskóli með um 120 börn.



Nánari upplýsingar veitir Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri, sími 570-4940.
**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á** http://skolar.is/Starf/
Heimasíða: www.skolar.is

**Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:**
Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ, Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.

## Polar

### Sölu- og markaðsmál

Við leitum að öflugum starfsmanni til að annast sölu- og markaðsmál fyrir toghlera og aðrar vörur fyrirtækisins innanlands og á erlendum mörkuðum.

**Helstu verkefni:**

- Sala á toghlerum og tengdum vörum
- Samskipti við skipstjóra og útgerðarmenn
- Eftirfylgni og jafnvel stuttir túrar til sjós
- Ferðalög innanlands og utan

Miklar kröfur eru gerðar til mannlegra samskipta og hæfni til að leysa úr flóknum stöðum sem kunna að koma upp hjá kröfuhörðum viðskiptavinum okkar.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun, skipstjórnarmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli
- Góð tölvukunnátta

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi þekkingu á togveiðum og helst reynslu af sjó.

Nánari upplýsingar veitir Atli Már Jósafatsson í síma 568 50 80 og 898 6677.
Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á atlimarj@polardoors.com fyrir 1. september n.k.

**Pólar togbúnaður** - Húsi Sjávarklasans
Grandagarði 16 - 101 Reykjavík
**www.polardoors.com**




## SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐHALDI FLUGVÉLA

**Laust er til umsóknar starf sérfræðings í eftirfarandi stöðu:**
Eftirlit með viðhaldi burðarvirkja og innréttingum flugvéla (Structures/Interior Engineer)

**STARFSSVIÐ:**

- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald og daglegan rekstur flugvéla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón með tæknigögnum er snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Greining á upplýsingum varðandi áreiðanleika íhluta
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Próf í verkfræði eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Þekking og reynsla af úrvinnslu áreiðanleikagagna og LEAN vinnuaðferða er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta í bæði rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út eigi síðar en 26. ágúst 2015**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veita:**
Unnar Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

ICELANDAIR



## Starfsmenn í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig fer þar fram tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Starfsmenn í pökkunardeild vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og fylgja verkferlum. Skriflegu leiðbeiningarnar eru ýmist á íslensku eða ensku og því er mikilvægt að starfsmenn í pökkunardeild hafi kunnáttu í báðum tungumálum. Unnið er á þrískiptum 8 tíma vöktum. Um er að ræða tímabundin störf til eins árs.

**Helstu verkefni:**

- Framkvæmd allra nauðsynlegra prófa í pökkun
- Mötun véla á kartonum, fylgiseðlum, töflum og hylkjum
- Eftirfylgni með því að vélar gangi eðlilega
- Aðstoð við frágang eftir lotur og skiptingar
- Uppgjör eftir vinnslu og skjalfestingar
- Þrif á vélbúnaði á milli framleiðslulota
- Þátttaka í umbótaverkefnum

**Við leitum að einstaklingum**

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem líkar vel að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með íslensku-, ensku- og tölvukunnáttu

Jafnlaunaúttekt
PwC
2015

**Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði.**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk.**

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.
Nánari upplýsingar um starfið veita Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.is og Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is.

Actavis
www.actavis.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Forstöðumaður - Frístundaheimilið Galdraslóð - Gufunesbær

### Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Frístundamiðstöðin Gufunesbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman einstakling til starfa í frístundaheimilinu Galdraslóð sem staðsett er í Kelduskóla - Vík. Galdraslóð er eitt af átta frístundaheimilum sem frístundamiðstöðin Gufunesbær rekur við grunnskólana í Grafarvogi. Á frístundaheimilunum er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilisins er fjölbreytt starf með börnum.

**Helstu verkefni forstöðumans eru**

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn.
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk.
- Samskipti og samstarf.
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn.
- Umsjón með starfsmannamálum.
- Umsjón og ábyrgð með rekstri. frístundaheimilisins í samráði við deildarstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf á uppeldissviði, s.s tómstunda- og félagsmálafræði, eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Reynsla af stjórnun.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Áhugi á frístundastarfi.
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili.
- Færni í samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra Melsted í síma 4115600 eða með því að senda fyrirspurn á **thora.melsted@reykjavik.is**

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Gerð er krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

**Hópbílar hf.** er þjónustufyrirtæki sem var stofnað árið 1995 til að sjá um allan almennan akstur fyrir þá sem vilja ferðast. Helstu verkefni fyrir utan akstur tengdan ferðaþjónustu, er skólaakstur í Hafnarfirði, akstursþjónusta fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu, akstur starfsmanna Ríó Tintó Alcan. Hópbílar sinna einnig almenningssamgöngum á suðurlandi, vesturlandi og austurlandi. Markmið Hópbíla hf. er að vera ávallt í fremstu röð rútufyrirtækja, efla almenningssamgöngur og veita viðskiptavinum sínum ávallt bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Hjá fyrirtækinu starfa 120 manns. Bílafloti fyrirtækisins í dag er 85 rútur og strætisvagnar. Það er mikið kappsmál hjá fyrirtækinu að bílstjórar séu vel upplýstir um markmið félagsins og veiti faglega og góða þjónustu. Umhverfis og öryggismál eru ofarlega á blaði hjá fyrirtækinu.

Fyrirtækið starfar eftir vottuðum alþjóðlegum gæðakerfum ISO 14001 og OHSAS 18001 og leggur ríka áherslu á að starfsmenn taki virkan þátt í að framfylgja verklagi kerfisins. Það er einnig markmið Hópbíla að bjóða upp á eins nýlegar rútur og strætisvagna og kostur er, sem valda minni óæskilegum umhverfisáhrifum.

## Vegna aukinna verkefna óska Hópbílar eftir að ráða vaktstjóra

**Starfshlutfall:** fullt starf / framtíðarstarf
**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst
**Starfslýsing:** Vaktstjóri stjórnar og samhæfir þjónustu fyrirtækis; skipuleggur röð og tímasetningu einstakra þjónustuþátta, nýtingu tækja og mannafla ofl.
**Hæfinskröfur:** Rútuéttindi (ökuréttindaflokkur D).
Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

**HVETJUM KONUR JAFNT SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM**

Áhugasamir hafi samband við Pálmar Sigurðsson - palmar@hopbilar.is eða Ágúst Haraldsson gusti@hopbilar.is. Einnig er hægt að sækja um inn á heimasíðu Hópbíla www.hopbilar.is

---



Deildarstjóri

# Lögfræðiinnheimta Íslandsbanka

Íslandsbanki leitar að öflugum deildarstjóra til starfa í Lögfræðiinnheimtu bankans. Meginhlutverk deildarinnar er að veita útibúum framúrskarandi þjónustu varðandi innheimtu vanskila og umsjón fullnustueigna. Hjá Lögfræðiinnheimtu starfa 15 manns og heyrir deildin undir Útibúaþjónustu sem sinnir, auk lögfræðiinnheimtu, bakvinnslu lána og greiðslumiðlun.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

**Helstu verkefni:**

- Dagleg stjórnun og starfsmannamál
- Tryggja skilvirka innheimtu vanskilaskulda
- Samningar við skuldara
- Ábyrgð á fullnustueignum bankans
- Málflutningur

**Hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í lögfræði og málflutningsréttindi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Reynsla af lögfræðistörfum á fjármálamarkaði æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptahæfni
- Þekking og reynsla af ferlamálum

**Nánari upplýsingar:**

Ástrún Björk Ágústsdóttir, Útibúaþjónustu, 844 3993
astrun.agustsdottir@islandsbanki.is

Elísabet Helgadóttir, Mannauðssviði, 440 4865
elisabet.helgadottir@islandsbanki.is

*kræsingar & kostakjör*










## *Tómatadagar !* *Sjáðu verðið!!*










**Tilboðin gilda 13. ágúst – 16. ágúst 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Markhönnun ehf

## Konráð og félagar á ferð og flugi 161

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 8 | 6 | | 3 |
| | 7 | 4 | | | 9 | 5 | 2 | |
| 8 | | 1 | 5 | 3 | | | 4 | |
| | 3 | 6 | | 4 | | 1 | | 9 |
| 7 | | | 1 | | 5 | 8 | 3 | |
| | 5 | | 2 | | 3 | 4 | | 6 |
| | 8 | 2 | | 5 | | | 9 | |
| | 9 | | 7 | 8 | | 2 | | 1 |
| 4 | | 7 | 9 | | 6 | 3 | | 5 |



## Útileikur

### Fiskurinn í Rauða hafinu



Þátttakendur standa upp við vegg, nema einn sem er fiskurinn í Rauða hafinu, hann stendur á miðjum vellinum og snýr baki í hina. Talsvert framan við hann hefur verið mörkuð lína. Þeir sem standa við vegginn kalla: „Fiskurinn í Rauða hafinu, hvaða lit eigum við að hafa til að komast yfir, þrátt fyrir að fiskurinn sofi?" Fiskurinn svarar til dæmis „rauðan" og snýr sér að þeim. Þeir sem eru í rauðu geta þá gengið yfir óáreittir en allir hinir að reyna að komast yfir án þess að fiskurinn nái þeim. Þeir sem fiskurinn nær, hjálpa honum að ná hinum í næstu umferð.






## Lestrarhestur vikunnar Berglind Birta Gylfadóttir 11 ára

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Að ímyndunaraflið fer af stað þegar maður les bækur.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég veit af hverju kengúrur eru með poka, sem er um dýr.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Ég veit af hverju kengúrur eru með poka hefur alltaf verið uppáhaldið mitt.

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Dýrabækur og ævintýrabækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Rimaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Nei, ekkert svo.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Dansa, vera með vinkonum mínum og dýrunum mínum og svo leika við litla bróður minn.




**HEPPIN** Hér er hún Berglind Birta með uppáhaldsbókina sína, auk verðlaunanna.

*Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða, búa til úr þeim skutlur og skutla þeim í net sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er einn þátttakenda útnefndur lestrarhestur vikunnar og sá eða sú hlýtur bók að launum frá Forlaginu.*



**Í REYKJAVÍKURHÖFN** Asmahan Guesmi Bory fór meðal annars í hvalaskoðun þegar hún var á landinu. En það sem henni fannst langbest voru sundlaugarnar og rennibrautirnar.

# Fannst kuldinn á Íslandi áhugaverðastur

Asmahan Guesmi Bory er frönsk, tíu ára stelpa sem er dóttir aðalleikarans í nýrri mynd Sólveigar Anspach leikstjóra. Hér segir hún frá kynnum sínum af Íslandi.

**Hvað ert þú gömul Asmahan Guesmi Bory og hvar átt þú heima?** „Ég er tíu ára og bý í París."

**Hvernig stóð á því að þú komst til Íslands?** „Ég kom í júní í sumar að hitta pabba minn sem var að vinna í bíómynd með Sólveigu Anspach."

**Hvað fannst þér áhugaverðast?** „Það sem mér fannst áhugaverðast við ferðalagið var í fyrsta lagi kuldinn því í Frakklandi eru sumrin heit, en svo var líka margt fleira sem kom á óvart."

**Hvað fannst þér skrítnast?** „Birtan. Sólin sest aldrei! Fyrst fannst mér það truflandi. Eftir síðasta tökudaginn var veisla og við dönsuðum langt fram eftir kvöldi og þegar við fórum heim var mjög undarlegt að sjá að það var enn þá bjart úti, þrátt fyrir að klukkan væri orðin hálf ellefu um kvöld."

**Kynntist þú einhverjum Íslendingum?** „Já, já, og mér fannst fólkið indælt. Íslendingar eru alltaf brosandi og mjög kurteisir."

**Skoðaðir þú eitthvað af landinu og náttúrunni?** „Meðan á dvöl minni stóð sá ég ótrúlega hveri, synti í Bláa lóninu og sá hvali í sjónum. En það sem mér fannst langbest voru sundlaugarnar og rennibrautirnar! Ég fór í sund á hverjum degi."

**Þú gætir sem sagt hugsað þér að koma aftur?** „Jahá. Mér fannst æðislega gaman á Íslandi, það er fallegt land og þetta er án efa besta ferðalag ævi minnar! Takk fyrir mig!"

# OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ
SUÐURLANDSBRAUT
LAU. 11 - 16
SUN. 13 - 17



## EIN BESTU KAUPIN!

TOS-C50B17T

Frábær kostur fyrir þá sem vilja 15,6" fartölvu með Intel örgjörva og miklu gagnaplássi fyrir bíómyndirnar, þættina og tónlistina. Sterkbyggð og traust.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR

BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA

79.995

Veldu um svarta eða hvíta!



BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á TOSHIBA FYRIR AÐEINS 4.995,-

TOSHIBA 3 ÁRA ÁBYRGÐ TOSHIBA

## PENTIUM OG 1 TB

TOS-L50B20W

Hentar þeim sem vilja góða vinnslu og stóran harðan disk í senn fyrir gögn og myndefni. Allt að 7 tíma rafhlöðuending og Onkyo hátalarar með DTS hljóm. Fáanleg í hvítu og svörtu.

89.995

QUAD CORE



99.995



INTEL i3 OG STÓR DISKUR

94.995

HRAÐVIRK MEÐ SSD



99.995

TOS-C70DB10U

Fullkomin fyrir þá sem vilja stærri skjá án þess að slá af gæðum. Fjögurra kjarna A4, 8GB vinnsluminni og 1TB harður diskur. Radeon R3 skjákjarni og HD+ skjár.

Quad Core A4 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | Radeon R3 SKJÁKJARNI

TOS-C50B17U

Kröftug vinnsla með Intel i3 Haswell örgjörva, öflugt Intel HD 4400 skjákort og stór 750GB harður diskur fyrir gögnin. Allt að 6 tíma rafhlöðuending.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 750GB DISKUR

TOS-L50B25R

Mjög spræk vinnsla með nýja Intel Pentium N3540 örgjörvanum og hröðum 128GB SSD diski. 8 GB vinnsluminni og allt að 7 klukkutíma rafhlöðuending.

INTEL PENTIUM ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 15,6" SKJÁR | 128GB SSD DISKUR




Borgaðu skólainnkaupin betur 1. október Netgíró www.netgiro.is

Veldu skólavélina í Tölvulistanum og greiddu 1. október með Skólareikningi Netgíró!

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700 | AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730 | HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600 | EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735 | KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740 | SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745 | AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333

# SKÓLADAGAR

## ... ertu klár fyrir skólann?



15,6"

Intel 2 kjarna
128GB SSD
4GB vinnsluminni

**lenovo**

**IDEAPAD 100**

- Örgjörvi — Intel Cel 2 kjarna 2,16GHz
- Vinnsluminni — 4GB DDR3 1600MHz
- Harður diskur — 128GB SSD
- Skjákort — Intel HD skjástýring
- Skjár — 15,6" LED baklýst (1366x768)
- Annað — HDMI, Bluetooth, Windows 8.1, frí uppfærsla í Windows 10,

LE80MJ006WMT

**69.995**

**eða 6.427 kr. á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 77.125 kr. - ÁHK 18,73%



Intel i5 örgjörvi
128GB SSD
Intel HD 5500 skjástýring

15,6"

**99.995**

**eða 9.015 kr. á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 108.175 kr. - ÁHK 14,89%

**lenovo**

**IDEAPAD G50-80**

- Örgjörvi — Intel i5-5200U 2,2-2,7GHz
- Vinnsluminni — 6GB DDR3 1600MHz
- Harður diskur — 128GB SSD
- Skjákort — Intel HD Graphics 5500
- Skjár — 15,6" (1366x768) LED baklýstur
- Annað — HDMI, Bluetooth, Windows 8.1, frí uppfærsla í Windows 10, allt að 4 klst. rafhlöðuending

LE80E502FKMT

Snertiskjár



14"

Einnig til svört

**139.995**

**eða 12.465 kr. á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 149.575 kr. - ÁHK 12,9%

tent mode | stand mode | laptop mode | 360°

i5 örgjörvi
8GB vinnsluminni
14" IPS LED (1920x1080)

**lenovo**

**YOGA 500**

- Örgjörvi — Intel i5-5200U 2,2-2,7GHz
- Vinnsluminni — 8GB DDR3L 1600MHz
- Harður diskur — 128GB SSD
- Skjákort — Intel HD5500
- Skjár — 14" IPS LED (1920x1080) Snertiskjár, hægt er að snúa 360°
- Annað — Bluetooth, W 8.1, frí uppfærsla í Windows 10, allt að 7 klst. rafhlöðuending

LE80N400K7MT/ LE80N400K8MT

## 2 FARTÖLVUR endurgreiddar á skóladögum*

## FARTÖLVAN send frítt á næsta pósthús**

## VILT ÞÚ VINNA MACBOOK AIR 13"?***



**194.995**

**eða 17.208 kr. á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 206.500 kr. - ÁHK 10,62%

**Apple**

**MACBOOK AIR 13"**

- Örgjörvi — Intel 2 kjarna i5 1,6-2,7GHz
- Vinnsluminni — 4GB LPDDR3 1600MHz
- Harður diskur — 128GB flash geymsla
- Skjákort — Intel HD Graphics 6000
- Skjár — 13,3" (1440x900)
- Tengi — 2 USB 3.0 tengi, þráðlaust netkort, Bluetooth 4.0, innbyggð Face Time vefmyndavél (720p). Hljóðtengi, Thunderbolt tengi (10GPS)
- Batterí — Allt að 12 klst. ending (fer eftir notkun)
- Þyngd — 1,35 kg

Z0RH

*Allir sem versla fartölvu á skóladögum fara í pott. Dregið 1. september um 2 fartölvur á skráðar kennitölur.
** Gildir um vefverslun og símsölu. *** Dregið 1. september úr skráningum í ELKO-klúbbinn. Skráning á póstlista ELKO fer fram á www.elko.is

# ÚTSALA

## ... gerðu dúndurkaup

# ÚTSALAN

## ... er í fullum gangi!

ELKO

GRANDI – LINDIR – SKEIFAN – VEFVERSLUN

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Brattur yfirmaður er heldur fastur á sínu (8)
**9** Pláss fyrir þig, sykurpúði (4)
**11** Uppdráttur af eyju liðkar fyrir viðskiptum (10)
**12** Hugur minn og sál eru býsna frjó (8)
**13** Bindið skaða (4)
**14** Fellingamögur málar og syngur (10)
**15** Leiðum hugann að Íslandi og skipuleggjum ferð þangað (8)
**16** Allt sem ég á er þar á milli (4)
**17** Buðlungur á þennan bransa, það veldur engum deilum (10)
**18** Heyri hljóð frá fáu en frekar pirruðu fólki (6)
**19** Malarhrygg ber við skýjabakka (4)
**21** Mjólka úr arfleifð erlends dýrlings, það er iðja fjósafólks (12)
**26** Kók í skaut (7)
**27** Háski öryggis leiðir til löghlýðins manns (9)
**28** Útisalerni fyrir ferðamenn, markar það tímamót í þessu rugli? (6)
**30** Tel hið lengsta allra trýna of langt fyrir algengustu mælieiningarnar (7)
**31** Æðar framleiða aftur það sama (9)
**35** Við bátsstafn situr bavíani – og þó, reyndar er það frændi hans (6)
**37** Nú er tími Indriða litla og rétt að leita frétta af honum (7)
**40** Á stuttskífu má finna sönghæfan óð með ávaxtablæ (10)
**42** Af fjórvængjuhrottum með áhuga á hreinræktuðum rökkum (14)
**43** Augu þeirra standa á stilkum er þú teygar ölið (4)
**44** Reiðin alltaf þegar limur kemur við kjaft (7)
**45** Ætli þú festist við fjörur? (8)
**46** Hún gerir alla brjálaða, þeir verða ekki langlífir (7)
**47** Það þýddi að hún kastaði í húsi (7)
**48** Harmur minn varðar hinar gærurnar, sem leita þeirrar er rotuð var (8)

**LÓÐRÉTT**
**2** Afnámu fjórðu víddina um hríð (7)
**3** Eitthvað rugl um ref, þæjur og hráefni í olíu (8)
**4** Fíla forarvilpur á útnárum (8)
**5** Ber skyn á samning og ákvæði hans (8)
**6** Tórir enn trukkastöð, þvílíkt fjör og kraftur! (11)
**7** Skruggufín dægur þrátt fyrir myrkur og óveður (10)
**8** Bjarga mat sem endist, svo sem sykrum og fitu (12)
**9** Há, breið, mild og nokkurnveginn nauðsynleg (12)
**10** Dönsum með hundum (7)
**20** Nei, nú sit ég hjá, Skagamenn, þvílík þrautaganga! (6)
**22** Karajan setur jaðrana í uppnám (7)
**23** Passa að fólk fái ekki of mikið af kenningum Schrödingers og Heisenbergs (12)
**24** Eta sauðaþara og eru með rófl um að hafa verið frestað (6)
**25** Ugginn elskar ákaft (6)
**27** Hnefastór ávöxtur? Það er þá engin smá krumla (5)
**29** Nei, ekki bollakökukofinn heldur tengiboxið (10)
**32** Grunur um glóru í sýnum hins sofandi huga (9)
**33** Leiðsla austurlenskra fjallabúa sýnir ákveðna hluta hennar (9)
**34** Viss manneskja kastar öllu með annarri, hin drífur í hlutunum (9)
**36** Stílisti eignast stílvopn (8)
**38** Hér er sprikl á flakki segir sá er sér eftir því (7)
**39** Fíla fúla og finnst hún heilla (7)
**41** Tangir sem tutla af plötum og vírum eða flokkur af dýrum? (7)
**45** Iss, þetta rugl er nú óttalegt gauf (3)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | J | Ó | A | R | A | R | | S | | O | | F | | S | | G | A | B | B |
| E | | T | | E | | A | F | T | U | R | B | R | E | T | T | A | | A | |
| L | I | T | A | N | Í | U | | R | | S | | A | | A | | M | Æ | R | I |
| S | | A | | N | | S | P | O | R | Ö | S | K | J | U | N | A | | N | |
| K | O | K | K | I | N | N | | K | | K | | K | | P | | N | Ó | A | R |
| Ó | | E | | S | | A | U | K | V | I | S | A | | A | | S | | H | |
| P | U | N | K | T | U | R | | A | | N | | G | E | S | T | A | B | O | Ð |
| A | | N | | I | | B | A | R | K | A | N | A | | T | | M | | R | |
| R | | D | A | G | R | Ú | N | | Ó | | A | R | G | E | N | T | Í | N | A |
| | G | | L | A | U | S | G | Y | R | T | U | M | | I | | | T | | F |
| H | Æ | N | G | | Ð | | I | | B | | M | | S | N | A | R | A | S | T |
| | S | | E | | N | | S | | A | K | U | R | I | N | N | | L | | U |
| S | K | Y | N | D | I | S | T | A | K | A | | | G | | D | | Í | | R |
| | U | | G | | N | | A | | | N | A | U | T | N | A | F | U | L | L |
| U | N | D | A | N | G | E | R | Ð | I | N | | | I | | R | | | | E |
| | N | | S | | S | | F | | | E | I | N | B | O | T | N | A | Ð | I |
| V | I | S | T | I | R | Ð | U | | | N | | | R | | E | | N | | Ð |
| O | | K | | | U | | L | A | N | D | A | K | A | U | P | I | N | | U |
| G | L | A | Ð | A | S | Ó | L | | | U | | | U | | P | | A | | M |
| A | | R | | | L | | | F | A | R | S | E | Ð | L | A | N | N | A | |

Lausnarorð síðustu viku var
**KAUPMANNAHÖFN**

FORLAGIÐ



### VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Eftirréttir Sollu** eftir **Sólveigu Eiríks** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hannes Ólafsson, Kjós.**

### LAUSNARORÐ
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbæri sem oft er gripið til í milliríkjadeilum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 19. ágúst næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „15. ágúst“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**Ég hef augu mín til fjallanna.**
Hvaðan kemur mér hjálp? Hjálp mín kemur frá Drottni, skapara himins og jarðar...
www.versdagsins.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | 5 | | |
| 5 | | 9 | 7 | 3 | | | | 2 |
| | 3 | | 1 | | | 8 | | 6 |
| 4 | | | | | | 1 | 2 | |
| 2 | | | | | 4 | | 7 | 9 |
| | 1 | | 9 | 2 | | 3 | | 4 |
| | | | | | | | | 3 |
| 9 | 6 | | | | | | | |
| | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 9 | | 6 | | 4 | | |
| | | 1 | | 9 | | 6 | | |
| 6 | | | | | | | | 5 |
| 5 | | 6 | | 3 | | 2 | | |
| | | | | 1 | | | 3 | 7 |
| 7 | 9 | | 4 | | 2 | | | |
| | | 2 | | 4 | 1 | 9 | 5 | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| | | | 2 | | 9 | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 7 | | | | 5 | |
| | 1 | | 8 | | | | 6 | 7 |
| | | 5 | | | 2 | 1 | 8 | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 5 |
| | | | 2 | | | | | |
| | | | | 5 | | | 4 | |
| | | | 1 | 8 | 9 | | 2 | |
| 8 | | | | | | 7 | | 6 |
| | 5 | | 6 | | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 |
| 9 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 | 9 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 5 |
| 4 | 9 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 4 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 6 | 3 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 4 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 9 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# TÓNMENNTASKÓLI REYKJAVÍKUR

**Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2015-2016 stendur yfir núna á vorönn og lýkur í maí.**

Innritaðir eru nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.

TÓNMENNTASKÓLI – REYKJAVÍKUR

**Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:**

- **Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu og selló**
- **Einnig á píanó og harmóníku**
- **Einnig er til takmarkað pláss á þverflautu, klarinett og saxófón**
- **Teknir eru nemendur á biðlista fyrir Forskóla I ( 6 ára) og Forskóla II (7 ára)**

**ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER MJÖG TAKMARKAÐ.**

*Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 13:00-16:00 virka daga. Síminn er 562-8477.*

Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna. Til að tryggja endanlega að innritunin sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunni **www.rafraen.reykjavik.is** á sama tíma og setja Tónmenntaskólann í 1. val.

*Skólastjóri*


## SPAKMÆLI DAGSINS
**Við stöndum með annan fótinn í vanans landi, en hinn í tímans flugskreiða ferjupramma, sem berst hratt eftir árstraumnum.**

*Þorgils gjallandi.*

## SKÁK
**Gunnar Björnsson**

**Stefán Þór Sigurjónsson (2.143) átti leik gegn Tómas Björnssyni (2.161) á Íslandsmóti skákfélaga sl. vor.**
**Hvítur á leik**



**27. Hg5+! fxg5 28. Hf7+ Kh8 29. Hh8+ Kg7 30. Hf7+ Kh8 31. Hf8+ Kg7. Snjöll björgun hjá Stefáni!**

**www.skak.is:** Stórmót TR í Árbæjarsafni á morgun.



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** spjall, **6.** átt, **8.** árkvíslir, **9.** gogg, **11.** æst, **12.** yfirstéttar, **14.** gangtegund, **16.** skóli, **17.** frjó, **18.** fugl, **20.** ólæti, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elska, **3.** Í röð, **4.** ofbjóða, **5.** mælieining, **7.** trygging, **10.** skip, **13.** hrós, **15.** gleðja, **16.** skst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** nv, **8.** ála, **9.** nef, **11.** ör, **12.** aðals, **14.** brokk, **16.** ma, **17.** fræ, **18.** önd, **20.** at, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** unna, **3.** aá, **4.** blöskra, **5.** bar, **7.** veðband, **10.** far, **13.** lof, **15.** kæta, **16.** möo, **19.** dd.

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

## 15-60% AFSLÁTTUR



- 30-50% af eldhúsvörum
- 15-50% af öllum barnavörum
- 40% af öllum dúnsængum
- 40% af öllum dúkum
- 15-60% af rúmfatnaði

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og aðstoð við andlát og útför elskulegrar móður okkar,

**HAFDÍSAR INGVARSDÓTTUR**
**Hábergi 5,**
**Reykjavík.**

Guð blessi ykkur öll.

**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Svana Fjóla Hilmarsdóttir**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir**

✝



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SESSELJU ÞORBJARGAR ÞORSTEINSDÓTTUR**
***bónda,***
**Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi.**

**Sigurður Þ. Helgason**
**Steinar Þór Snorrason — Jóhanna Lára Óttarsdóttir**
**Sigríður Jóna Sigurðardóttir — Ásberg Jónsson**
**Ásdís Ólöf Sigurðardóttir — Siguroddur Pétursson**
**Elísabet Sigurðardóttir — Guðlaugur Þór Tómasson**
**Jódís Sigurðardóttir**
**Helgi Sigurðsson — Addý Guðjóns Kristinsdóttir**
**Guðmundur M. Sigurðsson — Sólveig Einarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÞÓR ÞORGILSSON**
**Tröllaborgum 25,**
**áður Skriðustekk 8,**
**Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 8. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

**Jónína Jóhannsdóttir**
**Þorgils Sigurþórsson — Eygló Tómasdóttir**
**Anna Sigurþórsdóttir Rosager — Anders Rosager**
**Þóra Sigurþórsdóttir — Helgi Snorrason**
**Ársæll Sigurþórsson — Þórhildur Eggertsdóttir**
**Jóhann Sigurþórsson — Bylgja Valtýsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐNI ÞORGEIRSSON**
**fv. kaupmaður og skrifstofustjóri Kaupmannasamtaka Íslands,**
**Borgarholtsbraut 71, Kópavogi,**

sem lést á Landspítalanum að morgni sunnudagsins 2. ágúst, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 19. ágúst kl. 15.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Ingibjörg Þorkelsdóttir**
**Þorkell Guðnason — Stefanía Halla Hjálmtýsdóttir**
**Kristín Guðnadóttir — Ásbjörn Björnsson**
**afabörn og langafabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín og móðir,

**MAGNEA KRISTÍN JAKOBSDÓTTIR**
**Fjólukletti 3,**
**Borgarnesi,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands föstudaginn 7. ágúst. Jarðsett verður frá Borgarneskirkju mánudaginn 17. ágúst. kl. 14.

**Ragnar Ingimar Andrésson**
**Gréta Bogadóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



**Á FUNDINUM** Tinna Hrönn Smáradóttir, Kristín Gestsdóttir, Lísa Lotta Björnsdóttir, Þórdís Mjöll Benediktsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Pálína Margeirsdóttir fundarstjóri, Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri, Esther Ösp Gunnarsdóttir, Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir og Hulda Sigrún Guðmundsdóttir. MYND/HELGA GUÐRÚN JÓNASDÓTTIR

# Kvennafundur í bæjarstjórn Fjarðabyggðar

Sögulegur fundur var í Fjarðabyggð í fyrradag. Einungis kvenkyns kjörnir fulltrúar í aðal- og varabæjarstjórn skiptust þar á skoðunum og karlarnir fengu smá á baukinn.

„Þetta var táknrænn fundur í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna og segja má að umræðuefnin hafi verið í anda þess,“ segir Eydís Ásbjörnsdóttir um fyrsta fundinn í bæjarstjórn Fjarðabyggðar sem skipaður var aðal- og varakonum í bæjarstjórn. En auk þeirra sat fundinn Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er hópurinn ungur og hress.



**EYDÍS ÁSBJÖRNSDÓTTIR**

Eydís er í bæjarstjórn og bæjarráði og fær að finna fyrir því að búa í sveitarfélagi með mörgum þéttbýliskjörnum, er búsett á Eskifirði en starfar sem framhaldsskólakennari í Neskaupstað og hefur gert frá árinu 1999. Aðalskrifstofur bæjarstjórnar eru hins vegar á Reyðarfirði. Er hún ekki ansi mikið á fartinni? „Jú, ég keyri náttúrlega alltaf yfir Oddskarðið í vinnuna og svo er Reyðarfjörður alveg í hina áttina,“ viðurkennir hún.

Jafnréttismál voru fyrirferðarmikil á umræddum fundi bæjarstjórnarkvenna. Tillaga um að efla hinsegin fræðslu í grunnskólum Fjarðabyggðar, staða kvenna á vettvangi sveitarstjórnarmála á landsvísu og viljayfirlýsing um átak gegn heimilisofbeldi voru meðal umræðuefna.

Völd karla voru líka svolítið gagnrýnd, að sögn Eydísar. „Það er ekki alltaf auðvelt að vera kona í bæjarstjórn og bæjarráði Fjarðabyggðar, því það er karllægt umhverfi. Sviðsstjórar eru sex, þar af fimm karlmenn, bæjarstjóri er karl og bæjarritari líka en ég tek fram að ég hef átt mjög gott samstarf við alla á þessum vettvangi. Svo á ég eintóma stráka og er ýmsu vön!“

Eydís tekur líka fram að hlutföllin innan bæjarstjórnar hafi breyst í sumar þannig að í fyrsta skipti séu konur þar í meirihluta og hið sama gildi um hafnarstjórn. Hún er ein þeirra sem þar sitja og hafnirnar í sveitarfélaginu eru margar og stórar svo það er viðamikið svið. „Það eru mikil umsvif í höfnunum enda stór sjávarútvegsfyrirtæki hér eins og Síldarvinnslan í Neskaupstað, Eskja á Eskifirði og Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði, öll með öfluga starfsemi. Svo er auðvitað álverið með mikinn útflutning svo það er líf og fjör í Fjarðabyggðarhöfnum,“ segir Eydís sem ásamt Esther S. Gunnarsdóttur er á öðru kjörtímabili sínu í sveitarstjórninni. Það er líka nýlunda. Eyrún tekur þó fram að hún hafi haft góða kvenfyrirmynd því tengdamóðir hennar, Hildur Metúsalemsdóttir, hafi setið í bæjarstjórn Eskifjarðar fyrir Alþýðubandalagið frá 1970 til 1978.

Eydís vonar að með fundinum í fyrradag og öðrum viðburðum í tengslum við kosningaafmælið geri almenningur sér betur grein fyrir mikilvægi kosningaréttarins og nýti hann. „Það er áhyggjuefni hversu dræm kosningaþátttakan hefur verið í síðustu kosningum á Íslandi og þá sérstaklega meðal ungs fólks,“ segir hún. „Kosningaréttur er nefnilega víða ekki sjálfsagður hlutur í hinni stóru veröld.“

gun@frettabladid.is

✝



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts

**SIGURÐAR JÓHANNS HELGASONAR**

Sérstaklega þökkum við starfsfólki á 11G Landspítala og Hrafnistu í Reykjavík góða umönnun og hlýju.

**Birna Benjamínsdóttir**
**María Sigurðardóttir**
**Helga Sigurðardóttir — Maríus Ólafsson**
**Jóhann Þór Sigurðsson — Júlíana Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar,

**INGIBJÖRG ÁRNADÓTTIR**
**áður til heimilis að Mánavegi 1, Selfossi,**

lést að Fossheimum fimmtudaginn 13. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á vinafélag Ljósheima og Fossheima.

**Einar Sigurðsson**
**Vilborg Árný, Sigurður Kristinn, Jarþrúður, Margrét og Sonja Ingibjörg.**

✝



Faðir okkar, afi og langafi,

**PÁLMI K. ARNGRÍMSSON**
**garðyrkjumeistari,**
**Snorrabraut 58,**
**Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum 8. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

**Arngrímur Friðrik Pálmason**
**Helga Ingunn Pálmadóttir**
**Þórdís Rut, Bryndís Gyða, Helga Matthildur, Katariya Helga og Kári Valur**

✝



Elskuleg móðir mín og amma okkar,

**FEDERICA PAULA FRANK SCHOLZ**
**frá São Paulo,**
**Dofrabergi 9, Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, 4. ágúst sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 27. ágúst klukkan 15.00.

**Carola Moreno Frank**
**Alana Elín Steinarsdóttir**
**Daníel Ísak Steinarsson**



**VIÐ OPNUNINA** Unga fólkið er fljótt að tileinka sér tækni sýningarinnar og leita sér þekkingar um orkuna.

# Rafmagnið færði ljós í bæinn og létti störfin

Orka til framtíðar er heiti gagnvirkrar orkuvísindasýningar sem var opnuð í gær í gestastofu Ljósafossstöðvar í Grafningi í tilefni 50 ára afmælis Landsvirkjunar.

Rafmagnið færði fólki ljós og létti því störfin. Í dag er erfitt að hugsa sér lífið án rafmagns en hvenær kom þessi orkugjafi inn í líf okkar Íslendinga? Því er auðvelt að fletta upp á sýningu sem var opnuð í Ljósafossstöð í gær. Þar er það raforkan sjálf og áhrif hennar á samfélagið sem um er fjallað.

Sýningin er meðal þess sem Landsvirkjun efnir til vegna fimmtíu ára afmælis á árinu. Með því að bregða upp sögum úr fortíðinni upplifa gestir sýningarinnar þróunina til dagsins í dag og hversu fljótt þessi orkugjafi var mikilvægur þáttur í daglegu lífi fólks.

Sýningin er gagnvirk með áherslu á leik og upplifun, þar sem eðli og eiginleiki raforku birtist í margvíslegum myndum því sýningargestir eru leiddir inn í heim raforkunnar á nýjan og skapandi máta.

Undirstöðuatriði rafmagnsfræðinnar eru útskýrð í gegnum einfaldar, skemmtilegar og fallegar tilraunir sem hafa leitt til mikilvægra skrefa í rafmagnssögunni.

Ljósafossstöð var gangsett árið 1937 og stendur við útfall Úlfljótsvatns. Með tilkomu stöðvarinnar var framboð rafmagns fjórfaldað á höfuðborgarsvæðinu sem gerði íbúum kleift að nota rafmagnseldavélar í stað kolavéla. Þáttur í því að auka raforkunýtingu frá Ljósafossstöð var að bjóða íbúum höfuðborgarsvæðisins að fá eldavél frá Rafha í áskrift með rafmagninu. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði Ljósafossstöð í fúnkisstíl og hana prýðir verk eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara. Gagarín og Tvíhorf arkitektar eru hönnuðir sýningarinnar og fjöldi fyrirtækja og sérfræðinga kom að uppsetningunni.



**SAFNAFÓLK** Þau voru kampakát, Hafþór og Ólöf, þegar lyklarnir skiptu um hendur.

# Fékk lykla að Listasafni Reykjavíkur

Ólöf K. Sigurðardóttir tók við sem safnstjóri Listasafns Reykjavíkur af Hafþóri Yngvasyni.

Nýr safnstjóri tók við lyklunum að safngeymslum Listasafns Reykjavíkur í gær. Ólöf K. Sigurðardóttir tók þá formlega við sem safnstjóri þess víðfeðma safns af Hafþóri Yngvasyni sem gegnt hefur stöðunni síðustu tíu ár.

Ólöf hefur verið forstöðumaður Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, frá árinu 2008. Þar var hún listrænn stjórnandi og bar ábyrgð á sýningadagskrá og annarri faglegri starfsemi, ásamt fjármálum, rekstri og stjórnsýslu.

Ólöf er samt ekki ókunnug Listasafni Reykjavíkur því hún var um árabil deildarstjóri fræðsludeildar þess og sat í sýningarnefnd auk þess að vera sýningarstjóri á annan tug sýninga.

Listasafn Reykjavíkur er á þremur stöðum í borginni, Hafnarhúsi við Tryggvagötu, Kjarvalsstöðum á Klambratúni og Ásmundarsafni við Sigtún.

- gun

---

†

Ástkær móðir mín,

**BIRNA S. LENAHAN**

lést í Washington USA þann 15. desember sl.
Jarðarför fór fram í maí sl.

**María Lenahan**

---

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug í veikindum og við andlát

**SIGURÐAR S. BJARNASONAR**
**Barrholti 26, Mosfellsbæ.**

**Lillý S. Guðmundsdóttir og fjölskylda.**

---

†



Bróðir okkar og mágur,

**ÁSGEIR EGILSSON**
**járnsmiður,**
**áður Drápuhlíð 3, Reykjavík,**

lést á heimili sínu í Noregi 9. apríl 2015.
Og hvílir þar.

**Erna Egilsdóttir**
**Sigurdís Egilsdóttir** **Sigurgeir Bjarnason**
**aðstandendur.**

---

†



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN KARLSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 17, Reykjavík,**
**áður Mávahlíð 41,**

lést á Borgarspítalanum 13. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Reykjavíkur.

**Kristín Axelsdóttir** **Kristinn Guðmundsson**
**Guðrún Lilja Kristinsdóttir** **Axel Kristinsson**
**Kristín Björk Jónsdóttir** **Arnar Snær Kárason**
**María Káradóttir** **Axel Kárason**
**og fjölskyldur.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGÓLFUR KONRÁÐSSON**
**Suðurlandsbraut 58,**
**áður Njörvasundi 31, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Hringbraut 6. ágúst.
Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 13.00.

**Ragnheiður Halldórsdóttir**
**Helga María Arnarsdóttir** **Þorsteinn Helgason**
**Andrés Reynir Ingólfsson** **Guðlaug Helga Konráðsdóttir**
**Halldór Ingólfsson** **Elísabet Þ.Á.M. Pétursdóttir**
**Ásberg Konráð Ingólfsson** **Þórhildur Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar kæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**VILHJÁLMS BJARNA VILHJÁLMSSONAR**
**fyrrverandi framkvæmdastjóra Íslenskrar getspár.**

**Guðrún Árnadóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ERLING ÞÓR HERMANNSSON**
**Reykjavíkurvegi 52a, Hafnarfirði,**

sem lést miðvikudaginn 5. ágúst verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð blóðlækningadeildar Landspítalans.

**G. Gréta Þórðardóttir**
**Hermann B. Erlingsson** **Hansína Hafsteinsdóttir**
**Þórður Örn Erlingsson** **Erna Kristjánsdóttir**
**Hildur Erlingsdóttir** **Sturla Egilsson**
**og fjölskyldur.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SNJÓLAUG ARADÓTTIR**
**Víðilundi 20, Akureyri,**
**fyrrum húsfreyja Nesi í Höfðahverfi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Hornbrekku mánudaginn 10. ágúst. Útför hennar fer fram frá Laufáskirkju laugardaginn 22. ágúst kl. 14.00.

**Sæunn Laxdal**
**Grímur Laxdal** **Halldóra Stefánsdóttir**
**Ari Laxdal** **Sigurlaug Sigurðardóttir**
**Helgi Laxdal** **Katrín H. Árnadóttir**
**Pálmi Laxdal**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir samúð og vináttu vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓRUNNAR PÁLSDÓTTUR**
**Dalbraut 27.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks þjónustuíbúða, Dalbraut 21-27, fyrir umönnun og hlýju.

**Guðrún Matthíasdóttir** **Óskar Heimir Ingvarsson**
**Halldór Örn Óskarsson** **Þrúður Vilhjálmsdóttir**
**Bjarni Már Óskarsson** **Sigurbjörg Linda Sigurðardóttir**
**Þórunn Halldóra Matthíasdóttir**
**Matthías Þór Óskarsson** **Hugrún Elfa Hjaltadóttir**
**Jón Arnar Óskarsson** **Jóna Guðbjörg Árnadóttir**
**Guðrún Óskarsdóttir** **Björn Patrick Swift**
**Þórunn Óskarsdóttir** **Jóhann Þór Kristþórsson**
**og barnabarnabörnin.**

# OPIÐ ALLA HELGINA

**SKOÐAÐU NÝJUSTU BÆKLINGANA Á WWW.TOLVUTEK.IS**




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Í dag laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00-17:00

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014
Framúrskarandi fyrirtæki


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnunartilboð AÐEINS í Bónus Skipholti
659
kr. kg.
BÓNUS Ferskur heill kjúklingur
BÓNUS
Kjúklingur
Leggir
598
kr. kg.
BÓNUS Ferskir kjúklingaleggir
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1698
kr. kg.
BÓNUS Ferskar kjúklingabringur
BÓNUS
Kjúklingur
Leggir
598
kr. kg.
BÓNUS Ferskir kjúklingaleggir
KJARNAFÆÐI
Einiberjakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
1298
kr. kg.
KJARNAFÆÐI Ferskt kryddað einiberja LÚXUS lambalæri
BÓNUS
Grillkjöt
Bónus BBQ
grísakótilettur
998
kr. kg.
BÓNUS grill grísakótilettur
BÓNUS
298
kr.10 stk.
BÓNUS pylsur 10 stk 485g
BÓNUS
959
kr. kg.
BÓNUS Ferskar grísakótilettur
BÓNUS
BAYONNE
SKINKA
998
kr. kg.
BÓNUS Nýreykt bajoneskinka
1898
kr. kg.
NORÐANFISKUR Ferskur íslenskur LAX
beinhreinsaður m.roði
Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 16. ágúst
VALITOR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnunartilboð **AÐEINS** í Bónus Skipholti




## NÝ BÓNUSVERSLUN Í SKIPHOLTI 11 REYKJAVÍK




**398** kr.stk.
JÚMBÓ **Langlokur**

**198** kr.stk.
BÓNUS **Samlokur**

**198** kr. 4 stk.
BÓNUS **Nýbakaðar mjúkar kringlur** 4 stk.

**298** kr.4 stk.
BÓNUS **Nýbakaðar kjallarabollur** 4 stk.

**259** kr.12 stk.
GÆÐA **Kleinur** 12 stk.




**98** kr. 500g
BÓNUS **Kornbrauð** 500g

**79** kr. 4 stk.
ÖMMU **Spelt flatkökur** 4 stk.

**198** kr. 300g.
EUROSHOPPER **Ostapizza** 300g




**98** kr. 330ml
FLORIDANA **Heilsusafi** 330ml.

**98** kr. 500ml
**Coke í dós** 500ml.

**198** kr. 1 ltr.
KJÖRÍS **Tilboðsís** 1 ltr.

**259** kr.200g.
NÓA **Kropp** 200g

**129** kr. 100g.
SÍRÍUS **Konsúm** 100g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 16. ágúst**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



**ELDGOS Í HOLUHRAUNI.** „Það hefur aðeins hent mig tvisvar að geta ekki tekið mynd. Náttúran er svo stór og sterk að ég einfaldlega missi andann, verð agndofa. Fyrra skiptið var í dagrenningu í Tansaníu þegar ég var á leið niður í Ngorongoro-gíginn. Hitt þegar ég kom að gígaröðinni í Holuhrauni, nokkrum klukkustundum eftir að gos hófst þar á síðasta degi ágústmánaðar 2014.“ MYND/PÁLL STEFÁNSSON

# Ég er einfaldlega alltaf að veiða

**Páll Stefánsson ljósmyndari hefur myndað Ísland í meira en þrjá áratugi og hefur með verkum sínum átt stóran þátt í að móta sýn heimsins á náttúru landsins. Páll er hafsjór af skemmtilegum sögum af ævintýraferðum sínum um landið sem hann elskar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Páll Stefánsson er löngu orðinn einn allra þekktasti ljósmyndari landsins enda hefur hann átt stóran þátt í að móta ímynd landsins með verkum sínum. Fyrst sem ljósmyndari á Iceland Review og ritstjóri þar síðustu árin og einnig með þeim fjölda bóka sem eftir hann liggja. En nú fyrir skömmu kom út eftir Pál ljósmyndabókin Iceland Exposed sem er hans fyrsta Íslandsbók um nokkurt skeið.

### Núið er best

„Ég er búinn að vinna við þetta í þrjátíu og þrjú ár og hef gert að því ég held þrjátíu og tvær bækur ef þessi er talin með. En þetta er fyrsta Íslandsbókin mín í sjö ár. Í millitíðinni hef ég gert bækur um Afríku, Færeyjar, Finnland, Svíþjóð, Danmörku – þannig að ég hef verið að gera bækur í útlöndum. Ég hvíldi mig soldið á íslenska landslaginu, því maður þarf stundum að endurnýja sig og svo var bara nóg að gera í öðrum verkefnum. Svo fór ég í þetta af fullum krafti síðustu átján mánuðina.

Annars er mér mest bölvanlega við að líta til baka – finnst að maður eigi að fara fram á við. En þegar þessi bók átti að fara að komast á koppinn fóru að koma til mín myndir. Elstu myndirnar eru rúmlega fimm ára gamlar en mest er þetta frá síðustu átján mánuðum. Annars verða flestar þessar myndir til í mínu starfi fyrir Iceland Review. Maður getur kannski sagt að þetta sé „best of“ en það er þá vegna þess að það besta er að gerast í núinu.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Að því loknu horfði hann á mig og sagði svo af yfirvegun: „Páll, þú ert fífl.“ Svo mörg voru þau orð. Páll skellihlær við tilhugsunina.**

### Hver er ég?

Í fyrsta hluta bókarinnar, sem er á ensku, rifjar Páll upp sögur og ýmis tengsl við staði sem eru honum kærir og hann hefur mikið myndað í gegnum ferilinn. Hann segir að í þeim hluta sé vissulega fólgin ákveðin tilraun sem kemur vart á óvart þar sem Páll svarar flestu með því að segja sögu.



**LANGANES** „Ég hef alltaf haldið mikið upp á Langanes. Líklega vegna þess að hvergi á Íslandi er maður nær náttúruöflunum.“ MYND/PÁLL STEFÁNSSON

„Það kom þessi hugmynd – einhver segir að ég geti skrifað og mig langaði þá eiginlega að segja fólki hver ég er – hver er þessi gaur talandi um ömmu sína? Þessi bók er hugsuð fyrir ferðalanginn sem vill taka Ísland með sér og það veit enginn hver Jónas, Pétur eða Páll eru í sjálfu sér og þetta er svona smá tilraun til þess að láta fylgja með hver ég er. Þessar sögur segja svona kannski eitthvað um mig, eitthvað sem fólk gæti haft gaman af.

Eins og það að ég á til að ganga í tátiljum og fór í fjallgöngu um miðnæturbil á Vestfjörðum í fyrrasumar í mínum góðu tátiljum. Þar braut ég á mér helvítis tá af því að það rúllaði á hana steinn eins og gengur. Læknirinn sem skoðaði mig á spítalanum vildi fá lýsingu á því hvað hefði gerst og hann fékk þá lýsingu. Að því loknu horfði hann á mig og sagði svo af yfirvegun: „Páll, þú ert fífl.“ Svo mörg voru þau orð.“ Páll skellihlær við tilhugsunina enda enn og alltaf í sínum góðu tátiljum og stuttbuxum nánast allan ársins hring.

### Fékk myndina

Páll myndar allan ársins hring í öllum veðrum og sýn hans á það hlutskipti birtist auðvitað í sögu sem honum finnst lýsa þessa ágætlega. „Núna í sumar sá ég fyrir mér mynd og beið í fjallshlíð vegna þess að það voru pínulítil göt í himninum þar sem birtan ruddist niður en götin voru fá og ekki á alveg réttum stöðum. Svo ég beið eftir að þetta fína spottljós félli niður á réttu staðina. Stundum fiskar maður og stundum ekki og ég var búinn að bíða þarna í svona klukkustund. Það var líka fólk þarna að ráfa um fjallshlíðina og allt í einu kom að mér Kanadamaður um sextugt, lagði vingjarnlega höndina á öxlina á mér og sagði: „Fyrirgefðu, ungi maður, en er eitthvað að?“ Nei, ég er bara að bíða eftir birtunni, svaraði ég, og þá sagði hann mér að þau hefðu verið farin að hafa áhyggjur af mér. Farin að halda að ég væri svona skelfilega langt niðri eða eitthvað þaðan af verra.

Í þessum töluðu orðum fékk ég augnablikið sem ég hafði verið að bíða eftir og þá hresstist ég svo um munar. Ég rak konu mannsins af stað og lét hana hlaupa á réttu staðina í fjallshlíðinni og blessaður maðurinn fylgdist stjarfur með aðförunum – en ég fékk myndina.

Svona er þetta bara. Stundum kemur þetta og stundum ekki. Þetta er svolítið eins og að veiða fisk, sem ég hef reyndar aldrei gert, hvort þú veiðir þann stóra eða ekki er ekki endilega málið. Útiveran og náttúran eru stóra málið og dagurinn getur verið jafn góður fyrir því þó svo maður hafi ekki fengið neitt. Ég er einfaldlega alltaf að veiða.“

# C – FEST

## Sellóhátíð í Norðurljósum

David Geringas, einn þekktasti og virtasti sellóleikari heims heldur tvenna tónleika á Íslandi í september ásamt Dali Gutserieva og Kammersveit Litháen þar sem sellóið er í forgrunni.



## DAVID GERINGAS
## DALI GUTSERIEVA

ásamt Kammersveit Litháen

Stjórnandi: David Geringas



## 6. og 7. september kl. 19:30

**6. sept. Sellóhátíð**
**Einleikur:** Dali Gutserieva og David Geringas
**Stjórnandi:** David Geringas

**7. sept. Vínarklassík**
**Einleikur:** David Geringas
**Stjórnandi:** David Geringas

### Miðasala er hafin

á harpa.is, tix.is
og í miðasölu Hörpu

ZavArteClassic Agency HB

AVE.IS

# Líklega er það ljóðið sem velur þig

Alda Björk Valdimarsdóttir sendi nýverið frá sér sína fyrstu ljóðabók en á síðasta ári lauk hún doktorsprófi í bókmenntum.



**SKÁLDIÐ** Alda Björk með ljóðabókina sína heima í stofu, innan um bækurnar sem skipa stóran sess í lífi hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrir skömmu sendi Alda Björk Valdimarsdóttir frá sér sína fyrstu ljóðabók; Við sem erum blind og nafnlaus. Bókin skiptist í fimm hluta en það sem bindur viðfangsefnin saman er að öll snúast þau um samskipti eða samskiptaleysi, um leiðir til þess að tjá mikilvæga hluti og ógöngurnar sem einstaklingurinn stendur stundum frammi fyrir þegar honum er orða vant. Alda Björk hefur tekist á við ljóðið í rúman áratug og eru elstu ljóðin í bókinni frá þeim tíma auk þess sem ljóðið og bókmenntirnar hafa alltaf skipað stóran sess í lífi hennar, allt frá barnæsku.

„Einu sinni þegar ég var svona sex ára var mamma að hlýða bróður mínum yfir Heiðlóarkvæði eftir Jónas Hallgrímsson. Ég man enn eftir áfallinu sem ég upplifði við lokalínur ljóðsins: „Alla étið hafði þá / hrafn fyrir hálfri stundu!“ Bókmenntafræðingarnir kalla þetta rómantíska íróníu og setja aðferðina í ákveðið merkingarfræðilegt samhengi. Hér skiptir þó kannski meira máli hvernig ljóðlistin nær að tala beint til tilfinninganna, milliliðalaust og án skýringa, svolítið eins og tónlistin gerir. Það er kannski galdur hennar. Sterkt ljóð getur vegið jafn þungt og raunveruleg lífsreynsla.

Ég las ljóð á íslensku sem barn og unglingur en svo fór ég smám saman að lesa meira á öðrum tungumálum. Þegar maður les ljóð þá er sérstaklega mikilvægt að lesa hægt og vera duglegur að fletta upp orðum og velta fyrir sér merkingaraukum. Jafnvel einföldustu textar geta reynst margræðir ef skimað er undir yfirborðið.“

Alda Björk lauk doktorsprófi í almennri bókmenntafræði frá HÍ á síðasta ári þar sem hún fæst einnig við kennslu innan deildarinnar. Alda Björk skrifaði ritgerðina sína um bresku skáldkonuna Jane Austen eins og hún birtist okkur í samtímanum. „Ég hef einnig skrifað um ýmsa íslenska höfunda, t.d. Hallgrím Helgason og Steinunni Sigurðardóttur. Síðustu árin hef ég jafnframt kennt innan bókmenntafræðinnar, fyrst sem stundakennari en núna sem lektor.

En málið með Jane Austen er að hún er einn áhrifamesti höfundur nútímalegrar skáldsagnagerðar, eins og sést svo vel þegar verk hennar eru borin saman við verk samtímahöfunda hennar. Vinsældir hennar í dag stafa einfaldlega af því að hún talar ennþá til okkar á svo sterkan hátt. Höfundarheimur hennar er svo einstakur, hver persóna hefur sína rödd enda er hún líklega einna frægust fyrir persónusköpunina og tilþrifin í tungumálinu og ekki má gleyma írónískri vitundinni sem litar allt. Ég held upp á afskaplega marga 19. aldar höfunda, sérstaklega skáldsagnahöfunda. Ég sæki þangað þó fyrst og fremst sem lesandi og kennari og finnst gaman að skoða þennan skáldskap í nútímalegu samhengi. Í ljóðlistinni er það þó fyrst og fremst nútíminn sem talar til mín.

Stílhefðir og persónusköpun 19. aldar liggja held ég ekki nálægt mínum stíl. Ég er fremur mótuð af skáldskap 20. og 21. aldar þegar kemur að mínum eigin skrifum.“

Prósinn er Öldu Björk einnig hugleikinn þó svo að ljóðlistin hafi yfirhöndina við skrifin um þessar mundir. „Ég hef skrifað prósa meðfram ljóðagerðinni og á eftir að sjá hvort það leiðir til einhvers. Ég birti t.d. eina smásögu í Stúdentablaðinu, en hún heitir Strikamerki. Ég ákvað þó að einbeita mér fyrst að ljóðabókinni.

Ég glímdi lengi við hugmyndina þegar ég setti saman bókina um hvort ég ætti að velja eitt viðfangsefni en ákvað svo að vera með nokkur þemu sem öll tengjast á einhvern hátt. Bókin snýst um táknkerfin sem við notum, um skilgreiningar þær sem við notum bæði til þess að ná utan um lífið og ná utan um heimsmynd okkar og fólkið sem við umgöngumst. En vissulega geta þær líka snúist gegn okkur og verið snúið gegn okkur. Ljóðin fjalla um ást og sorg, um mikilvægar manneskjur sem hverfa úr lífinu, um veruleikamörk og múrana sem við reisum í huga okkar.“

Aðspurð hvað ljóðið gefi henni svarar Alda Björk brosandi: „Hingað til ekki mikið í aðra hönd, en ég á auðvitað eftir að sjá sölutölurnar. Það segir reyndar allt um ljóðlistina að svona margir skuli helga henni líf sitt í fullri vissu um að aldrei eigi þeir eftir að selja nema kannski svona þrjú, fjögur hundruð bækur, jafnvel þótt þeir nái himinhæðum í listsköpun sinni og búi í milljónasamfélagi. Stundum er því haldið fram að ljóðskáld nútímans yrki fyrir önnur ljóðskáld. En auðvitað á maður fyrst og fremst að yrkja fyrir sjálfan sig. Það er þó kannski líka út af þessu að hver lesandi vegur svo þungt í heimi ljóðsins. Svo eru íslensk ljóðskáld held ég svolítið heppin miðað við það sem gerist víða annars staðar. Ljóðið er ennþá tiltölulega sterkt á Íslandi. Þegar öllu er á botninn hvolft er það líklega bara svo að ljóðið velur þig frekar en öfugt.“

magnus@frettabladid.is

## DAUÐINN ER SKUGGI Í TRJÁNUM

**Fætur þínir eru reyrðir**
**áður en þú ert send**
**sködduð út í lífið.**

**Þó manstu óljóst eftir**
**birtunni sem**
**braust gegnum**

**þétt laufþykknið.**

*Alda Björk Valdimarsdóttir*


**KARLAKÓR KEFLAVÍKUR**

**Söngstjóri óskast**

Karlakór Keflavíkur leitar eftir söngstjóra.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kórstjórn, sé áhugasamur, hress og drífandi auk þess að vera léttleikandi og spilandi á píanó.

Upplýsingar veitir Þorvarður Guðmundsson formaður kórsins í síma699-2065 eða á netfanginu **h4@simnet.is**

*Stofnaður 1. des. 1953*





# Birta að brjótast gegnum ský blandast eilífri heimþrá

Þótt Ragna Sigrúnardóttir búi í Seattle þá málar hún íslenskar konur og móablóm og segir sömu seiglu og fínleika einkenna hvort tveggja. Hún opnar sýninguna Einurð í dag í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5.



**LISTAKONAN** Mér finnst seiglan einkennandi fyrir Íslendinga, enda er Seigla titill einnar myndarinnar,“ segir Ragna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



„Ég er voða mikið alltaf að mála Ísland,“ segir Ragna Sigrúnardóttir myndlistarmaður sem hefur átt heima í Seattle í Bandaríkjunum í tvo áratugi. Kveðst búa þar fremur norðarlega og veðrabrigði og skýjafar að vetrinum minni hana á föðurlandið. „Kveikjan að seríunni sem ég er með núna var sólin að reyna að brjótast í gegn um skýin. Sú birta blandast þessari eilífu heimþrá sem er að kvelja mig á hverjum degi,“ segir Ragna sem stoppar sex vikur í þessari Íslandsheimsókn ásamt bandarískum eiginmanni og dætrunum Kötlu og Melkorku.

Einurð heitir sýningin sem Ragna er að opna í Listhúsi Ófeigs. Hún segir orðið tengjast lífinu á Íslandi og bendir á myndir af móablómum. „Þessi pínulitlu, fallegu blóm sem stinga upp kollinum alls staðar og reyna að blómstra í urð og sandi og í alls konar veðri. Ég blanda konum inn í þetta, enda alin upp af sterkum og fallegum konum og á tvær glæsilegar systur. Mér finnst það sama gilda um konurnar á Íslandi og blómin. Þær eru seigar.“

Seigari en í Seattle?. „Já, þær eru harðgerari konurnar hér en fegurðinni er samt ekki fórnað, það er sami fínleikinn sem einkennir íslenskar konur og blóm.“

Þetta er sjöunda einkasýning Rögnu í Listhúsi Ófeigs. Þar eru 24 ný málverk, öll unnin í olíu á striga. Ragna tekur á móti sýningargestum í dag milli klukkan 16 og 19 og í framhaldinu verður sýningin opin milli 10 og 18 virka daga og laugardaga milli 11 og 16 til 9. september.

gun@frettabladid.




SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
BYLGJUAPPIÐ
ÚTVARP
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

KARLAKÓR SELFOSS

## Söngstjóri

Karlakór Selfoss óskar eftir að ráða söngstjóra, æskilegt að hann hafi tónlistarmenntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Í kórnum eru um 70 söngmenn og hefur hann starfað síðan 1965.

Á dagskrá kórsins er kóramót í haust og væntanleg ferð til Ítalíu á vordögum 2016 ásamt fleiri verkefnum.

Æft er einu sinni í viku á mánudögum.

Upplýsingar gefur formaður kórsins Gísli Á. Jónsson gisliemma@gmail.com, sími 893 4824 fyrir 31. ágúst 2015

www.karlakorselfoss.is facebook: Karlakór Selfoss

REYKJAVÍKURBORG

Til leigu



## Turninn á Lækjartorgi
### opinn fyrir nýjum hugmyndum

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu turnsins á Lækjartorgi. Við val á væntanlegum leigutaka verður horft til þess að starfsemin bæti við framboð í miðborginni og gæði hana þannig meira lífi.

Vakin er athygli á að ekki getur verið um hefðbundna matsölu að ræða þar sem turninn uppfyllir ekki heilbrigðiskröfur um slíka starfsemi.

Turninn er til sýnis þriðjudaginn 18. ágúst, kl. 15.

Tilboðum ásamt upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi skal skila til þjónustuvers Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.15, fimmtudaginn 27. ágúst 2015.

Upplýsingar á reykjavik.is/leiga

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11
Ráðhús Reykjavíkur | reykjavik.is/sea

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

365

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

1817
365.is

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365. Nánari upplýsingar á 365.is

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**15. ÁGÚST**

### Tónleikar

**13.00** Söngvaskáld í Byggðasafni Hafnarfjarðar í dag klukkan 13.00. Fram koma: Sveinn, Adda, Koi, Markús. Frítt er inn

**15.00** Á elleftu tónleikum sumarjazztónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu, í dag kemur kemur fram tríó gítarleikarans Björns Thoroddsen. Auk hans skipa tríóið þeir Jón Rafnsson á kontrabassa og Sigfús Óttarsson á trommur. Þeir munu leika fjölbreytt úrval jazz og popp tónlistar í eigin útgáfum. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast klukkan 15 og standa til klukkan 17. Aðgangur er ókeypis.

**19.00** Í kvöld kl. 19.00 verður frumflutt á Íslandi óratorían Salómon eftir Händel í Hallgrímskirkju sem hluti af Kirkjulistahátíð 2015. Flytjendur eru Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag ásamt einsöngvurunum Robin Blaze (kontratenór – titilhlutverk), Þóru Einarsdóttur, Sigríði Ósk Kristjánsdóttur, Benedikt Kristjánssyni og Oddi Arnþóri Jónssyni. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

**19.00** Hápunktur Kirkjulistahátíðar 2015 verður þegar hin stórfenglega óratóría Händels, Salómon konungur, verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Verkið verður flutt í dag klukkan 19.00 í Hallgrímskirkju.

**20.00** Hið íslensk-þýska Ensemble Adapter er einn reyndasti samtímatónlistarhópur Íslands. Hann hefur aðsetur í Berlín og hefur margsannað sig á alþjóðagrundvelli. Adapter hefur nú tekið höndum saman við Cycle listahátíð. Tónleikarnir fara fram í Salnum, Music Hall í Kópavogi og hefjast klukkan 20.00.

**20.00** Heiðurstónleikar The BEATLES fara fram í kvöld í Háskólabíói. Fjórmenningarnir sem stíga á svið í Háskólabíói eru heldur engir aukvisar og fara þar nokkrir af öflugustu söngvurum þjóðarinnar, þeir BJÖRGVIN HALLDÓRSSSON, MATTHÍAS MATTHÍASSON, STEFÁN JAKOBSSON & EIRÍKUR HAUKSSON, ásamt ROKKABILLÝBANDINU. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00.

**21.00** Sveitin FM Belfast er nýkomin á klakann eftir tónleikaferðalag um Evrópu, þar sem lýðurinn var trylltur í Sviss, Þýskalandi, Belgíu og fleiri löndum. Þau ætla að slútta túrnum með flottu giggi í Tjarnarbíó í kvöld. Nú er komið að Íslendingum að dansa af sér skóna við stuð FM Belfast. Tónleikarnir hefjast með DJ-setti klukkan 21.00 en miðaverð er 2.000 krónur í forsölu og 2.500 krónur við hurð.

**22.00** Rokkhljómsveitin Infiniti frá Akureyri blæs til endurkomu-tónleika á Pósthúsbarnum á Akureyri laugardagskvöldið 15. ágúst næstkomandi. Hljómsveitin hefur ekki spilað saman opinberlega í að verða 10 ár og munu því öll gömlu góðu lögin, ásamt nýju efni hljóma í órafmögnuðum útgáfum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og fara fram á Pósthúsbarnum.

**23.00** Keflavíkurnætur standa fyrir sumar-tónlistarveislu í sjálfum bítlabænum 14. til 16. ágúst næstkomandi. Tónlistarsagan á sér djúpar rætur í Keflavík enda hefur verið opnað Rokkminjasafn, til að varðveita þau djúpu spor tónlistarsögunnar sem hafa verið mörkuð í Keflavík í gegnum tíðina. Fram koma Helgi Björns, Sigga Beinteins, Bó, Amabadama, Matti Matt, Muscleboy, FM95BLÖ, Steindi Jr, Bent, Agent Fresco, Friðrik Dór, Skítamórall, Ingó & Veðurguðirnir, Óli Geir, Love Guru, Von og fleiri.

**23.30** Rafnæs heldur göngu sinni áfram og býður ykkur að dansa í kvöld. Fyrri kvöld hafa verið hýst á Paloma og verður engin breyting þar fyrir Rafnæs #4. Plötusnúðar kvöldsins koma hver úr sínu horni og munu spila raftónlist sem er þeim að skapi. Það er vilji okkar að breiða boðskap góðrar raftónlistar og skapa aðstæður þar sem hún fær að



**VEL HEPPNAÐ Í FYRRA** Búist er við að karnivalið slái í gegn á Menningarnótt um næstu helgi.

# Diskókúlur hanga úr byggingakrönum

Dj Margeir og Óli Ofur halda karnival annað árið í röð á gatnamótum Klapparstígs og Hverfisgötu á Menningarnótt. Þeir leita að upprennandi plötusnúðum.

Næstkomandi laugardag halda borgarbúar upp á Menningarnótt en Dj Margeir og Óli Ofur ætla að fara með hátíðarhöldin í nýjar hæðir. Í fyrra héldu þeir karnival á gatnamótum Klapparstígs og Hverfisgötu og þeir ætla að endurtaka leikinn í ár. Með aðstoð frá Nova ætla þeir með karnivalið í nýjar hæðir og leyfa gestum og gangandi að upplifa alvöru danspartí úti á miðri götu. Þeir fara óhefðbundnar leiðir þegar það kemur að uppsetningunni en þeir ætla meðal annars að hengja stærstu diskókúlu landsins upp í byggingakrana sem er á svæðinu vegna hótelbyggingar.

„Ég var að horfa út um gluggann hjá mér þegar mér datt þetta í hug. Ég sló á þráðinn til byggingarverktakanna og þetta var bara samþykkt og ákveðið í einu símtali. Eftir því sem ég kemst næst þá á Nova stærstu diskókúlu landsins en ef það er til önnur stærri þá notum við hana,“ segir Margeir. Þegar líða fer á daginn ætla þeir að nota það öflugan kastara á diskókúluna að það þurfti að láta flugumferðarstjórn vita af því. „Við erum komin með öll leyfi sem við þurfum og þetta verður bara algjör snilld.“

Í fyrra mættu mörg þúsund manns á karnivalið en það má búast við fleirum í ár þar sem það sló í gegn í fyrra. Dagskráin er pökkuð af flottum tónlistarmönnum ásamt því að það verður „pop-up“ jóga yfir daginn. Þeir skildu þó eftir eitt gat í dagskránni. „Mig langar að gefa einhverjum efnilegum plötusnúð tækifæri á að spila og auglýsi hér með eftir einhverjum sem hefur áhuga og langar að sýna hvað í sér býr.“

Það er öruggt að allir á svæðinu verði dansandi og enginn kemst upp með að standa og fylgjast með. „Það sem var svo gaman í fyrra var hvað allir voru að taka þátt og dönsuðu á fullu. Þetta var eins og dansmaraþon. Í ár erum við í samstarfi við Reykjavík Dance Festival og á einum tímapunkti munu þau koma fram og peppa alla upp.“ Karnivalið er engin venjuleg hátíð enda verður lagt gras á reitinn og byggt alvöru svið. „Þetta er ekki bíll sem keyrir inn á miðja götuna þar sem hliðarnar opnast og þá myndast svið. Við erum að virkja alla borgarbúa í að taka þátt í von um að þetta verði einhvers konar hverfishátíð. Svo hvetjum við líka aðra byggingarverktaka til þess að hengja diskókúlur í byggingakranana sína í tilefni Menningarnætur.“

**„Ég sló á þráðinn til byggingarverktakanna og þetta var bara samþykkt og ákveðið í einu símtali. Eftir því sem ég kemst næst þá á Nova stærstu diskókúlu landsins en ef það er til önnur stærri þá notum við hana.**

gunnhildur@frettabladid.is

vera í aðalhlutverki. Fram koma: Sóley (DJ sett) Yagya (live) Good Moon Deer (DJ sett) Lord Pusswhip (DJ sett)

### Sýningar

**12.00** Sirkus Íslands ferðast um landið í sumar og verður á Klambratúni í Reykjavík í dag. Hann verður með þrjár sýningar, þær hefjast klukkan 12.00, 16.00 og 20.00.

**13.00** Listaverk sem stolið var frá Rúnu K. Tetzschner myndlistarmanni verða nú til sýnis í hlöðunni við litla bárujárnsklædda burstabæinn Krók á Garðaholti við Garðakirkju í Garðabæ en í dag og á morgun á milli klukkan 13-17 opna mæðgurnar Rúna og Kamma Níelsdóttir sýningu með málverkum og þæfðum ullarverkum.

**14.00** Í dag klukkan 14.00 verður sýningin Að vefa saman DNA opnuð á Torgi Þjóðminjasafnsins. Sýningin er samvinnuverkefni íslenska vöruhönnuðarins Hönnu Dísar Whitehead og skoska textílhönnuðarins Claire Anderson.

**15.00** Verið velkomin á sýninguna Blankspace – Moving Dialogues. Tilraunastofa samskipta sem opnuð verður í dag klukkan 15.00 í Listasal Mosfellsbæjar, sem er í Bókasafni Mosfellsbæjar.

**15.00** Sýningin Hvorki né verður opnuð í D- sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur, í dag klukkan 1500. Sýningin er sú fimmta og næstsíðasta í sumarsýningarröð Kunstschlager í D-sal Hafnarhússins þar sem hver meðlimur Kunstschlager fær með sér valda myndlistarmenn. Að þessu sinni hefur Sigmann Þórðarson fengið til liðs við sig þau Bjarna Þór Pétursson, Emmu Heiðarsdóttur, Klæng Gunnarsson og Unu Björgu Magnúsdóttur.

### Íþróttir

**11.00** Íslandsmótið í vallabogfimi verður haldið helgina 14. til 16. ágúst í Litla-Skóg á Sauðárkróki. Verður um fullt mót að ræða þar sem farið er eftir öllum settum reglum af hálfu IFAA.

### Hátíðir

**09.00** Fjölskyldudagar Sveitarfélagsins Voga verða haldnir hátíðlegir 13. til 16. ágúst. Hátíðin verður stútfull af skemmtilegri fjölskyldudagskrá. Fjölskyldudagar eru kjörið tækifæri fyrir fjölskyldur og vini til að eiga góðar samverustundir og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**14.00** Matar- og fjölskylduhátíðin Reykjavík Bacon Festival verður haldin í dag nú í ár. Sérvaldir veitingastaðir (veitingastaðir verða kynntir síðar) munu bjóða upp á fyrsta flokks beikoninnblásna rétti í bland við besta mögulega hráefni – m.a. ferskan íslenskan fisk, svína-, lamba- og nautakjöt og íslenskt grænmeti. Það verða ýmsar uppákomur, hljómsveitir, kórar, lúðrasveitir og hoppukastalar. Lukkutröllið Ófeigur mætir að sjálfsögðu á Skólavörðustíginn. Hátíðin er til styrktar mjög góðu málefni, sem að við gefum upp þegar að nær dregur. Árið 2013 gáfum við tvo hjartasírita til hjartadeildar Landspítalans og í fyrra studdum við veglega við bakið á Umhyggju og Hjólakrafti. Hátíðin hefst klukkan 14.00 og stendur til klukkan 17.00.

### Leikrit

**20.00** Leiksýningin ANNAR TENÓR verður sýnd á Berjadögum í Menningarhúsinu Tjarnarborg á Ólafsfirði. Sýning verður í kvöld klukkan 20.00.

### Listamannaspjall

**15.00** Sýningu Mireyu Samper, Endurvarp, lýkur næstkomandi sunnudag 16. ágúst í Listasafninu á Akureyri. Af því tilefni verður boðið upp á listamannaspjall með Mireyu í dag klukkan 15 og er aðgangur ókeypis.

### Útivist

**14.00** Tæknisöguganga um Elliðaárdalinn. Í dag býður Minjastofnun Íslands fólki í gönguferð um Elliðaárdalinn, en þar má vart þverfóta fyrir minjum sem tengjast þróunarsögu höfuðborgarinnar. Gengið verður undir dyggri leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Lagt verður af stað frá gömlu rafstöðinni klukkan 14.00 og er þátttaka ókeypis. Hér er upplagt tækifæri til að njóta útiveru í þessari náttúruperlu í borginni okkar og fræðast í leiðinni!

## SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**16. ÁGÚST**

### Tónleikar

**14.00** Tónlistarhátíðin Englar og menn í Strandarkirkju verða í dag og hefjast að venju klukkan 14.00.

**15.00** Djasstríóið huggulega, Trio Nor, mun spila á Pikknikk-tónleikum í gróðurhúsinu 16. ágúst klukkan 15.00. Ókeypis aðgangur, allir velkomnir. Þetta eru jafnframt síðustu tónleikarnir í Pikknikk-tónleikaröðinni þetta sumarið.

**16.00** Hápunktur Kirkjulistahátíðar 2015 verður þegar hin stórfenglega óratoría Händels, Salómon konungur, verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Verkið verður flutt klukkan 16.00 í dag í Hallgrímskirkju.



**16.00** Í dag klukkan 16 verður flutt á Íslandi óratorían Salómon eftir Händel í Hallgrímskirkju sem hluti af Kirkjulistahátíð 2015. Flytjendur eru Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag ásamt einsöngvurunum Robin Blaze (kontratenór – titilhlutverk), Þóru Einarsdóttur, Sigríði Ósk Kristjánsdóttur, Benedikt Kristjánssyni og Oddi Arnþóri Jónssyni. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.



**20.00** Gissur Páll Gissurarson, Bergþór Pálsson, Hlöðver Sigurðsson og Viðar Gunnarsson ásamt Halldóri Smárasyni, útsetjara og píanóleikara. Tónleikarnir fara fram í Hveragerðiskirkju í kvöld klukkan 20.00. Í þetta skiptið verða þeir á léttum nótum dægurlaga, sem allir kannast við, úr ýmsum áttum og frá ýmsum tímabilum. Allt frá ljúflingslögum Fúsa Halldórs yfir í Stína ó Stína og Hæ Mambó!

### Sýningar

**12.00** Sirkus Íslands ferðast um landið í sumar og verður á Klambratúni í Reykjavík í dag. Hann verður með tvær sýningar, þær hefjast klukkan 12.00 og 16.00.

### Leikrit

**16.00** Leiksýningin ANNAR TENÓR verður sýnd á Berjadögum í Menningarhúsinu Tjarnarborg í Ólafsfirði. Sýningin fer fram í dag klukkan 16.00.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



## TREND

### REGNJAKKAR

Nú nálgast haustið óðfluga, sumir telja meira að segja að það sé nú þegar komið. Þá er nauðsynlegt að eiga flotta regnkápu. Þrátt fyrir að það sé ekki alltaf rigning þá eru þær komnar í tísku og þykir nú til dags mjög fínt að eiga flottan regnjakka.



**ÖÐRUVÍSI** Regnjakkar fást í öllum gerðum. Það er gaman að vera öðruvísi.



**GERIR MIKIÐ** Regnjakkar geta gert mikið fyrir heildarútlitið. Það verður allt svo afslappað.



**SÍÐUR REGNJAKKI** því síðari þeim mun betri?



**FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Þessi er tilbúinn í hvað sem er. MYNDIR/GETTY

# Öll flottustu fötin á einni vefsíðu

Heiðdís Lóa og Guðbjörg Sandra opnuðu á dögunum vefsíðuna stylista.is þar sem fólk getur séð hvað er það nýjasta og flottasta í búðunum í dag. Síðan hefur fengið frábærar viðtökur þrátt fyrir að stutt sé frá opnun.

Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is

Frænkurnar Heiðdís Lóa Óskarsdóttir og Guðbjörg Sandra Guðjónsdóttir hafa sett á laggirnar nýja vefsíðu sem heitir stylista.is. Síðan býður þeim sem hafa áhuga á tísku upp á að sjá hvað er í boði í íslenskum verslunum. Þær eru í nánu samstarfi við nokkrar verslanir í Reykjavík og ætla á næstu vikum að auka úrvalið. Vefsíðan hefur fengið góð viðbrögð enda mörgu ábótavant hvað netverslun varðar á Íslandi.

„Ég var að leita að sumargjöf handa kærastanum mínum kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta á netinu. Ég fór inn á endalaust margar síður og fann hvergi neitt. Það er erfitt að vita hvernig fötin eru þegar þau eru ekki á fólki. Þá fór ég að hugsa að það vantaði eina síðu þar sem hægt væri að sjá allt það helsta í búðum Reykjavíkur," segir Heiðdís Lóa.

Vefsíðan er ekki verslun en hún er meira eins og tískublogg þar sem birtast myndir af fyrirsætum í nýjustu fötum sem boðið er upp á. Þær gera allt sjálfar fyrir utan að sitja fyrir. „Mér datt ekki í hug að þetta yrði svona mikil vinna. Við finnum fyrirsætur, finnum fötin, förðum, tökum myndirnar, vinnum myndirnar, skilum fötunum. vinnan er samt ótrúlega skemmtileg og gefandi."

Stelpurnar eru ekki að rukka búðirnar fyrir færslurnar og gera alla vinnuna í frítímanum þannig að þær eru ekki í þessu til þess að græða. „Markmiðið var alltaf að fá búðirnar með okkur í þetta og þess vegna er mikilvægt að hafa síðuna virka og deila einhverju á hverjum degi. Við vonum að búðirnar séu ánægðar með þetta en það er mikill heimsóknarfjöldi á síðunni og því góð auglýsing fyrir þær. Viðtökurnar hafa verið rosalega góðar."

Heiðdís Lóa hélt áður úti sínu eigin persónulega bloggi sem náði miklum vinsældum og hún hefur því góða reynslu. „Ég var stundum með færslur sem hétu Fataskápurinn þar sem ég heimsótti stelpur og þær voru myndaðar í sínum eigin fötum. Þessar færslur voru alltaf mjög vinsælar og stylista.is er í raun svipuð pæling nema með búðir."

Stelpurnar gera allt sjálfar, þar á meðal að taka myndirnar og vinna þær, hanna vefsíðuna og búa til vörumerki. Þær eru báðar í skóla og ætla að reyna að vera jafn duglegar eftir að hann byrjar aftur í haust. „Við eigum helling af myndum í geymslu sem við eigum eftir að vinna og birta. Annars þyrftum við að fara að taka myndir á hverjum degi. Hingað til höfum við verið að taka myndir einu sinni í viku," segir Heiðdís.



**FLOTTAR FRÆNKUR** Heiðdís og Guðbjörg hafa verið bestu vinkonur frá blautu barnsbeini. MYND/ANTON BRINK

> **Mér datt ekki í hug að þetta yrði svona mikil vinna. Við finnum fyrirsætur, finnum fötin, förðum, tökum myndirnar, vinnum myndirnar, skilum fötunum.**



**ALLT LÁTIÐ FLAKKA** Stjúpdóttir Caitlyn var ósátt við umtalið um móður sína.

## Óþarfi að tala illa um Kris

Caitlyn Jenner er nú byrjuð með sína eigin raunveruleikaþætti sem heita I am Cait. Þegar Caitlyn tilkynnti opinberlega áform sín um að gerast kvenmaður þótti Kim og Khloe Kardashian hún tala of illa um móður þeirra, Kris Jenner. Í klippu fyrir nýjasta þáttinn lýsir Khloe yfir óánægju sinni með ummælin og hún telur það vera óþarfa gagnvart Kris.

# Fara óhefðbundna leið í fjáröfluninni

Leikhópur Álfrúnar Pálsdóttur gerir persónuleg þakkarmyndbönd og syngur lög fyrir þá sem leggja þeim lið.

Álfrún Pálsdóttir er um þessar mundir að sýna á Edinborgarhátíðinni ásamt leikhópi sínum. Verkið heitir The Lost Art of Lost Art og hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og meðal annars fjórar stjörnur í Broadway Baby sem er virt blað. Hópurinn fer óvenjulegar leiðir í að fjármagna sýninguna. Sara Blöndal hannar búninga og leikmynd.

„Við erum búin að vera að sýna á hverjum degi frá því í byrjun ágúst. Seinasta sýningin verður 20. ágúst en við fáum frí 19. ágúst. Sýningin fjallar um listaverkaþjófa sem stela Ópinu eftir Munch og eru í sífellu að biðja um meiri pening fyrir það. Sýningin er mjög fyndin og skemmtileg og áhorfendur hlæja mikið."

Álfrún tók þátt í keppni á vegum Scottish Daily Mail og Drama UK og sigraði í flokknum „new acting talents" og fékk 6.000 pund í verðlaun. Þann pening ætlar hún að nota til að borga upp kostnaðinn af sýningunni en hún kostar í kringum 10.000 pund. Til þess að borga restina hefur hópurinn byrjað með heldur frumlega fjáröflunarleið.

„Við settum upp okkar eigin vefsíðu í stað þess að borga 8% af ágóðanum okkar til Kickstarter. Þegar fólk styrkir okkur um 20 pund þá fær það sent persónulegt og skemmtilegt þakkarvídeó. Þegar við fáum styrk upp á 50 pund eða meira þá fær fólk að velja sér lag sem við syngjum. Við höfum líka lofað að skrifa bréf og fleira." Hópurinn hefur nú safnað 1.400 pundum sem getur ekki talist annað en mjög gott. - gj



**MYNDARLEGUR HÓPUR** Krakkarnir eru allir saman í leiklistarskóla í London. MYND/JANNICA HONEY

LLOYD VAGABOND SHOEMAKERS adidas Gabor SIXMIX hummel ecco

# RISA ÚTSALA Í FULLUM GANGI

60%
70%
50%
90%

LÁGMARKS-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM NÚ 50%

80%
50%
60%

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarvogi

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-18.00
Sunnudaga 12.00-18.00

Vínlandsleið, Grafarholti
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-16.00
Sunnudaga 13.00-17.00



**ÁNÆGÐIR Á ÍSLANDI** Hér eru þeir Caleb Followill, söngvari Kings of Leon, ásamt bræðrum sínum, bassaleikaranum Jared Followill og trommararnum Nathan Followill. Frændinn í bandinu, gítarleikarinn Matthew Followill, var á hinum enda sviðsins og náðist ekki á þessa fögru mynd ljósmyndarans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


LISTAMANNALAUN
• The Artists' Salaries •

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2016 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september, kl. 17:00.**
Sækja skal um listamannalaun á www.listamannalaun.is sem leiðir umsækjanda inn á umsóknarsíðu listamannalauna hjá Rannís. Nota þarf íslykil eða rafræn skilríki við umsóknina.

**Starfslaun eru veitt úr sex sjóðum, þeir eru:**
- launasjóður hönnuða
- launasjóður myndlistarmanna
- launasjóður rithöfunda
- launasjóður sviðslistafólks
- launasjóður tónlistarflytjenda
- launasjóður tónskálda

Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita ferðastyrki.

**Umsóknir skiptast í fjóra flokka:**
1. Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
2. Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
3. Starfslaun sviðslistafólks – hópar.
4. Ferðastyrkir.

Upplýsingar um listamannalaun, lög og reglugerð, er að finna á www.listamannalaun.is.

**Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga, sími 515 5800, netfang ragnhildur.zoega@rannis.is**

**Stjórn listamannalauna ágúst 2015**

rannís www.rannis.is







# Kings of Leon stóðu heldur betur fyrir sínu

TÓNLEIKAR ★★★★½

**Kings of Leon**
**NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN**

13. ágúst 2015

Það var margt um manninn í Nýju-Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöldið þegar ein vinsælasta rokkhljómsveit heims, Kings of Leon, steig þar á svið. Það var reyndar íslenska hljómsveitin Kaleo sem hóf leik og sýndi sveitin frábæra takta og var afar þétt í sinni spilamennsku. Kaleo spilaði því miður í einungis um 25 mínútur og undirritaður skynjaði það á tónleikagestum að fólk var almennt til í að heyra fleiri lög frá rokkurunum úr Mosfellsbænum. Það var auðsjáanlegt og auðheyranlegt að dvöl sveitarinnar í Bandaríkjunum undanfarna mánuði hefur gert þessa góðu sveit enn betri og verður gaman að sjá hvað gerist hjá henni í framtíðinni.
Eftir að Kaleo lauk leik, tók við smá bið en fólk var almennt í góðum fíling.

Þá kom að því, að suðurríkjarokkararnir í Kings of Leon stigu á svið og þeir voru stundvísir. Undirritaður var heillaður, alveg frá fyrsta tóni, frá því að fyrsti hljómurinn í laginu Supersoaker, sem er jafnframt fyrsta lagið á nýjustu plötu Kings of Leon, Mechanical Bull, allt fram að síðasta hljómi í lokalagi tónleikanna, sem er jafnframt vinsælasta lag sveitarinnar, Sex on Fire.

Bræðurnir þrír, Caleb Followill, Nathan Followill, Jared Followill og frændinn Matthew Followill slógu ekki feilnótu alla tónleikana, eða þá hefur hún allavega farið fram hjá undirrituðum. Með þeim á sviðinu var þúsundþjalasmiður að nafni Ethan Luck, sem spilaði á slagverk, gítar, hljómborð, söng bakraddir og allt þar á milli. Þessir fagmenn léku öll vinsælustu lög sveitarinnar og voru öryggið uppmálað í spilamennsku sinni og framkomu. Tónleikagestirnir, sem voru um átta þúsund manns, fengu að heyra lög af öllum sex breiðskífum Kings of Leon og því klárt mál að þeir fengu helling fyrir sinn snúð, sama hvaða plata er í uppáhaldi.

Söngvari sveitarinnar, Caleb Followill, talaði aðeins við tónleikagesti á milli laga en var aldrei með neitt óþarfa blaður. Hann sagðist til dæmis vera flugþreyttur en að hann myndi laga það með því að drekka sig fullan og glotti í kjölfarið. Þá sagði töffarinn einnig þegar langt var liðið á tónleikana að sveitin hefði í hyggju að koma aftur til landsins, það væri frábært að vera á Íslandi og þeir hefðu hlakkað mikið til þess að koma hingað. Annars virtust liðsmenn Kings of Leon að mestu leyti vera einbeittir í því að skila sínu vel, sem þeir gerðu. Þeir voru ekki með neitt óþarfa blaður og það er bersýnilegt að þessi gaurar hafa svo sannarlega spilað á nokkrum tónleikum áður. Þvílík reynsla og fagmennska.



Það voru fleiri fagmenn í salnum því hljóð og ljós var til mikillar fyrirmyndar. Hljóðkerfið skilaði frábærum hljómi og ljósadýrðin var þvílík. Til að setja punktinn yfir i-ið voru þrír risaskjáir við sviðið, sinn hvorum megin við sviðið og svo einn, sem var jafnframt stærsti skjárinn, fyrir aftan sviðið. Þessi skjáir gerðu mikið fyrir tónleikana og gerðu þá að miklu sjónarspili. Fjöldi myndavéla var á sviðinu þannig að áhorfendur gátu vel séð hvað meðlimir sveitarinnar voru að gera uppi á sviði þegar þeir rýndu í hliðarskjáina. Glæsileg grafík var svo á skjánum á bak við sviðið sem talaði við hvert lag fyrir sig. Þessir skjáir, með þessari glæsilegu grafík og myndefni, gerðu svo sannarlega góða tónleika enn betri.

Það eina sem undirritaður gat sett út á á tónleikunum var svæðisskiptingin og fannst honum heldur mikið að hafa svæðin fjögur, A+, A, B og C svæði. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að undirritaður er ekki vanur svona mörgum svæðum á standandi tónleikum á Íslandi og þetta því svolítið viðbrigði. Annars var allt skipulag til mikils sóma og virtist undirrituðum allt fara vel fram og allir ganga sælir og sáttir úr Nýju-Laugardalshöllinni.

gunnarleo@frettabladid.is

**NIÐURSTAÐA:** Bræðurnir þrír, Caleb Followill, Nathan Followill, Jared Followill og frændinn Matthew Followill í Kings of Leon slógu ekki feilnótu alla tónleikana. Hinir íslensku Kaleo gáfu tóninn fyrir það sem í vændum var og voru frábærir. Vel heppnaðir tónleikar í alla staði.

# KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU - ELDUR AF HIMNI

## 14. - 23. ÁGÚST 2015



Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju
Laugardaginn 15. ágúst kl. 19 & Sunnudaginn 16. ágúst kl. 16

# SOLOMON

eftir G. F. Händel. Óratória í 3 þáttum



### Föstudagur 14. ágúst kl. 12.15–13.45 og 17.00

**12.15–13.45 ÖRÞING: SALÓMON KONUNGUR**

Í tilefni af flutningi óratóríu Händels, Salómoni, á Kirkjulistahátíð verður haldið örþing um Salómon konung og speki hans í samvinnu við Hið íslenska Biblíufélag á 200 ára afmæli þess. Fluttir verða þrír örfyrirlestrar um ævi og áhrif Salómons konungs. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**17.00 SETNING KIRKJULISTAHÁTÍÐAR 2015**

Opnun myndlistarsýningar, tónlistarflutningur með Alþjóðlegu barokksveitinni frá Haag, Mótettukór Hallgrímskirkju, barokkdönsurum o. fl. Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður Kirkjulistahátíðar 2015 sýnir í kór kirkjunnar og forkirkjunni. Biskup Íslands talar.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

### Laugardagur 15. ágúst kl. 19.00

### Sunnudagur 16. ágúst kl. 16.00

**SALÓMON eftir G. F. Händel - Óratória í 3 þáttum**

**Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju**

Flytjendur:
Robin Blaze kontratenór, Salómon konungur.
Þóra Einarsdóttir sópran, drottning Salómons og fyrsta kona.
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran, drottningin af Saba og önnur kona. Benedikt Kristjánsson tenór, Zadok æðstiprestur og sendiboði. Oddur Arnþór Jónsson bassi, levíti.
Mótettukór Hallgrímskirkju. Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag.
Konsertmeistari: Tuomo Suni frá Finnlandi.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Miðaverð 9.900 kr. (úrvalssæti fremst í kirkjunni), 6.900 kr. aftari hluti kirkjunnar. Hálfvirði fyrir námsmenn af lægra verðinu.

### Sunnudagur 16. ágúst kl. 11.00

**HÁTÍÐARMESSA Á KIRKJULISTAHÁTÍÐ**

Hörður Áskelsson stjórnar tónlistarflutningi, m. a. úr dagskrá Kirkjulistahátíðar. Schola cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag og Oddur A. Jónsson barítón. Organisti Eyþór Franzson Wechner. Útvarpsmessa.

### Mánudagur 17. ágúst kl. 21.00

**KLAIS-ORGELIÐ Í NÝJUM VÍDDUM**

Ungir raftónlistarmenn nýta sér nýjan tæknibúnað Klais-orgelsins og bjóða upp á tónlistarupplifun í hljóðheimi hins magnaða orgels Hallgrímskirkju með sínum 5273 pípum.

Raftónlistarmenn kvöldsins eru Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira), Sveinbjörn Thorarensen (Hermigervill), Kristrún Snæbjörnsdóttir og Páll Ivan frá Eiðum. Umsjón og skipulag: Guðmundur Vignir Karlsson (Kippi Kaninus).

Miðaverð: 2500 kr. (hálfvirði fyrir námsmenn).

### Þriðjudagur 18. ágúst kl. 20.00

**BAROKKTÓNLEIKAR – „Í HEIMSÓKN HJÁ HÄNDEL“**

Nordic affect ásamt Ian Wilson blokkflautuleikara frá London, Tuomo Suni fiðluleikara frá Helskinki og Þóru Einarsdóttur sópran, Benedikt Kristjánssyni tenór og Oddi A. Jónssyni barítón.

Flutt verður tónlist eftir G. F. Händel sem sýnir aðra hlið á tónsmíðum hans, sem mótvægi við hina glæsilegu óratóríu Salómon.

Miðaverð 3.900 kr. Hálfvirði fyrir námsmenn

### Miðvikudagur 19. ágúst kl. 12.00–12.30

**HÁDEGISTÓNLEIKAR: HEYR HIMNA SMIÐUR**

Schola cantorum syngur fallega íslenska og ítalska kórtónlist. Stjórnandi Hörður Áskelsson.

Miðaverð 2000 kr. Hálfvirði fyrir námsmenn.

### Fimmtudagur 20. ágúst kl. 20.00 og 22.00

**ORGELTVENNA MEÐ OLIVIER LATRY**

20.00 Olivier Latry organisti Notre Dame-kirkjunnar í París leikur einleikstónleika.

22.00 Vorblót eftir Stravinsky. Olivier Latry leikur ásamt eiginkonu sinni, Shin-Young Lee, sérstaka umritun fyrir tvo orgelleikara.

Miðaverð 3500 kr. báðir tónleikar/2000 kr. kl. 22 (hálfvirði fyrir námsmenn).

### Föstudagur 21. ágúst kl. 17.00 og 20.00

**KING'S MEN FRÁ CAMBRIDGE**

17.00 Evensong með King's Men frá King's College í Cambridge.

Ókeypis aðgangur.

20.00 Tónleikar með King's Men.

Sönghópurinn King's Men syngur fjölbreytta efnisskrá undir stjórn hins heimsfræga stjórnanda þeirra, Stephen Cleobury kórstjóra við King's College í Cambridge.

Miðaverð 3.900 kr. Hálfvirði fyrir námsmenn.

### Laugardagur 22. ágúst kl. 15.00–21.00

**SÁLMAFOSS Á MENNINGARNÓTT**

Samfelld tónleikadagskrá allan daginn, þar sem King's Men frá Cambridge, Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt ýmsum íslenskum og erlendum kórum og hljóðfæraleikurum koma fram. Frumfluttir verða 5 nýir sálmar eftir 10 konur.
**Ókeypis aðgangur.**

### Sunnudagur 23. ágúst kl. 11.00 og 17.00

**11.00 HÁTÍÐARMESSA**

Með King's Men og Stephen Cleobury. Organisti: Richard Gowers.

**17.00 LOKATÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM: DEO DICAMUS GRATIAS**

Meðal verka á efnisskránni er frumflutningur á nýju verki eftir John Speight, Missa semplice fyrir kór, sópraneinsöngvara og hörpu. Flytjendur eru kammerkórinn Schola cantorum, einsöngvarar úr kórnum og Elísabet Waage harpa. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Miðaverð 3.900 kr. Hálfvirði fyrir námsmenn.

Styrktaraðilar:
Hallgrímssöfnuður, Reykjavík
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra,
Kirkjumálasjóður, Antikbúðin

Gunnar Eggertsson
Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Miðasala í Hallgrímskirkju**
**s. 510 1000 - midi.is**
**kirkjulistahatid.is**

# Lögðu undir sig heimavistarskóla

**Hljómsveitin Sniglabandið er um þessar mundir að vinna að nýrri plötu sem ber nafnið Íslenskar sálarrannsóknir. Nýja platan kemur út í byrjun október en þá fagnar hljómsveitin einnig þrjátíu ára afmæli sínu. Útgáfunni verður fagnað með tónleikum í Eldborg í 3. október.**

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Hljómsveitin Sniglabandið er um þessar mundir að gera nýja plötu, sem hlotið hefur nafnið Íslenskar sálarrannsóknir. Meðlimir sveitarinnar hafa undanfarna daga dvalið á Núpi í Dýrafirði þar sem þeir hafa verið við upptökur og í eins konar sálarrannsóknavinnu.

„Þetta hefur gengið rosalega vel. Við vorum búnir með fjögur lög áður en við fórum vestur og náðum svo að klára önnur fjögur lög á Núpi. Þetta er það besta sem hljómsveitir geta gert þegar þarf næði og einbeitingu til að vinna og tengjast saman, menn eru ekki að skjótast hingað og þangað eins og oft vill verða í amstri dagsins í borginni,“ segir Pálmi Sigurhjartarson, píanóleikari Sniglabandsins.

Gamli heimavistarskólinn á Núpi hefur því verið notaður sem hljóðver að undanförnu. „Þetta er frábær staður, við vorum með gömlu heimavistina fyrir okkur, settum magnarana í tóma sundlaugina og trommusettið í leikfimisalinn. Ég fékk að nota gamalt upright Baldwin-píanó í einu laganna, píanóið stóð einsamalt úti í horni matsalarins og gaf frá sér magnaðan hljóm sem á eftir að gefa laginu Þú bíður allavega eftir mér, eftir Megas, nýjan og í senn eldgamlan tón. Við unnum svo frá níu á morgnana til eitt á næturnar, þetta var alveg frábært,“ útskýrir Pálmi en þeir félagar voru nýkomnir í höfuðborgina þegar blaðamaður náði tali af honum.

Platan sem sveitin vinnur nú að kemur út í byrjun októbermánaðar í tilefni af þrjátíu ára afmæli Sniglabandsins. Sveitin ætlar að halda upp á afmælið með heljarinnar tónleikum í Eldborgarsal Hörpu 3. október. „Við erum að endurútsetja íslensk alþýðulög frá ýmsum tímum. Við erum að finna sálina í vel sömdum lögum, sem eiga margt annað inni. Það er pínu tilgangurinn með plötunni,“ útskýrir Pálmi.

Eitt lag af þessari væntanlegu plötu hefur heyrst í sumar en það er lagið Ég er að tala um þig eftir Jóhann G. Jóhannsson sem Björgvin Halldórsson söng upphaflega. „Við höfum nú gert það að okkar og erum mjög sáttir við útkomuna. Við erum að útsetja íslensk alþýðulög frá ýmsum tímabilum í tónlistarsögunni og hefur það verið verkefni þessa árs að vinna úr hugmyndum og velja lög, eða kannski meira að leyfa lögunum að koma til okkar, eins og þau hafa flest gert. Sum lögin hafa rúllað fram og aftur í tempóum og stílum þangað til við erum orðnir sáttir og finnum réttan tilgang með útsetningunni, að gefa góðu lagi annað líf og jafnvel lengja lífdaga þess,“ segir Pálmi. „Næsta útspil okkar verður tónlistarperla sem við vitum að mörgum þykir vænt um, Villtir strengir eftir Oddgeir Kristjánsson. Það lag var t.d. að detta út af lagalistanum af því einfaldlega að við vorum ekki komnir niður á útsetningu sem við vorum sáttir við, en í vestfirsku kyrrðinni fundum við svarið og erum mjög ánægðir með útkomuna.“

Þótt Sniglabandið hafi ekki verið að spila um hverja helgi að undanförnu þá hefur sveitin hist vikulega síðan í janúar til þess að vinna í tónlist. „Við byrjuðum fyrstu vikuna í janúar og höfum hist vikulega síðan. Þetta hefur verið mikil útsetningarvinna og hópar þurfa líka að koma þessu andlega saman,“ bætir Pálmi við.

Þeir félagar hafa einnig verið með útvarpsþætti í sumar á Rás 2 en hafa oftast sent þá út utan af landi. „Við vorum með þáttinn á Ísafirði síðustu helgi og fórum svo á Núp í leiðinni í bæinn. Við sendum þáttinn út frá Sauðárkróki um helgina.“ Sniglabandið kemur einmitt fram á Gærunni á Sauðárkróki í kvöld, á Hótel Mælifelli.



**EINBEITTIR** Hér eru liðsmenn Sniglabandsins djúpt hugsi í hljóðverinu sem þeir settu upp á Núpi í Dýrafirði.

> **Þetta hefur gengið rosalega vel. Við vorum búnir með fjögur lög áður en við fórum vestur og náðum svo að klára önnur fjögur lög á Núpi. Þetta er það besta sem hljómsveitir geta gert þegar þarf næði og einbeitingu til að vinna og tengjast saman.**
>
> *Pálmi Sigurhjartarson, píanóleikari Sniglabandsins.*



**STÓR SJÖUND** Hér eru þeir Sigurvald Ívar Helgason, Þorgils Björgvinsson, Einar Rúnarsson, Friðþjófur Ísfeld Sigurðsson, Skúli Gautason, Pálmi J. Sigurhjartarson og Björgvin Ploder flottir við flaggstöngina. MYNDIR/SNIGLABANDIÐ






**NÝTT EFNI** John Grant sendir frá nýja plötu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýtt lag frá John Grant

Lagið Disappointing er fyrsta lagið sem John Grant sendir frá sér af nýrri plötu. Þess má til gamans geta að söngkonan Tracey Thorn er gestasöngkona í laginu.

John Grant sendir frá sér sína þriðju plötu í haust og er áætlaður útgáfudagur 2. október. Platan var tekin upp í Dallas þar sem Grant gerði sína fyrstu plötu, Queen of Denmark, sem sló svo eftirminnilega í gegn úti um allan heim.

Síðasta plata Grants, Pale Green Ghosts, var tekin upp hér á landi og kom út árið 2013. Hún var af mörgum talin vera ein af bestu plötum ársins og var meðal annars ofarlega á árslistum tónlistartímaritanna Mojo, Guardian og Uncut. John Grant verður með útgáfutónleika í Hörpu dagana 5. og 6. nóvember.

- glp

# MEGATILBOÐ

*Ótrúlega flott úrval af pizzum*
*á frábæru verði*





**5 FYRIR 4**
**AF ÖLLUM PIZZUM**

**299** kr. pk.
Verð áður 399 kr.
**CHICAGO TOWN PIZZUR**



**399** kr. pk.
**THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR Í MIKLU ÚRVAL**



**99** kr. stk.
**APPELSÍN, PEPSI OG PEPSI MAX 500 ML DÓS**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

Iceland

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola

TILBOÐ KL 1:45
FRUMMAÐURINN ÍSLENSKT TAL
TILBOÐ KL 1:50
TILBOÐ KL 2

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| VACATION | 5:50, 8, 10:10 |
| THE GIFT | 8, 10:20 |
| FRUMMAÐURINN 2D | 1:45, 3:50, 5 |
| TRAINWRECK | 8 |
| SKÓSVEINARNIR 2D | 1:50, 3:50 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10:35 |
| INSIDE OUT | 2 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Það muna allir eftir ógleymanlegu grínmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að syninum að fara með sína fjölskyldu í frí!
"VACATION ER FYNDNASTA MYND ÁRSINS" JAMES OSTER - JOBLO
"ÉG HEF EKKI HLEGIÐ SVONA OFT UPPHÁTT Í LANGAN TÍMA" DAVE KARGER - FANDANGO
MATT SULLIVAN - IN TOUCH
VACATION
THE HOLLYWOOD REPORTER
TOM CRUISE MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION
VARIETY
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR AVENGERS OG GUARDIANS OF THE GALAXY
VARIETY TOTAL FILM EMPIRE
MARVEL ANT-MAN
INSIDE OUT
SKÓSVEINARNIR
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT
SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 |
| VACATION VIP | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE VIP | KL. 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 3:10 - 8 - 10:45 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4:20 - 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 |
| ANT-MAN 3D | KL. 12:50 - 3:20 |
| THE GALLOWS | KL. 10:30 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| VACATION | KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:20 |
| FANTASTIC 4 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| VACATION | KL. 8 - 10:40 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:10 - 10:45 |
| TRAINWRECK | KL. 8 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 3D | KL. 3 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SOUTHPAW
FANT4STIC
FRUMMAÐURINN ÍSLENSKT TAL
TRAINWRECK
HRÚTAR
Daily with english subtitle at 17.30 at Haskolabio University Cinema
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND Í 2D
FRUMMAÐURINN ÍSLENSKT TAL
SÝND KL. 1:45
INSIDE OUT
ÍSL TAL SÝND Í 2D
SÝND KL. 2
SÝND Í 2D ÍSL TAL
SKÓSVEINARNIR
SÝND KL. 1:50
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
SKÓSVEINARNIR
INSIDE OUT
VACATION
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

FRUMMAÐURINN
SKÓSVEINARNIR
PIXELS
FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2–11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMIÐI.IS
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




# Ómótstæðilegur skandinavískur stíll

Tískuvikunni í Kaupmannahöfn lauk á dögunum og Fréttablaðið tók saman nokkrar af flottustu og frumlegustu sýningunum. Einfaldur og nútímalegur stíll var áberandi.

1 **BAUM UND PFERDGARTEN** Fallegur og stílhreinn kjóll frá þessu flotta danska merki sem leggur mikið upp úr módern hönnun.

2 **DESIGNERS NEST** Öðruvísi en flottur jakki. Skórnir eru líka vel heppnaðir. Merkið er þekkt fyrir að hugsa út fyrir kassann.

3 **IVAN GRUNDAHL** Allar fyrirsæturnar gengu pallinn með þessa flottu förðun en hún gaf línunni einstakan blæ. Töffaralegt og flott.

4 **NICHOLAS NYBRO** Einstaklega skemmtileg sýning hjá Nicholas Nybro. Línurnar hans einkennast af litum og skemmtilegum sniðum.

5 **ANNE SOFIE MADSEN** Afslappaður stíll eins og Danir elska. Óvenjuleg en töff sýning hjá Anne Sofie.



**GANNI** Vel þekkt danskt merki sem hefur slegið í gegn um allan heim. Mikið var lagt í sýninguna að þessu sinni. MYNDIR/GETTY

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Útsala á grísakjöti

## ferskt íslenskt kjöt

New York marinering

Hvítlauks og rósmarín marinering

Ítölsk marinering

35% afsláttur

**989 kr. kg**

Verð áður ~~1524~~ kr. kg
Íslenskar grísakótilettur með beini, kryddaðar eða marineraðar

Hvítlauks og rósmarín marinering

Kryddaður

Ítölsk marinering

New York marinering

30% afsláttur

**1189 kr. kg**

Verð áður ~~1699~~ kr. kg
Íslenskur grísahnakki úrb. sneiðar

35% afsláttur

**538 kr. kg**

Verð áður ~~828~~ kr. kg
Íslenskur grísabógur heill

32% afsláttur

**599 kr. kg**

Verð áður ~~881~~ kr. kg
Íslenskt grísahakk

30% afsláttur

**1595 kr. kg**

Verð áður ~~2279~~ kr. kg
Íslenskar grísalundir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

## Strákarnir í 16-liða úrslit með látum

**HANDBOLTI** Íslenska U-19 ára liðið vann síðasta leik sinn í riðlakkepni HM í gær, 47-19, gegn Venesúela.

Strákarnir unnu þar með sinn sterka riðil með fullu húsi stiga. Óðinn Ríkharðsson átti ótrúlegan leik fyrir Ísland í gær en hann skoraði fimmtán mörk úr nítján skotum. Hákon Styrmisson kom honum næstur með ellefu mörk í tólf skotum.

Einar Baldvinsson átti einnig mjög góðan leik í markinu en hann var með rúmlega 44 prósent markvörslu og gaf einnig sjö stoðsendingar í leiknum.

Úrslitakeppnin hefst síðan á morgun en þá leikur Ísland við liðið sem varð í fjórða sæti í A-riðli. Það er landslið Suður-Kóreu. Strákarnir eru vonandi ekki hættir. - hbg



## Klara er fyrsta konan sem er ráðin framkvæmdastjóri KSÍ

**FÓTBOLTI** Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum á fimmtudag að ráða Klöru Bjartmarz sem framkvæmdastjóra sambandsins. Hún er fyrsti kvenkyns framkvæmdastjóri KSÍ. „Það var einhugur um þessa ráðningu hjá stjórninni," segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Klara hefur gegnt starfinu síðan í mars á þessu ári er Þórir Hákonarson lét af störfum. Hún var þá ráðin tímabundið. Hún er enginn nýgræðingur hjá KSÍ enda starfað fyrir sambandið síðan 1994. Klara hefur lengst af starfað við mótamál og kvennalandsliðið. Klara var einnig skrifstofustjóri KSÍ um árabil og hefur starfað fyrir UEFA sem eftirlitsmaður á alþjóðlegum leikjum.

„Klara hefur staðið sig vel í störfum fyrir sambandið á löngum ferli og verið traust í sínum störfum. Hún hefur síðan vaxið í þessu nýja starfi," segir Geir en það vakti nokkra athygli að starfið var ekki auglýst. Hvernig stóð á því?

„Það var ekki auglýst þegar ég var ráðinn í þetta starf á sínum tíma og ekki heldur þegar Þórir var ráðinn. Stjórnarmenn voru ánægðir með hennar störf og tóku í kjölfarið þá ákvörðun að ráða hana." - hbg



**KLARA BJARTMARZ.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þessi tími hefur liðið ótrúlega hratt

Emil Hallfreðsson er að hefja sitt sjötta tímabil í ítölsku úrvalsdeildinni en hann mun að öllum líkindum leika sinn 100. leik í ítölsku úrvalsdeildinni í vetur. Hann hefur komið sér vel fyrir á Ítalíu og segir að það sé mikil pressa á leikmönnum fyrir nágrannaslaginn.

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson, leikmaður Hellas Verona, er að fara að leika sitt sjötta tímabil á Ítalíu en hann gæti leikið sinn 100. leik í Serie A í haust. Er hann með töluvert forskot á næsta Íslending í leikjum á Ítalíu en fjórir íslenskir leikmenn hafa leikið á Ítalíu. Lék Albert Guðmundsson fyrstur Íslendinga á Ítalíu í eitt ár í herbúðum AC Milan en síðastliðin ár hafa þrír Íslendingar verið á Ítalíu. Emil verður hins vegar líklegast sá eini sem leikur í Serie A á næsta tímabili.

### Okkur líður afskaplega vel á Ítalíu

Birkir Bjarnason sem hefur leikið á Ítalíu undanfarin ár gekk til liðs við Basel í Sviss á dögunum og þá er töluverð óvissa um framtíð Harðar Björgvins Magnússonar. Hörður er samningsbundinn Juventus en ólíklegt er að hann fái mörg tækifæri hjá firnasterku liði ítölsku meistaranna á næsta tímabili.

„Þessi tími er búinn að líða afskaplega hratt, þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt og mér líður vel hérna á Ítalíu. Ég hef ekkert farið í felur með það að okkur fjölskyldunni líður afskaplega vel á Ítalíu," sagði Emil, sem er orðinn sleipur í ítölskunni.

„Ég er bara mjög fínn, ég er búinn að vera hérna í sjö ár og ef maður getur ekki tjáð sig eftir það þá ertu eitthvað örlítið týndur. Ég þurfti að læra strax ítölsku til að komast inn í menninguna og ég lagði mikið á mig strax til að komast betur inn í menninguna hérna."

### Uppgangur síðustu ár

Verona leikur þriðja árið í röð í ítölsku úrvalsdeildinni í ár en félagið var tvö tímabil Emils hjá félaginu í 1. deildinni. Verona hefur lent um miðja deild undanfarin tvö tímabil og segir Emil markmiðið að festa klúbbinn í sessi sem efstu deildar klúbb.

„Markmiðið var þegar við komum upp að festa okkur í sessi og verða þessi Serie A klúbbur sem þessi klúbbur er miðað við fylgi stuðningsmannanna. Borgin og stuðningsmennirnir eiga það skilið að við séum í efstu deild, það er alltaf fullt á leikjunum hjá okkur."

### Aukin pressa fyrir nágrannaslaginn

Emil var ánægður með síðasta tímabil en félagið lenti einu sæti fyrir ofan nágrannana í Chievo.

„Í ár er það sama markmið og alltaf, halda sætinu í deildinni og svo sjáum við hvert við getum komist. Í fyrra var okkur sagt að algengt væri að ná ekki sama árangri á öðru tímabilinu í deildinni. Núna er komið að því þriðja og ég er spenntur að sjá hvernig þetta mun ganga, hvert við erum að stefna. Ég hef fulla trú á verkefninu og við erum búnir að styrkja okkur vel í sumar."

Verona og Chievo deila velli í Verona en Emil sagði að það væri alltaf aukin pressa fyrir nágrannaleikinn.

„Við verðum að stefna að því að vera fyrir ofan Chievo og vinna leikina gegn þeim. Þótt þeir séu með fáa stuðningsmenn þá er þetta nágrannaliðið og við fáum alveg að heyra það ef við töpum gegn þeim. Það er mikil pressa á okkur fyrir þá leiki og menn eru ekki sáttir ef það tapast."

Emil og félagar eiga leik gegn Foggia úr C-deildinni í ítalska bikarnum um helgina en ítalska deildin hefst svo viku seinna.

„Við megum alls ekki við því að vanmeta þetta lið, þeir slógu út Bari sem er í B-deildinni í síðustu umferð."

### Marquez og Toni eru flottir

Chievo hefur styrkt sig myndarlega undanfarin ár en í liðinu má finna reynslubolta á borð við Luca Toni, Rafael Marquez og Giampaolo Pazzini sem gekk til liðs við félagið í sumar.

„Rafa og Luca eru ótrúlega flottir þrátt fyrir aldurinn. Luca er enn þá með frábært markanef og Marquez sem hefur leikið með Barcelona og verið fyrirliði Mexíkó í rúmlega áratug hlýtur að vita eitthvað um boltann. Svo ef Pazzini tekst að skora jafn mörg mörk og Toni verðum við í góðum málum í vetur." - kristinnpall@365.is



**LYKILMAÐUR** Emil Hallfreðsson átti níu stoðsendingar á félaga sína á síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Fyrstur í hundrað leiki í vetur?

Emil Hallfreðsson vantar bara fimm leiki til að ná því að spila hundrað leiki í efstu deild á Ítalíu fyrstur Íslendinga. Hellas Verona mætir Internazionale á Giuseppe Meazza-leikvanginum í fimmtu umferðinni.

Eins og sjá má hér fyrir neðan þá er Emil í nokkrum sérflokki meðal þeirra íslensku leikmanna sem hafa reynt fyrir sér í Seríu A í gegnum tíðina.

**FLESTIR LEIKIR ÍSLENDINGA Í SERÍU A**

**EMIL HALLFREÐSSON - 95**
28 með Verona 2014/15
33 með Verona 2013/14
13 með Reggina 2008/09
21 með Reggina 2007/08

**BIRKIR BJARNASON - 38**
14 með Sampdoria 2013/14
23 með Pescara 2012/13

**ALBERT GUÐMUNDSSON - 14**
14 með AC Milan 1948/49

**HÖRÐUR BJÖRGVIN MAGNÚSSON - 12**
12 með Cesena 2014/15

**FLEST MÖRK ÍSLEDNINGA Í SERÍU A**

**EMIL HALLFREÐSSON - 4**
1 með Verona 2014/15
2 með Verona 2013814
1 með Reggina 2008/09

**ALBERT GUÐMUNDSSON - 2**
2 með AC Milan 1948/49

**BIRKIR BJARNASON - 2**
2 með Pescara 2012/13

BORGUNAR BIKARINN

ÍDAG KL. 15:30 SPORT SPORT 2

KR - VALUR

ÚRSLITALEIKUR BORGUNARBIKARSINS

*Ekki missa af **stærsta leik ársins** þegar Reykjavíkurveldin **KR** og **Valur** takast á í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2.*

365.is | Sími 1817 365

# Vill sjá smá brasilísk töfrabrögð

Harpa Þorsteinsdóttir og félagar í Stjörnunni spila úrslitaleik á Kýpur á morgun.

**FÓTBOLTI** Harpa Þorsteinsdóttir og félagar hennar í Stjörnunni spila á sunnudaginn hreinan úrslitaleik á móti Apollon frá Kýpur en í boði er sæti í 32 liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Bæði lið hafa unnið örugga sigra í tveimur fyrstu leikjum sínum í riðlinum en það er mikill hiti og mikill raki á Kýpur.

„Það er mjög heitt hérna og mjög mikil molla. Þetta er allt annað en þegar maður er á Spáni eða eitthvað. Þessar aðstæður eru því svolítið þrúgandi þótt leikirnir séu spilaðir á kvöldin. Það er mikið vökvatap þannig að við erum eiginlega mest inni á hóteli," segir Harpa og bætir við: „Við erum skynsamar. Þetta er klárlega engin sólbaðsferð," segir hún.

Stjörnustelpurnar sáu liðsmenn Apollon vinna 8-0 sigur á liði frá Möltu í fyrrakvöld. „Þær eru mjög kvikar á boltann og láta hann ganga hratt. Þær virka ekki líkamlega sterkar og ég held að við höfum forskot þar," segir Harpa. „Þær eru ekki vanar að mæta jafn sterku liði og við erum. Ég held að það skili okkur forskoti fyrir þennan leik að við erum búnar að spila fleiri erfiða leiki í sumar," segir Harpa og Stjörnustelpur ætla að gefa tóninn strax í byrjun leiks.

„Ég held að við leggjum upp með að keyra svolítið yfir þær í byrjun leiks. Það er ekkert leyndarmál að hitinn tekur svolítið frá okkur. Jafntefli dugar þeim þannig að við verðum að setja mörk á þær," segir Harpa, sem skoraði tvö mörk í síðasta leik.

„Við setjum mikla pressu á okkur sjálfar að komast upp úr þessum riðli og allt annað væru mikil vonbrigði," segir Harpa. Hún er spennt fyrir samvinnunni við hina nýju brasilísku leikmenn liðsins, þær Francielle og Poliönu.

„Það er mjög gaman að spila með þessum brasilísku og þær eru mjög flinkar í fótbolta. Ég held að þær eigi heilmikið inni og það kemur fram þegar við kynnumst hver annarri betur. Ég vonast eftir því að þær komi með einhver töfrabrögð á móti þessu Apollon-liði," segir Harpa að lokum. - óój

**ÆTLA SÉR ÁFRAM** Harpa Þorsteinsdóttir.





KitchenAid

**KitchenAid 150**
hrærivél, hvít.
**87.895 kr.**
65602057

KitchenAid

**KitchenAid**
blandari, hvítur.
**41.895 kr.**
65602077




**HELGARTILBOÐ**

Matar- og kaffistell,
hvítt, 20 stk.
**4.495 kr.**
41100108
Almennt verð: 5.995 kr.

# GERUM HEIMILIÐ BETRA



weber

**WEBER Q2200**
gasgrill á fótum, 3,51 kW.
**55.495 kr.**
50650003



PHILIPS

**PHILIPS** kaffivél sem sýður vatnið, 1300 W.
**19.995 kr.**
65103340



**Blandari,** 1,5 l,
500 W.
**7.995 kr.**
41724801




**Örbylgjuofn,** 17 l. 700W.
**12.995 kr.**
65103260

KÄRCHER

**HELGARTILBOÐ**

**KARCHER SC1** gufutæki.
**16.495 kr.**
54905149
Almennt verð: 21.995 kr.

Sjáðu hvernig tækið virkar!



ÞRIFIN VERÐA AUÐVELDARI



weber

**WEBER Q3200**
gasgrill á fótum, 6,35 kW.
**84.995 kr.**
50650021



# MIKIÐ ÚRVAL AF LUKTUM OG SERÍUM

**HELGARTILBOÐ**
**25% AFSLÁTTUR**

**HELGARTILBOÐ**



**MELISSA**
ryksuga,
1200 W.
**5.995 kr.**
42352630
Almennt verð:
7.995 kr.



TRISTAR

**Samlokugrill,**
750 W.
**4.495 kr.**
41724032



Russell Hobbs

**RUSSELL HOBBS**
George Foreman
heilsugrill.
**15.995 kr.**
2084056



TRISTAR

**TRISTAR** vöfflujárn, belgiskar.
**5.995 kr.**
42378777

**HELGARTILBOÐ**



**B-ONE** barnabílstóll,
fyrir börn allt að 13 kg.
**12.595 kr.**
50698058-2
Almennt verð: 16.795 kr.

**HELGARTILBOÐ**



OBH NORDICA

**OBH** Smoothie
mixer, 600 ml.
**4.995 kr.**
42351498
Almennt verð: 6.995 kr.

**HELGARTILBOÐ**



**Geymslubox** með
loki, 10, 20 eða 28 l.
Verð frá:
**695 kr.**
58099920-6
Almennt verð frá: 895 kr.


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda 13. - 16. ágúst 2015.

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Hvar ráðast úrslitin í Dalnum í dag?

KR og Valur mætast í úrslitaleik Borgunarbikarsins á Laugardalsvelli klukkan 16.00 í dag. Fréttablaðið ber saman liðin og veltir fyrir sér hvar úrslitin muni ráðast í stærsta leik ársins. Í hvaða þáttum leiksins eru KR-ingar sterkari og hvar hafa Valsmenn yfirhöndina?

## VARNARLEIKURINN



Eftir erfiða byrjun hefur vörn KR styrkst með hverjum leiknum. KR hefur aðeins fengið á sig þrjú mörk í fjórum bikarleikjum og einungis þrjú mörk í síðustu sjö deildarleikjum. Stefán Logi Magnússon hefur verið góður í stóru leikjunum, Skúli Jón Friðgeirsson er einn besti varnarmaður landsins og hann og Rasmus Christiansen ná vel saman í miðri vörn KR. Aron Bjarki Jósepsson og Gunnar Þór Gunnarsson eru öflugir varnarlega í bakvarðastöðunun.

Thomas Christensen breytti varnarleik Vals til hins betra og það mun mikið mæða á honum í dag. Hann og Orri Ómarsson mynda sterkt miðvarðapar. Bjarni Ólafur Eiríksson væri besti vinstri bakvörður Pepsi-deildarinnar ef ekki væri fyrir Kristin Jónsson en hægri bakvarðarstaðan er meira spurningarmerki. Þá er algjört lykilatriði fyrir Val að Ingvar Þór Kale verði með. Þótt hann geri sínar gloríur er hann góður markvörður og býr yfir mikilli reynslu.



## MIÐJUSPILIÐ

Jónas Guðni Sævarsson, Pálmi Rafn Pálmason og Jacob Schoop hafa spilað flesta leiki KR og mynda sterka miðju þar sem hlutverkaskipanin er á hreinu. Jónas sér um að vinna boltann, Pálmi um að dreifa honum og hlaupa á milli teiga og Schoop á að skapa færin. Sá síðarnefndi byrjaði frábærlega en hefur aðeins gefið eftir og hefur átt erfitt í nokkrum leikjum upp á síðkastið. Pálmi Rafn var gagnrýndur fyrir spilamennsku sína framan af sumri en er alltaf að spila betur. KR-ingar geta lent í vandræðum ef lið liggja til baka gegn þeim en hvorki Jónas Guðni né Pálmi eru sérstaklega sterkir í að stjórna leikjum.



Líkt og KR spilar Valur með þriggja manna miðju. Haukur Páll Sigurðsson og Kristinn Freyr Sigurðsson eru fastamenn á miðjunni en misjafnt er hver þriðji maðurinn er. Líklegast er að það verði Mathias Schlie í dag en Daninn hefur byrjað síðustu tvo leiki Vals. Iain Williamson, Einar Karl Ingvarsson og Andri Fannar Stefánsson koma einnig til greina. Haukur Páll er sennilega að spila sitt besta tímabil á ferlinum og það væri mikið áfall fyrir Val ef hann missir af leiknum vegna meiðsla. Kristinn Freyr var frábær í fyrri umferðinni en hefur ekki náð sömu hæðum það sem af er þeirri seinni.

## SÓKNARLEIKURINN



Bjarni Guðjónsson hefur úr mörgum kostum að velja. Þorsteinn Már Ragnarsson, Hólmbert Aron Friðjónsson, Gary Martin, Óskar Örn Hauksson, Sören Fredriksen og Almarr Ormarsson berjast um þrjár stöður en þeir hafa allir sannað mikilvægi sitt í sumar. Óvíst er hvort Hólmbert verður með vegna meiðsla og þá er spurningin hvort Bjarni velur Þorstein Má eða Martin sem fer ekkert í felur með óánægju sína ef hann er settur á bekkinn. Óskar Örn er sennilega mikilvægasti sóknarmaður KR en hann er markahæsti leikmaður liðsins í sumar með tíu mörk.

Hjá Val snýst allt um Patrick Pedersen. Verður hann með? Ef ekki minnka sigurlíkur Vals mikið. Valsmenn hafa verið bitlausir í þeim leikjuum sem hann hefur misst af. Pedersen er ekki bara góður markaskorari heldur er hann mikilvægur í spilinu. Kristinn Ingi Halldórsson byrjar líklega sem fremsti maður ef Daninn er ekki með en spilar annars á hægri kantinum. Sigurður Egill Lárusson á þeim vinstri getur bæði skorað og skapað mörk.



## ÞJÁLFARARNIR



Þjálfaraferill Bjarna byrjaði illa með Fram í fyrra og það kom mörgum á óvart að hann skyldi fá starfið hjá KR. Bjarni hefur gert fá mistök í sumar og oft komið með góðar skiptingar sem hafa breytt gangi mála í leikjum. Hann hefur mikla reynslu af bikarúrslitaleikjum sem leikmaður en hann á ekkert í reynsluna hjá kollega sínum hjá Val, Ólafi Jóhannessyni, sem er margreyndur í faginu. Leikurinn á morgun er stærsta próf Bjarna á stuttum þjálfaraferli og það verður spennandi að sjá hvort hann standist það.

Þjálfaraferill Ólafs hófst fyrir 23 árum á Vopnafirði. Þá var Bjarni Guðjónsson aðeins þriggja ára. Ólafur hefur reynt margt og býr yfir gríðarlega mikilli reynslu. Hann náði frábærum árangri með FH og þótt hann spili sig stundum sem einhvern kjána er hann klárari þjálfari en flestir halda. Ólafur hefur öðlast nýtt líf í sumar og er nú á leið í sinn fjórða bikarúrslitaleik sem þjálfari. FH tapaði 1991 og 2003 en hann stýrði Fimleikafélaginu til sigurs 2007.



## HEFÐIN OG REYNSLAN



KR er sigursælasta fótboltafélag á Íslandi með 26 Íslandsmeistaratitla og 14 bikarmeistaratitla. KR hefur notið mikillar velgengni á undanförnum árum og þá sérstaklega í bikarkeppninni. KR hefur unnið þrjá bikartitla á síðustu fjórum árum og getur bætt enn einum í safnið í dag. KR-liðið sem heild býr yfir mikilli reynslu í bikarkeppninni og hún mun eflaust nýtast vel í dag gegn Valsliði sem er ekki jafn reynt í leikjum sem þessum.

Valur hefur unnið 29 stóra titla í sögunni en aðeins tveir þeirra hafa unnist á síðustu 22 árum. Valur varð síðast bikarmeistari árið 2005 en Bjarni Ólafur Eiríksson er sá eini sem er eftir í Valsliðinu síðan þá, auk aðstoðarþjálfarans Sigurbjörns Hreiðarssonar. Valsmenn hafa verið í miðjumoði undanfarin ár en eru loks komnir í stöðu til að landa stórum titli. Hefðin og reynslan er frekar með liði KR og það gæti skipt sköpun í dag.



# Við höfum þroskast mikið

Bjarni Guðjónsson segir KR þurfa að stoppa skyndisóknir Vals.



**FÓTBOLTI** Bjarni Guðjónsson er ekki óvanur bikarúrslitaleikjum en hann lék fjóra slíka á leikmannsferlinum, einn með ÍA og þrjá með KR. Í dag verður hann í öðru hlutverki, sem þjálfari KR. „Það er að aðeins meiru að huga en þegar maður var leikmaður,“ sagði Bjarni, sem segir þá miklu bikarreynslu sem býr í KR-liðinu koma að góðum notum í dag.

„Já, það hjálpar eitthvað aðeins en skilur ekki á milli feigs og ófeigs. Valsliðið er feikilega öflugt; vel mannað, vel skipulagt og með góðan þjálfara þannig að við eigum von á hörkuleik.“

Valsmenn fóru illa með KR í deildarleik liðanna 7. júní sem þeir unnu með þremur mörkum gegn engu. En hvað lærðu KR-ingar af þeim leik? „Við höfum þroskast talsvert sem lið síðan við spiluðum við Val og bætt okkur í öllum þáttum leiksins. Við töpuðum leiknum 3-0 en vorum miklu meira með boltann, sem gefur þér nákvæmlega ekki neitt. Við gerðum dýr einstaklingsmistök sem kostuðu okkur þann leik,“ sagði Bjarni, sem segir að KR-ingar þurfi að vera vel á verði fyrir skyndisóknum Vals.

„Þeir sækja hratt á andstæðinginn og vilja komast aftur fyrir varnir hans. Við verðum að passa skyndisóknirnar hjá þeim og vera rétt staðsettir þegar við töpum boltanum,“ sagði Bjarni. Hann hefur úr mörgum kostum að velja í framlínunni eins og mikið hefur rætt um. Bjarni segir erfitt að velja byrjunarliðið á morgun: „Það er alltaf erfitt að velja byrjunarliðið. En við gerum það samviskusamlega og af heiðarleika gagnvart sjálfum okkur og leikmönnunum.“ - iþs

# Hugsum um okkur sjálfa

Ólafur Jóhannesson hefur áhyggjur af meiðslum lykilmanna.

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson er kominn með Valsliðið í bikarúrslit á sínu fyrsta ári sem þjálfari þess. Hann kveðst spenntur fyrir leiknum en þetta er í fjórða sinn sem hann stýrir liði í bikarúrslitaleik. „Það ríkir mikil tilhlökkun hjá okkur. Þetta er stór dagur og mikið undir,“ sagði Ólafur, en hvað þarf Valsliðið helst að varast í leik KR?

„Þetta snýst meira um að hugsa um okkur sjálfa. Við verðum að eiga toppleik til að vinna KR sem er eitt besta lið landsins og hefur verið að spila vel,“ sagði Ólafur en Valur vann KR 3-0 á Vodafone-vellinum í byrjun júní. „Við áttum fínan leik og það sýnir okkur að við getum unnið þá. En þetta er önnur keppni og allt annað og meira undir. Sá leikur hjálpar okkur ekki neitt.“

Mikið hefur verið rætt og ritað um meiðsli danska framherjans Patricks Pedersen í aðdraganda leiksins. Einnig ríkir óvissa með þátttöku Hauks Páls Sigurðssonar og Ingvar Þórs Kale. Ólafur vonast að sjálfsögðu til að þeir verði klárir í bátana fyrir leikinn í dag. „Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að geta stillt upp okkar sterkasta liði og eins og staðan er í dag getum við það ekki.“

Valsmenn hafa tapað þremur deildarleikjum í röð en hefur þessi niðursveifla einhver áhrif á þá fyrir leikinn í dag? „Nei,“ svaraði Ólafur. „Við tókum þá ákvörðun að ýta deildinni frá okkur og hætta að hugsa um hana og einbeita okkur bara að bikarúrslitaleiknum,“ sagði Ólafur enn fremur. - iþs



ALLIR Á VÖLLINN

BORGUNAR
BIKARINN



ÚRSLITALEIKUR KARLA

SPORT

VALUR - KR

LAUGARDAGINN 15. ÁGÚST
LAUGARDALSVELLI
KL. 16:00

FÓR ÞITT LIÐ ALLA LEIÐ?




BYLGJAN 989

IITTALA
Kivi kertastjakar
margir litir



HÚSGAGNA HÖLLIN




# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 iCarly**
**12.00 Nágrannar**
**113.20 Nágrannar**
**13.40 Ísland Got Talent**
**15.15 Impractical Jokers**
**15.35 Margra barna mæður**
**16.10 Mike & Molly**
**16.30 The Middle**
**16.55 Anger Management**
**17.15 Feðgar á ferð** Frábærir þættir þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og heimsækja skemmtilegt fólk sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið. Eins og þeim einum er lagið ná feðgarnir alltaf að líta á björtu hliðarnar og hafa sérstaka hæfileika til þess að draga það besta úr hversdagsleikanum.
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 Modern Family**
**19.30 Planet's Got Talent**
**20.00 Grantchester** Spennandi breskir þættir sem byggðir eru á metsölubókum rithöfundarins James Runcie og fjalla um prestinn Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum þeirra Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.
**20.45 Rizzoli & Isles**
**21.30 The Third Eye** Hörkuspennandi og vandaðir norskir þættir um rannsóknarlögreglumann sem verður fyrir því áfalli að dóttir hans hverfur sporlaus í hans umsjá. Hann á erfitt með að sætta sig við veruleikann og neitar að trúa því að hún komi ekki í leitirnar og reynir að hafa uppi á henni ásamt því að leysa önnur glæpamál.
**22.20 Shameless**
**23.20 60 mínútur**
**00.10 Daily Show. Global Edition**
**00.35 Suits**
**01.15 Orange is the New Black**
**02.10 Men in Black 3**
**03.50 The Mentalist**
**04.30 Hostages**
**05.15 Grantchester**
**06.00 Modern Family**

### SPORT *besta sætið*

**10.10 Valur - KR**
**12.00 MotoGP 2015 - Tékkland**
**13.05 Barcelona - Sevilla**
**15.50 Einvígið á Nesinu**
**16.45 League Cup Highlights**
**17.15 Valur - KR**
**19.05 MotoGP 2015 - Tékkland**
**20.05 Valur - Breiðablik**
**21.55 Arsenal - Galatasaray**
**23.40 NBA - Shaqtin' a Fool**
**00.05 Dortmund - Arsenal**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 West Ham - Leicester**
**10.40 Swansea - Newcastle**
**12.20 Crystal Palace - Arsenal** BEINT
**14.50 Man. City - Chelsea** BEINT
**17.00 Crystal Palace - Arsenal**
**18.40 Man. City - Chelsea**
**20.20 Valur - KR**
**22.10 Southampton - Everton**
**23.50 Tottenham - Stoke**

### ÍNN

**12.00** Hrafnaþing **12.30** Hrafnaþing **13.00** Hvíta tjaldið **13.30** Eldhús meistaranna **14.00** Frumkvöðlar **14.30** Græðlingur **15.00** Matvælalandið **15.30** Siggi Stormur **16.00** Hrafnaþing **16.30** Hrafnaþing **17.00** Haga í maga **17.30** Göngleiðir FÍ **18.00** Björn Bjarna **18.30** Auðlindakistan **19.00** Eldað með Holta **19.30** Sjónvarp Kylfings.is **20.00** Landsbyggðin á Hrafnaþingi. **20.30** Landsbyggðin á Hrafnaþingi. **21.00** Landsbyggðin á Hrafnaþingi. **21.30** Sjónvarp Víkurfrétta **22.00** Hrafnaþing **22.30** Hrafnaþing **23.00** Hvíta tjaldið **23.30** Eldhús meistaranna

### STÖÐ 3

**17.25 Who Do You Think You Are**
**18.10 One Born Every Minute**
**19.00 Cristela**
**19.25 Last Man Standing**
**19.50 Bob's Burgers**
**20.10 American Dad**
**20.35 Brickleberry** Bráðsnellir teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvarða sem sjá fyrir að garðinum þeirra verður lokað innan skamms. Gamanið hefst þegar þeim berst óvæntur liðsauki sem hyggst bjarga garðinum.
**21.00 Work It**
**21.20 Wilfred**
**21.45 Drop Dead Diva**
**22.30 No Ordinary Family**
**23.15 Strike Back**
**00.00 Bob's Burgers** Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
**00.20 American Dad**
**00.45 Brickleberry**
**01.10 Work It**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### Krakkastöðin

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Mæja býfluga **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Mæja býfluga **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Mæja býfluga **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Litla stóra Pandan

### GULLSTÖÐIN

**18.15 Strákarnir**
**18.45 Friends**
**19.10 New Girl**
**19.35 How I Met Your Mother**
**19.55 Two and a Half Men**
**20.20 Viltu vinna milljón?**
**21.00 Twenty Four 4**
**21.45 Anna Pihl**
**22.30 Crossing Lines**
**23.20 Sisters**
**00.05 Hostages**
**00.50 Viltu vinna milljón?** Vinsælasti spurningaleikur landsins. Hver vinnur fimm milljónir hjá Jónasi R. Jónssyni? Nú geta sjónvarpsáhorfendur heima í stofu tekið þátt í spurningaleiknum með því að senda SMS en nánari upplýsingar verða gefnar í þættinum.
**01.30 Twenty Four 4**
**02.15 Anna Pihl**
**03.00 Crossing Lines**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### BÍÓSTÖÐIN

**07.45 Presumed Innocent** Rusty
**09.50 Girl Most Likely**
**11.30 Family Weekend**
**13.15 Hyde Park on Hudson**
**14.50 Presumed Innocent** Rusty
**16.55 Girl Most Likely**
**18.40 Family Weekend** Hressileg gamanmynd frá 2013 um 16 ára gamla stúlku sem tekur foreldra sína í gíslingu í refsiskyni fyrir að hafa látið hana missa af sippukeppni sem henni var mjög mikilvæg. Með aðalhlutverk fara Kristin Chenoweth, Matthew Modine og Olesya Rulin.
**20.25 Hyde Park on Hudson**
**22.00 The Burning Plain**
**23.45 Think Like a Man too**
**01.30 Pain and Gain**
**03.35 The Burning Plain**

### RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni**
**10.40 Ofnæmi: Nútíminn og ég**
**11.35 Churchill: Að vinna stríðið, glata friðinum**
**12.25 Ljósmyndari ársins**
**12.55 Matador**
**13.55 Neytendavaktin**
**14.25 Bækur og staðir**
**14.35 David Beckham: Into the Unknown**
**16.10 PQ17 - An Arctic Convoy Disaster**
**17.05 Vísindahorn Ævars**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Kalli og Lóa**
**17.32 Sebbi**
**17.44 Ævintýri Berta og Árna**
**17.49 Tillý og vinir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Basl er búskapur**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Íþróttir**
**19.35 Veðurfréttir**
**19.40 Íslendingar**
**20.40 Öldin hennar**
**20.45 Íslenskt bíósumar - Benjamín dúfa**
**22.15 Stúlkurnar í Anzac**
**23.15 Vinarbragð**
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.40 The Talk**
**11.20 The Talk**
**12.00 Dr. Phil**
**13.20 Dr. Phil**
**14.00 Cheers**
**14.25 The Biggest Loser**
**15.10 The Biggest Loser**
**15.55 Bachelor Pad**
**17.25 Top Chef**
**18.10 Parks & Recreation**
**18.35 The Office**
**19.00 Top Gear**
**19.50 The Odd Couple**
**20.15 Psych**
**21.00 Law & Order. UK**
**21.45 American Odyssey** Spennandi þáttaröð um alþjóðlegt samsæri sem teygir anga sína víða. Ung kona í bandaríska hernum kemst yfir leynilegar upplýsingar um bandarískt fyrirtæki sem aðstoðar hryðjuverkamenn.
**22.30 Hannibal**
**23.15 The Walking Dead** Þættir sem hafa slegið öll fyrri áhorfsmet áskriftarstöðva í Bandaríkjunum. Rick Grimes og félagar þurfa að glíma við uppvakninga utanfrá og svikara innanfrá í þessum hrollvekjandi þáttum sem eru alls ekki fyrir viðkvæma.
**00.05 Rookie Blue**
**00.50 State Of Affairs**
**01.35 Law & Order. UK**
**02.20 American Odyssey**
**03.05 Hannibal**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08:00 PGA Championship** *(3:4)*
**13:00 PGA Tour - Highlights** *(28:44)*
**13:55 US Open** *(4:4)*
**15:35 Inside the PGA Tour** *(30:44)*
**16:00 This Is the Presidents Cup** *(8:9)*
**16:25 Golfing World** *(58:115)*
**17:15 Special: In the Spotlight**
**18:00 PGA Championship** *( 4:4)*
**03:00 Golfing World** *(59:115)*

### HRINGBRAUT

**12.00** Fólk með Sirrý *(e)* **13.00** Atvinnulífið *(e)* **13.30** Fólk og frumkvæði *(e)* **14.00** Mannamál *(e)* **14.30** Matjurtir *(e)* **14.45** Golf með Eyfa *(e)* **15.15** 433 *(e)* **15.45** Grillspaðinn *(e)* **16.00** Við árbakkann *(e)* **16.30** Lífsins list *(e)* **17.00** Afsal *(e)* **17.30** Vesturfarar *(e)* **18.00** Lífsins list *(e)* **18.30** Kvennaráð *(e)* **19.00** Herrahornið *(e)* **19.15** Vesturfarar *(e)* **19.45** Grillspaðinn *(e)* **20.00** Herrahornið *(e)* **20.15** Matjurtir *(e)* **20.30** Kíkt í skúrinn *(e)* **21.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **22.00** Fólk með Sirrý *(e)* **23.00** Atvinnulífið *(e)* **23.30** Fólk og frumkvæði *(e)* **23.45** Grillspaðinn *(e)*

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


PRIMA: PEPPERONI ~ SAFARÍKIR KIRSUBERJATÓMATAR ~ FERSKUR MOZZARELLA ~ ÚRVALS BEIKONSNEIÐAR ~ BASILPESTÓ ~ SVARTUR PIPAR
Ali
BLUE RIBBON BACON
FESTIVAL
Í DAG BJÓÐUM VIÐ UPP Á
BEIKON
BÆTTU ÞVÍ VIÐ, ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU
Það er sannkallaður beikonbragur á Domino's í dag. Í tilefni af Reykjavík Bacon Festival bjóðum við öllum sem panta pizzu hjá okkur að bæta beikoni við sem áleggstegund, sér að kostnaðarlausu.
Við verðum líka á Skólavörðustígnum í dag og bjóðum gestum og gangandi að smakka pizzusneiðar með beikoni.
Sjáumst!
TM
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

# DAGSKRÁ

## LAUGARDAGUR



**19:30**
**PLANET´S GOT TALENT**
Eftirminnilegustu atriðin úr Got Talent þáttunum um víða veröld. Kynnir er Warwick Davis.

MEIRIHÁTTAR **SUNNUDAGUR!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**19:55**
**GRANTCHESTER**
Hörkuspennandi breskir þættir sem fjalla um flókin sakamál í bænum Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.



**20:40**
**RIZZOLI & ISLES**
Frábærir lögguþættir um eitursnjöllu lögreglukonuna Jane Rizzoli og réttarmeinafræðinginn Maura Isles.



**21:25**
**THE THIRD EYE**
Hörkuspennandi og vandaðir norskir þættir um rannsóknarlögreglumann sem verður fyrir því áfalli að dóttir hans hverfur sporlaust í hans umsjá.



**22:00**
**THE BURNING PLAIN**
Í þessari vönduðu mynd fléttast saman sögur móður og dóttur sem eiga sér erfiða fortíð. Aðalhlutverk leika Charlize Theron, Jennifer Lawrence og Kim Basinger.



**21:45**
**ANNA PIHL**
Dönsk þáttaröð um lögreglukonu Önnu Pihl sem reynir að sameina einkalíf og erilsamt starf á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.




**07:00-20.30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Strumparnir**
**07.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**07.40 Waybuloo**
**08.00 Mamma Mu**
**08.10 Algjör Sveppi**
**09.10 Villingarnir**
**09.30 Kalli kanína og félagar**
**09.55 Tommi og Jenni**
**10.15 Kalli á þakinu**
**10.40 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**11.00 Victorious**
**11.25 Planet's Got Talent**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**16.20 How I Met Your Mother**
**16.45 ET Weekend**
**17.30 Íslenski listinn**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Sportpakkinn**
**19.10 Lottó**
**19.15 Modern Family**
**19.40 Tammy** Melissa McCarthy leikur Tammy sem einn daginn stendur uppi atvinnulaus.
**21.20 Closed Circuit**
**22.55 Snakes on a Plane** Hörkuspennandi, glettilega fyndin og laglega ýkt hasarmynd með Samuel L. Jackson.
**00.40 The Wolverine**
**02.45 Promised Land**
**04.30 The Last Station**

### SPORT *besta sætið*

**09.40 Valur - Breiðablik**
**11.30 Pepsímörkin 2015**
**13.00 MotoGP 2015 - Indianapolis**
**14.05 Goðsagnir - Guðmundur Steinsson**
**14.40 Sounds of the Finals**
**15.30 Valur - KR** Bein útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins
**18.00 League Cup Highlights 2014/2015**
**18.30 Pepsímörkin 2015**
**20.00 NB90's. Vol. 2**
**20.25 Valur - KR**
**22.15 Galatasaray - Arsenal**
**23.55 UFC Now 2015**
**00.40 NBA Special. Kobe Bryant. The Interview**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**08.25 Premier League World 2014**
**08.55 Aston Villa - Man. Utd.**
**10.35 PL Match Pack 2015/2016**
**11.05 Premier League Preview 2015/2016**
**11.35 Southampton - Everton** Bein
**13.50 Swansea - Newcastle**
**16.00 Valur - KR** Bein útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins.
**18.00 Markasyrpa**
**18.20 Tottenham - Stoke**
**20.00 West Ham - Leicester**
**21.40 Sunderland - Norwich**
**23.20 Watford - WBA**
**01.00 Southampton - Everton**

### ÍNN

**11.00** Hvíta tjaldið **11.30** Eldhús meistaranna **12.00** Hrafnaþing **12.30** Hrafnaþing **13.00** Hvíta tjaldið **13.30** Eldhús meistaranna **14.00** Hrafnaþing **14.30** Hrafnaþing **15.00** Hvíta tjaldið **15.30** Eldhús meistaranna **16.00** Hrafnaþing **16.30** Hrafnaþing **17.00** Hvíta tjaldið **17.30** Eldhús meistaranna **18.00** Hrafnaþing **18.30** Hrafnaþing **19.00** Hvíta tjaldið **19.30** Eldhús meistaranna **20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Haga í maga **21.30** Göngleiðir FÍ **22.00** Björn Bjarna **22.30** Auðlindakistan **23.00** Eldað með Holta **23.30** Sjónvarp Kylfings.is

### STÖÐ 3

**17.25 Junior Masterchef Australia**
**18.10 World's Strictest Parents**
**19.10 One Born Every Minute**
**20.00 Bob's Burgers**
**20.20 American Dad**
**20.45 Cougar Town** Fimmta röð þessara frábæru gamanþátta með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**21.10 The Listener**
**21.50 Damages**
**22.45 Brickleberry** Bráðsmellnir teiknaðir gamanþættir.
**23.10 Work It**
**23.30 Wilfred**
**23.55 Cougar Town**
**00.15 The Listener**
**01.00 Damages**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni**11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar**14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Fjörfiskarnir

### GULLSTÖÐIN

**18.00 Strákarnir**
**18.30 Friends**
**19.05 New Girl**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Two and a Half Men**
**20.15 Stelpurnar** Frábærir sketsaþættir þar sem stelpurnar fara á kostum með óborganlegum leik og geggjað grín.
**20.35 Gatan mín**
**21.00 Life's Too Short**
**21.30 Wallander**
**23.05 Anna Pihl**
**23.50 Crossing Lines**
**00.40 Stelpurnar**
**01.00 Gatan mín**
**01.25 Life's Too Short**
**01.55 Wallander**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### BÍÓSTÖÐIN

**07.10 The Big Wedding**
**08.40 Think Like a Man** Fjórar konur eru að gefast upp á eiginmönnum sínum sem vilja ekki haga sér eins og þeim hentar.
**10.40 Life of Pi**
**12.45 Pitch Perfect**
**14.35 The Big Wedding** Gamanmynd frá 2013 með Robert DeNiro, Katherine Heigl, Diane Keaton, Amanda Seyfried, Topher Grace, Ben Barnes, Susan Sarandon og Robin Williams í aðalhlutverkum.
**16.05 Think Like a Man**
**18.05 Life of Pi**
**20.10 Pitch Perfect** Skemmtileg mynd þar sem tónlistin er í aðalhlutverki.
**22.00 Mission. Impossible II** Mögnuð hasarmynd með Tom Cruise og Thandie Newton í aðalhlutverki.
**00.05 Gimme Shelter**
**01.45 Season of the Witch**
**03.20 Mission. Impossible II** M

### RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**07.08 Kóalabræður**
**07.18 Kalli og Lóa**
**07.30 Pósturinn Páll**
**07.45 Eðlukrúttin**
**07.56 Veistu hvað ég elska þig mikið**
**08.07 Músahús Mikka**
**08.30 Úmízúmí**
**08.53 Babar**
**09.16 Kata og Mummi**
**09.27 Kafteinn Karl**
**09.40 Skrekkur íkorni**
**10.04 Undraveröld Gúnda**
**10.20 Hvolpafjör**
**10.40 Sætt og gott**
**10.50 Drengjaskólinn**
**11.20 Körfuboltalandsliðið**
**11.50 Útsvar**
**12.55 Kvöldstund með Jools Holland**
**14.00 Golfið**
**14.30 Treystið lækninum**
**15.20 Mótorsport 2015**
**15.55 Íþróttaafrek sögunnar**
**16.25 Ástin grípur unglinginn**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Franklín og vinir hans**
**17.43 Unnar og vinur**
**18.15 Mótorsystur**
**18.30 Best í Brookly**
**18.54 Lottó** *(51)*
**19.00 Fréttir**
**19.20 Íþróttir**
**19.35 Veðurfréttir**
**19.40 Saga af strák**
**20.05 Nikulás fer í sumarfrí**
**21.45 Heitt í kolunum**
**23.45 Barnaby: Morðin í ræktinni**

### SKJÁREINN

**06.00Pepsi MAX tónlist**
**08.05 The Talk**
**08.45 The Talk**
**09.25 The Talk**
**10.05 Dr. Phil**
**10.45 Dr. Phil**
**11.25 Cheers**
**11.50 Playing House**
**12.10 Men at Work**
**12.35 30 Rock**
**13.00 Parks & Recreation**
**13.25 Reckless**
**14.15 The Voice**
**15.45 The Voice**
**16.30 Psych**
**17.15 Scorpion**
**18.00 Jane the Virgin**
**18.45 The Biggest Loser**
**19.30 The Biggest Loser**
**20.15 For Love of the Game** Dramatísk mynd með Kevin Costner og Kelly Preston í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Sam Raimi. 1999.
**22.35 Goya's Ghosts**
**00.30 Allegiance**
**01.15 CSI**
**02.00 For Love of the Game**
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** PGA Championship 2015 *(2.4)* **15.00** Golfing World 2015 *(59.115)* **15.50** PGA Tour 2015 *(4.4)* **17.35** Inside the PGA Tour 2015 *(30.44)***18.00** PGA Championship 2015 *(3.4)* **23.00** 2015 Players Official Film

### HRINGBRAUT

**12.00** Fólk með Sirrý *(e)* **13.00** Atvinnulífið *(e)* **13.30** Fólk og frumkvæði *(e)* **14.00** Mannamál *(e)* **14.30** Matjurtir *(e)* **14.45** Golf með Eyfa *(e)* **15.15** 433 *(e)* **15.45** Grillspaðinn *(e)* **16.00** Við árbakkann *(e)* **16.30** Lífsins list *(e)* **17.00** Afsal *(e)* **17.30** Vesturfarar *(e)* **18.00** Lífsins list *(e)* **18.30** Kvennaráð *(e)* **19.00** Herrahornið *(e)* **19.15** Vesturfarar *(e)* **19.45** Grillspaðinn *(e)* **20.00** Herrahornið *(e)* **20.15** Matjurtir *(e)* **20.30** Kíkt í skúrinn *(e)* **21.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **22.00** Fólk með Sirrý *(e)* **23.00** Atvinnulífið *(e)* **23.30** Fólk og frumkvæði *(e)*

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ego dekor

# ÚTSALAN ER HAFIN 20 - 50% AFSLÁTTUR

-25%



ATLAS tungusófi
Stærð: 292X173cm
Verð: 253.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 189.750,-

-25%



MONACO tungusófi
Stærð: 291X168cm
Verð: 238.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 178.500,-

-20%



COSTA hornsófi
Stærð: 310X180cm
Verð: 235.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-

-25%



KENT tungusófi
Stærð: 234X165cm -færanleg tunga
Verð: 185.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 138.750,-



MOBI borðstofuborð - spónlagður askur
200X100cm Verð: 89.000,- ÚTSÖLUVERÐ: 62.300,-
160X90cm Verð: 66.000,- ÚTSÖLUVERÐ: 46.200,-

-30%

-40%



MOBI TV skenkur
Breidd: 195cm – spónlagður askur
Verð: 109.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 65.400,-

-25%



GLERBORÐ -hvítt háglans
Stærð: 180X100cm
Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 73.500,-




-50%

MYNDIR 58X58cm
ÚTSÖLUVERÐ: 2.450,-

-25%



MOBI sófaborð
spónlagður askur
Stærð: 120X60cm
Verð: 39.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 29.250,-

-30%



STÓLL 133-7
Verð: 13.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 9.730,-

-30%



STÓLL 234
Verð: 15.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 11.130,-



-30%

CODY stóll
Verð: 17.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: lau: 10.00 - 16.00 sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is



## NÆRMYND

# Þóra Tómasdóttir

**MAKI** Arnar Ásgeirsson

Þóra Tómasdóttir hefur komið víða við í fjölmiðlageiranum á Íslandi. Hún var meðal annars í Kastljósi, ritstjóri Nýs Lífs og hefur tekið að sér ýmis fjölmiðlaverkefni enda fær í því sem hún gerir. Hún stendur fyrir Festival of Failure um helgina en í þetta sinn verður áherslan lögð á tónlistarsviðið.



**Sóley Tómasdóttir**
**systir**

„Ég mundi segja að hún væri það frökk að það jaðrar stundum við ósvífni. Hún hikar ekki við að taka áskorunum og tekst oft vel upp en kann að meta lærdóminn sem hún dregur af klúðri. Hún er líka sjúklega fyndin, kaldhæðin og skemmtileg.



**Guðrún Jónsdóttir**
**móðir**

„Hún er stundum eins og fugl sem tyllir niður fæti og er svo floginn fljótt burt hvort sem það varðar búsetu eða vinnu. Hún vill hafa frelsi til þess að gera það sem henni dettur í hug og vera það sem henni dettur í hug. Hún puntar upp á matarborðið með skemmtilegum umræðum.



**Kristín Tómasdóttir**
**systir**

„Hún er ótrúlega mikill töffari en í senn mjög viðkvæm. Alltaf með mörg járn í eldinum og er rosalega fylgin sér og trygglynd.



**VINSÆLIR** Vinsældir hljómsveitarinnar Kaleo aukast sífellt í Bandaríkjunum og fór söngvari Kings of Leon fögrum orðum um sveitina á tónleikunum á fimmtudagskvöldið. MYND/STROUD ROHDE

# Tónlist Kaleo spiluð á 50 útvarpsstöðvum

**Söngvari Kings of Leon fór fögrum orðum um Kaleo og sagðist oft hafa heyrt í henni í bandarísku útvarpi. Lagið All the Pretty Girls spilað víða um Bandaríkin.**

Hljómsveitin Kaleo fékk gott hrós frá Caleb Followill, söngvara Kings of Leon, þegar Kaleo hitaði upp fyrir sveitina á tónleikum í Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöldið. Þegar leið á tónleikana þakkaði Caleb Kaleo fyrir spilamennskuna og sagðist hafa heyrt mikið í henni í bandarísku útvarpi. „Þetta er sífellt að aukast. Ég held að All the pretty girls sé spilað á rúmlega fimmtíu útvarpsstöðvum í dag,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og gítarleikari Kaleo, spurður út í vinsældir hljómsveitarinnar í bandarísku útvarpi.

Sveitin gerir út frá Austin í Texas og hafa hljómsveitarmeðlimir verið búsettir í Bandaríkjunum síðastliðna mánuði. Hún hefur talsvert komið fram í útvarpsstöðvum vestanhafs, annars vegar í svokölluðum „live sessionum“ og hins vegar viðtölum. Nú síðast kom sveitin fram í live session á Sirius XM, sem er ein stærsta gervihnattaútvarpsstöðin í Bandaríkjunum.

Jökull segir að sveitirnar hafi ekki hist formlega í kringum tónleikana á Íslandi. „Við hittum þá ekki formlega en ég reyndar fór inn til þeirra þegar ég ruglaðist óvart á búningsherbergjum,“ segir Jökull og hlær. Hann segir þó að Suðurríkjarokkararnir hafi tekið vel í heimsókn Jökuls í búningsherbergið. „Annars náðum við því miður ekkert að hitta þá eftir tónleikana enda vorum við að fara í flug snemma um nóttina.“

Liðsmenn Kaleo eru aftur komnir til Bandaríkjanna og fram undan er þétt tónleikadagskrá víða um Bandaríkin og upptökur.

Kings of Leon og Kaleo eru hjá sömu bókunarskrifstofu í Bandaríkjunum, WME, og ef marka má tónleikana á Íslandi virðast þær mynda gott teymi. Er Kaleo að fara að deila sviði með Kings of Leon á næstunni? „Ja, hver veit? Það hefur reyndar ekkert verið minnst á það en það væri gaman í framtíðinni,“ segir Jökull.

Tónleikagestir í Laugardalshöllinni voru augljóslega mjög hrifnir af Kaleo og vildu heyra meira þegar sveitin kláraði sitt prógramm. „Stemmingin var frábær og það var mjög gaman að sjá að fólk var mætt snemma,“ segir Jökull alsæll eftir Íslandsferðina.

gunnarleo@frettabladid.is

# Frá Cannes til Hólmavíkur

**Hrútaþuklseinvígi á milli leikaranna Sigga Sigurjóns og Theodórs Júlíussonar.**

Íslandsmót í hrútadómum verður haldið á Sauðfjársetrinu á Hólmavík sunnudaginn 16. ágúst og þar munu aðalleikarar kvikmyndarinnar Hrútar, Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson, heyja einvígi í hrútaþukli.

Hrútum þykir fátt skemmtilegra en að stangast á og því má vænta þess að baráttan verði hörð og ekkert gefið eftir. „Ég tapaði náttúrulega fyrir Tedda í myndinni, en það var auðvitað bara skáldskapur, hið sanna mun koma í ljós núna á sunnudaginn,“ segir Siggi Sigurjóns sigurviss.

Jafnan er góð þátttaka í hrútadómunum, bæði í flokki þaulreyndra hrútadómara og líka í flokki óvanra hrútaþuklara. Óhætt er að segja að félagarnir hafi öðlast töluverða reynslu í meðhöndlun hrúta við gerð myndarinnar. „Siggi á ekki séns, hann hefur bara ekki sömu næmni og ég. Það verður skemmtilegt að rúlla honum upp,“ segir Theodór.

Keppnin hefst klukkan 14.00. -glp



**EINVÍGI** Siggi Sigurjóns og Theodór Júlíusson etja kappi í hrútaþukli.





Fyrir þínar bestu stundir

Þú finnur bæklinginn á dorma.is



**Boogie**
hægindastóll

Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 KR.**



**Boogie**
hægindastóll

Slitsterkt áklæði.
Margir litir.

**Fullt verð: 54.900 kr.**

KLASSÍSK hönnun

Aðeins **43.900 KR.**

**TORONTO**
rafmagnslyftistóll
tvær stærðir

Stillanlegur hægindastóll.
Svart standart leður.

**Fullt verð frá: 179.900 kr.**

Dormaverð í ágúst frá:

**139.900 kr.**



**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

**Afgreiðslutími**
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
**www.dorma.is**

DORMA
Láttu drauminn rætast


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# Góða skemmtun!

Arion banka mótið í fótbolta fer fram á félagssvæði Víkings í Fossvoginum núna um helgina. Um 2.300 stelpur og strákar taka þátt og óskum við þeim öllum góðs gengis og góðrar skemmtunar.

**Fjármál eru líka fyrir börn**
Spariland er krakkaþjónusta Arion banka. Með henni viljum við vekja áhuga barna á sparnaði og efla fjármálalæsi þeirra með skemmtilegum ævintýraheimi og vönduðum hvatagjöfum. Á spariland.is má finna góðar upplýsingar um það hvernig við getum talað um peninga við börnin okkar.

Íbúar Sparilands, þau Bíbí, Blaki og Ari, verða á mótinu og heilsa upp á keppendur og gesti.

**Allir velkomnir.**

Arion banki

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




## BAKÞANKAR


**Pawels Bartoszek**


# Nei, Pútín

Ísland ullaði á Pútín. Pútín kýldi okkur í magann. Nú vilja sumir að við segjum: „Vó! Sorrý! Eigum við ekki að tala saman um þetta?“ Viðskiptaþvinganirnar sem Íslendingar tóku þátt í gegn Rússlandi gengu út á að selja ekki vopn. Síðan voru settar takmarkanir á viðskipti í orku- og bankageirunum, ferðabann var sett á 150 einstaklinga og eignir þeirra frystar. Þátttaka Íslands í þessum aðgerðum hefur auðvitað hverfandi áhrif á rekstur og líf þar í landi. Þær viðskiptaþvinganir sem við fáum í bakið eru mun alvarlegri.

**VESTRÆN** samvinna var lengi kjarninn í stefnu íslenskra hægrimanna. En nú hefur Morgunblaðið ásamt hluta Sjálfstæðisflokksins blásið til sóknar og vilja þau rjúfa samstöðu vestrænna ríkja vegna hagsmuna útgerðarinnar sem má ekki lengur selja fisk til Rússlands. Það má hafa samúð með fyrirtækjum sem missa viðskipti en málið snýst um þjóðarhag, þjóðarhag til lengri tíma litið.

**MEÐ** þessum aðgerðum, sem beinast að fjórum smáríkjum, er stórveldið að þreifa fyrir sér. Aðgerðunum er að sjálfsögðu ætlað að breyta stefnu Íslands. Ef það gengur eftir þá koma öfgahægrimennirnir í Frakklandi og Ungverjalandi og fara að þrýsta á um svipað. Samstaðan mun hrynja og Pútín getur haldið áfram að tálga í sundur nágrannaríki Rússlands með hervaldi.

**UMHVERFIS** Ísland er 200 mílna landhelgi. Okkar fáu varðskip geta vitanlega ekki varið þessa eign okkar að ráði, nema hugsanlega fyrir einstaka veiðiþjófi á furðufána. Við eigum allt okkar undir því að borin sé virðing fyrir alþjóðalögum og landhelgi ríkja sé virt. Í ýtrustu neyð þurfum við síðan að reiða okkur á það að aðrar þjóðir verði tilbúnar til að leggja líf eigin borgara í hættu til þess að við fáum áfram að eiga okkar fisk í friði. Við getum ekki ætlast til að þær geri það umhugsunarlaust ef við sjálf erum ekki til í að færa neinar fórnir.





# Klár í skólann!

Í lokakafla sumars er komið að föstum liðum eins og venjulega, flestum til ánægju eftir notalegt frí. Skólarnir hefjast fljótlega að nýju og þótt mögulega sé örlítill skrekkur í sumum, þá er eftirvæntingin yfirleitt í aðalhlutverki. Nýtt skóladót er spennandi og margir sem leggja mikinn metnað í valið. IKEA býður nú upp á nýja línu af fallegum gæðaskólavörum, sem lífga upp á haustið. Haustlitirnir hjá okkur eru bjartir og líflegir enda skemmtilegir tímar framundan. Vertu klár í skólann!

Nýtt
295,-/stk.
**TJENIS** pennaveski
B8×L21cm. Ýmsir litir

Nýtt
**TJENIS** stílabækur. A4
Ýmsir litir **795,-/stk.**

Nýtt
**TJENIS** nestisbox. B10×L17,5, H9cm. Ýmsir litir **895,-/stk.**

Nýtt
**TJENIS** merkipennar
Ýmsir litir
**795,-/5 í pk.**

Nýtt
**TJENIS** blýantar
L17cm. Ýmis mynstur
**795,-/4 í pk.**

Nýtt
**TJENIS** klukka
B11×D6, H16cm
Ýmsir litir **1.290,-**

Nýtt
**TJENIS** íþróttatöskur
L38×D20, H35cm
Ýmsir litir **3.590,-/stk.**



Nýtt
895,-
**TJENIS** vatnsflaska. 65cl
H23cm. Ýmsir litir

Nýtt
**TJENIS** kassar. B24×L31, H13cm. Ýmsir litir **795,-/stk.**

Nýtt
**TJENIS** kassar
B23×L11, H11cm
Ýmsir litir
**495,-/stk.**

Nýtt
**TJENIS** smákommóður með sex skúffum B32×D25, H17cm. Ýmsir litir
**2.690,-/stk.**

Nýtt
795,-/stk.
**TJENIS** skrifborðsmottur
B34×L48cm. Ýmis mynstur

Nýtt
**TJENIS** stílabækur. A4
Ýmsir litir **495,-/stk.**

**KNUFF** tímaritahirslur
Birkikrossviður **995,-/2 í setti**

Nýtt
**TJENIS** tússlitir
Ýmsir litir **895,-/10 í pk.**

Nýtt
1.990,-/stk.
**TJENIS** reiðhjólatöskur. B16×L28cm. Ýmsir litir

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

JAFNLAUNAVOTTUN VR

**VEITINGASTAÐURINN**
*Aðeins í ágúst*
Royal kjúklingabringa með parmesanolíu, frönskum, hrásalati og sósu
995,-

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**